



Hagstæðasta bílalánið

FRJÁLSI

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

12. nóvember 2005 — 306. tölublað — 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Hverjir tróna á toppnum?

Hverjir eru áhrifamestu Íslendingarnir undir 35 ára aldri? Fréttablaðið kannaði málið.

ÚTTEKT 44-45

Að kaupa sér ást

„Smekkleysa,“ segir Ellert B. Schram, sem tók ástarbréfi frá móttframlaginu sínu ekki fagnandi.

UPP ÚR EINS MANNS HLJÓÐI 16

Hættir ÍR í handboltanum?

Faðir handboltans í ÍR, Hólmgeir Einarsson, mun leggja það fyrir handknattleiksdeild ÍR að draga liðið úr keppni á Íslandsmóti ef HSÍ hnekkir ekki dómi mótanefndar sem féllst ekki á beiðni ÍR um að seinka leik liðsins gegn ÍBV um einn dag.

ÍÞRÓTTIR 16

VEÐRIÐ Í DAG

ÞAÐ VERÐUR HÆG norðanátt vestanlands en svolítt blástur austanlands. Bjartviðri víða syðra en eljagangur á Norðausturlandi. Víða frost, allt að 6 stig.

VEÐUR 4

STÓRA JÓLAÆVIÞYRÐ
Á LITLA ÍSLANDI

Sjá bls. 22

Mannréttindadómstóllinn lokar á fólk

Íslenskur dómari við Mannréttindadómstól Evrópu segir aðgerða þörf. Þúsundir mála bíði og hundruð bætist við daglega. Jafnvel verður hætt að taka mál frá einstaklingum, sem hafa verið hornsteinn dómstólsins.

MANNRÉTTINDI Davíð Þór Björgvinsson, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu, segir alvarlega íhugað að hætta að taka við málum sem berist dómstólum beint frá einstaklingum.

Davíð Þór segir rætt um hvað beri að gera vegna vinnuálags á dómara og aðra starfsmenn. Hver sem vill og telur sig hafa ástæðu getur kvartað beint til dómstólsins án milligöngu lögmanna eins og venja er fyrir öðrum reglubundnum dómstólum. Þrátt fyrir að stórum hluta málanna sé vísað frá vegna margvíslegra formgalla verða dómara engu að síður að yfirfara hvert og eitt mál og það er tímafrekt. Meðalbiðtími eftir úrskurði mála er tvö til þrjú ár. Sé um virkileg prófmál að ræða geta



þau í verstu tilvikum tekið allt að tíu árum.

Hætti dómstóllinn að taka við málum frá almenningi verður það grundvallarbreyting.

„Ef svo verður er um hneyksli að ræða og mörg skref afturábak frá því sem nú er. Það er lágmarkskrafa að þær þjóðir sem að dómstólum standa veiti honum það

fé sem nauðsynlegt er til að halda starfi sínu áfram með óbreyttu sniði,“ segir Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögamaður og segist ekki hafa mikla trú að til svo röttækra aðgerða verði gripið.

Vandi Mannréttindadómstólsins getur verið mikill. Davíð nefnir sem dæmi mál þar sem lögð var fram kæra vegna seinagangs í tyrkneska dómkerfinu. Seinangangur Mannréttindadómstólsins var engu minni enda tók tæp tíu ár að ljúka málinu. Verði ekkert gert verði það venja fremur en undantekning að hvert og eitt mál taki fleiri ár í meðferð og miðað við þann fjölda sem daglega berist til dómstólsins sé nauðsynlegt að gripið verði til aðgerða fyrr en síðar.

- aþe



HETJANNA MINNST Kenny Scott, 87 ára félagi í Hálandahersveitunum, við minnismerki skoskra hermanna sem féllu í fyrri heimsstyrjöldinni.

87 ár frá lokum fyrra stríðs: Þögn sló á borgir Evrópu

LUNDÚNUM, AP Í gær var þess minnst víða um Evrópu að 87 ár voru liðin frá því samið var um vopnahlé í heimsstyrjöldinni fyrri. Klukkan ellefu að morgni ellefta dags ellefta mánaðar ársins 1918 þögnuðu byssurnar sem höfðu gelt nær linnulaust síðustu fjögur árin á undan. Tíu milljónir hermanna, hjúkrunarfólks og almennra borgara létu lífið í styrjöldinni.

Í Lundúnum sló Big Ben ellefu högg og síðan féll kyrrð yfir Bretland í tvær mínútur. ■



OFAN Í HÉRAÐSVÖTNUM Skagfirskir björgunarsveitarmenn ná hér bílnum upp úr Héraðsvötnum en bílstjórinn kom sér sjálfur á þurr og því næst á sjúkrahús en meðsl hans voru minni háttar.

Bílslys í Skagafirði: Ók ofan í Héraðsvötn

SLYS Ökumaður fór út af veginum áður en hann kom að brúnni yfir vestari ós Héraðsvatna í Skagafirði eldsnemma í gærmorgun og endaði ökuferðin úti í fljóti.

Maðurinn slapp með minni háttar meiðsl og segir lögreglan það mikla mildi því árbakkinn er brattur þar sem bíllinn fór fram af.

Ökumaðurinn var snöggur að koma sér á þurr og húkkaði hann sér því næst far á sjúkrahúsið á Sauðárkróki. Lögreglan kallaði svo á björgunarsveitina til að ná bílnum upp úr Héraðsvötnum.

Ekki sá mikið á bifreiðinni sem þó var ekki ökufer. Lögreglan á Sauðárkróki segir kankvíslega að eflaust fari skjóðurinn þó í gang þegar runnið sé af honum.

- jse

Haldór Ásgrímsson forsætisráðherra um varnarsamstarf við Bandaríkin: Herinn má fara ef hann vill

VARNARMÁL „Ef Bandaríkjamenn telja að hér þurfi ekki að vera sýnilegar varnir verða þeir að segja það, við munum aldrei neyða þá til að vera hér og við munum heldur ekki styðja þá í að vera hér ef þeir vilja ekki vera hér,“ sagði Haldór Ásgrímsson, formaður Framsóknarflokksins, á miðstjórnarfundi í Kópavogi í gær.

Haldór sagði samskipti þjóðanna hafa verið vinsamleg en viðraði þó lítilla aðra kosti. „Það liggur alveg ljóst fyrir í mínum huga að ef samskiptin við Bandaríkin breytast verðum við að treysta samskiptin við Evrópu



HALLDÓR ÁSGRÍMSSON Á miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins.

við það hversu hægt miðaði í viðræðum og sagðist ekki bjartsýnn á að þær skýrðust á næstu mánuðum.

Hann sagði skoðanamun milli Íslendinga og áhrifamanna í Bandaríkjastjórn hafa valdið því að málið væri enn í ólestri þó tæp fimm ár væru liðin frá því að samningur þjóðanna rann út. „Við Íslendingar getum ekki verið sáttir við það að þessi mál séu með þessum hætti mikið lengur og við verðum að gera þá kröfu til Bandaríkjamanna að þeir tali skýrar í þessum málum,“ sagði hann.

- jse / sjá síðu 6

Þitt val skiptir máli

Íslenskir dagar

3. til 12. nóvember í

EK FJARDARKAUP

þér að gæði

Íslenskir framleiðendur SI



SPURNING DAGSINS

Gunnar, ertu sópran eða alt?

„Allt í senn.“

Óperustjóri tekur vel í hugmyndir Gunnars I. Birgissonar bæjarstjóra um óperuhús í Kópavogi. Á föstudag birtist mynd í Fréttablaðinu af Gunnari þar sem hann þandi raust sína en hann verður seint sagður mjórma.

Davíð Oddsson seðlabankastjóri um verðbólguþækkunina:

Vaxtahækkunir að skila sér

EFNAHAGSMÁL Davíð Oddsson seðlabankastjóri segir að lækkun verðbólgunnar hafi engin áhrif á ákvörðun bankans um hækkun stýrivaxta sem búist er við í byrjun desember.

„Það er jákvætt að langtíma-verðbólga skuli lækka en varasamt að horfa á einn mánuð og draga af miklar ályktanir. Það er jákvæð vísibending að olíuverð verði stöðugra og hækkun á íbúðaverði virðist ganga til baka. Þetta getur haft jákvæð áhrif á mælingu vísitölu yfir tólf mánaða tímabil,“ segir hann.

Davíð segir að áhrif vaxtahækkana Seðlabankans hafi skilað sér



upp á síðkastið í hækkun á langtímavöxtum. Allt of snemma sé að

fjalla um með hvaða hætti tilkynning bankans í desember verði. - ghs

OF SNEMMT AÐ RÆÐA UM ÁHRIFIN Davíð Oddsson seðlabankastjóri telur of snemma að ræða hvernig ákvarðanir Seðlabankans verði við útgáfu Penningamála í byrjun desember. Almennt er búist við hækkun stýrivaxta um 0,5 til 0,75 prósentustig.



ÚR UMFERÐINNI Hálfan kom höfuðborgar-búum á óvart. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hálka á höfuðborgarsvæðinu:

Á fjórða tug árekstra

LÖGREGLA 31 árekstur varð í Reykjavík í gær. Þar á meðal varð einn fjögurra bíla árekstur fyrir utan Stjórnarráðið skömmu eftir hádegi.

Þá rann fólksbíll á ljósastaur á Hverfisgötu. Bæði bíllinn og staurinn skemmdust töluvert. Orsök flestra árekstranna má rekja til hálfu, að sögn varðstjóra hjá lögreglunni í Reykjavík. Engin slys urðu á fólki í óhöppunum. Tveir minni háttar árekstrar urðu í Kópavogi og einn í umdæmi lögreglunnar í Hafnarfirði. ■

Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktssdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugs málsins eins og það hefði kostið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttneamt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

Landsbanki hækkar vexti á íbúðalánnum

Aðalhafgræðingur Seðlabankans segir þá ákvörðun Landsbankans að hækka vexti íbúðalána skynsamlega. Bankinn hækkar vexti sína í 4,45 prósentum. Hækkunin hefur ekki áhrif á eldri lán en hækkar greiðslur nýrra lána.

FASTEIGNALÁN Landsbankinn ákvað í gær að hækka vexti íbúðalána sinna úr 4,15 prósentum í 4,45 prósent. Vaxtabreytingin hefur ekki áhrif á eldri íbúðalán.

Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, segir ákvörðunina tekna í ljósi þeirrar hækkunar sem verið hafi á ávöxtunarkröfu á markaði. „Við erum banki sem byggist á markaðslögmálum og viljum ekki niðurgreiða eina vöru á kostnað annarrar.“ Hann segir að hækkun Seðlabankans á stýrivöxtum hafi nú loksins farið að hafa áhrif á langtímavexti. „Lykillinn að mjúkrri lendingu byggist á fasteignamarkaðnum og besta leiðin til að róa hann er að hækka vexti íbúðalána. Við trúum því að við séum að vinna að langtíma-hagsmunum viðskiptavina okkar með þessu, því þeir eru að verðbólga haldist lág og að vextir verði þannig að þeir verði lágir þegar til lengri tíma er litið.“ Sigurjón segir að forsenda þess sé að stöðugleiki



BANKASTJÓRAR LANDSBANKANS Landsbankinn hækkar vexti íbúðalána sinna í gær. Aðalhafgræðingur Seðlabankans segir ákvörðun bankans skynsamlega en hann hefði frekar búist við að íbúðalánasjóður myndi leiða hækkunarferli vaxta á íbúðalánnum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

ÁHRIF VAXTAHÆKKUNAR Á LÁN

Tíu milljóna króna lán til fjórutíu ára. Greiðslubyrði á mánuði.

Vextir	greiðslubyrði
4,15%	42.732 kr. á mánuði
4,45%	44.635 kr. á mánuði

Hækkun 1.903 kr. á mánuði.



haldist. Hann segir að með þessu styðji bankinn við viðleitni Seðlabankans til að draga úr þenslu í efnahagslífinu.

Vextir á þeim peningum sem sóttir eru á markað til að fjármagna íbúðalán hafa hækkað að undanförunu um 0,4 til 0,9 prósent og miðað við núverandi stöðu er óhjákvæmilegt að vextir íbúðalánasjóðs muni hækka eftir næsta útboð sjóðsins. Álag á útboðsgengi bréfa sjóðsins er lögbundið. Það útboð hefur látið á sér standa og er það talið vera vegna þess að sjóðurinn á fé vegna uppgreiðsna sem standa undir útlánnum. Hallur Magnússon hjá Íbúðalánasjóði segir ákvörðun Landsbankans skynsamlega. „Við munum taka ákvörðun um vexti okkar útlána eftir næsta útboð,“ segir hann en ekki er ákveðið hvenær það verður.

Arnór Sighvatsson, aðalhafgræðingur Seðlabankans, segir

ad hækkun vaxta íbúðalána komi ekki á óvart. „Það var tímaspursmál hver myndi ríða á vadið, en það kemur á óvart að það hafi verið Landsbankinn. Maður hefði búist við því að Íbúðalánasjóður myndi hefja þetta ferli. Þetta er skynsamlegt hjá þeim,“ segir Arnór.

Haukur Oddsson, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Íslandsbanka, og Friðrik Halldórsson, kollegi hans í KB banka, taka báðir undir orð Arnórs og segja að miðað við þróun vaxta hafi hækkun legið í loftinu. Þeir segja ekkert um það ákveðið hvort eða hvenær vaxtabreytinga á íbúðalánnum sé að vænta hjá þeirra bönkum.

Verð húsnæðis hefur undanfarin misseri verið meginástæða hækkandi verðbólgu. Helstu ástæður fasteignahækkana eru aukinn kaupmáttur og lægri vextir íbúðalána.

haffliði@frettabladid.is

Danskir ríkisstarfsmenn:

Veikir í tvær vikur á ári

DANMÖRK Munurinn á fjölda veikindadaga ríkisstarfsmanna og starfsmanna einkafyrirtækja í Danmörku hefur aukist undanfarin ár.

Ríkisstarfsmenn verða veikir að meðaltali 14,5 daga á ári en aðrir launþegar í átta daga. Aukinn munur skýrist af bættri mætingu starfsmanna í einkageiranum. Veldur þessi þróun töluverðum áhyggjum meðal samtaka opinberra starfsmanna.

Haft er eftir forsvarsmanni eins þeirra í Berlingske Tidende í gær að það sé helst vaktavinnufólk og þeir sem vinni erfiðisvinnu sem oftast verði veikir. - ks

Fæðingar- og foreldraorlof:

Fróði braut á ritstjóra

RETTINDAMÁL „Ég vildi fá staðfestingu á því að þessi uppsögn væri ólögleg. Ég vildi einnig minna atvinnuveitendur á að þessi uppsagnarvernd í fæðingarorlofslögunum er í gildi og hana ber að virða,“ segir Lóa Aldísardóttir fjölmiðlakona.

Úrskurðarnefndin í fæðingar- og foreldraorlofsmálum úrskurðaði í fyrradag að tímaritaútgáfan Fróði hafi brotið fæðingarorlofslög í máli Lóu sem þá var ritstjóri Húsa og híbýla.

Brotið felst í því að Lóa átti ekki þess kost að hverfa aftur að fyrri starfi sínu né sambærilegu starfi á loknu fæðingarorlofi.

„Mér sýnist sem atvinnurekendum virði ekki þetta ákvæði því ég þekki fleiri dæmi þess að fólki hafi verið sagt upp í fæðingarorlofi,“ segir Lóa. Hún segir þennan úskurð vera sér nægan og hún hugist ekki fara með málið fyrir dómstóla. -jse

Ótti um sjálfsmorðsárás:

Flugmaðurinn hafði millilent

SVÍÐJÓÐ Flugvellinum í Karlstad í Svíþjóð var lokað um hádegisbilið í gær þar sem maður var grunaður um sjálfsmorðssprengjuárás.

Maður sást á vappi með nokkrar töskur nálægt flugturninum og var strax hringt úr síma flugmálastjórnarinnar á velli og lögregluna.

Flugstöðin var rýmd, flugvellinum var lokað og björgunarsveitinn mætti á staðinn meðan lögreglan rannsakaði svæðið. Engin sprengja fannst enda kom í ljós að um var að ræða flugmann sem hafði millilent á flugvellinum. ■

Al-Kaída segir sprengjumennina í Amman hafa verið fjóra:

120 manns teknir höndum

AMMAN, AP Jórdönsk yfirvöld skýrðu frá því í gær að 120 manns hefðu verið teknir fastir í tengslum við hryðjuverkin í Amman á miðvikudagskvöld. Al-Kaída segir í yfirlýsingu að sjálfsmorðsprengjumennirnir hafi verið fjórir en ekki þrír eins og í upphafi var talið. Nú hefur verið staðfest að 57 fórust í árásum á þrjú hótél í Amman á miðvikudagskvöldið en þetta er mannskæðasta hryðjuverk sem framið hefur verið í Jórdaníu.

Í gær birtist á vefsíðu, sem sögð er tengjast al-Kaída í Írak, þriðja yfirlýsingin þar sem samtökin játa verknadinn. Þar er því haldið fram að árásmennirnir hafi verið fjórir, en ekki þrír, þar af ein kona. Ekki hefur tekist að ganga úr skugga um áreiðanleika yfirlýsingarinnar.

Þá greindi jórdanska lögreglan frá því að 120 manns hefðu verið handteknir í tengslum við hryðju-



MÓTMÆLT Í AMMAN Þúsundir Ammanbúa mótmæltu hermdarverkunum í gær, annan daginn í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

verkin og stóðu skýrslutökur yfir í allan gærdag.

Flestir hinna handteknun eru sagðir Jórdanar og Írakar. Þúsundir Jórdana flyktast annan daginn

í röð út á götur höfuðborgarinnar og hrópuðu ókvæðisorð að landa sínum, Abu Musab al-Zarqawi, en hann er talinn höfuðmaður al-Kaída í Írak. - shg

4 SÆTI

METS.LISTI EYMUNDSSON 9. nóv.

„Ég hef lengi beðið eftir þessari bók um lífsgildin og las hana mér til mikillar ánægju. Þetta er áttaviti sem vísar veginn.“

Vigdís Finnbogadóttir

JPV ÚTGAFA
www.jpv.is

NÝTT KORTATÍMABIL!



Síðasta helgin!
LEGO
í Vetrargarðinum
í Smáralind

Stórglæsileg 50 ára afmælisýning LEGO í Vetrargarðinum 3. - 13. nóvember.
Njóttu skemmtilegra stunda með börnunum í Smáralind og gerðu jólaínnkaupin í leiðinni.



YFIR MILLJÓN GJAFIR
Í EINUM PAKKA!

Rafræna gjafakortid í Smáralind er jólagjöf sem hittir alltaf í mark. Nýtt og fallegt jólagjafakort - gegn vægu gjaldi þökkum við kortinu í fallega gjafaöskju. Þú færð gjafakortid á þjónustuborði Smáralindar á 1. hæð.



GENGIÐ			
GENGI GJALDMÍÐLA 11.11.2005			
KAUP SALA			
	Bandaríkjadalur USD	61,82	62,12
	Sterlingspund GBP	107,62	108,14
	Evra EUR	72,32	72,72
	Dönsk króna DKK	9,697	9,753
	Norsk króna NOK	9,339	9,395
	Sænsk króna SEK	7,549	7,593
	Japanskt jen JPY	0,5236	0,5266
SDR		XDR	88,04 88,56
Gengisvísitala krónunnar			
102,5038			
<small>HEIMILD: Seðlabanki Íslands</small>			

Heimildarkvikmyndin Skuggabörn:

Sýslumaður hafnaði lögbanni

DÓMSMÁL Sýslumaðurinn í Reykjavík hafnaði í gær lögbannskröfu á sýningu heimildarkvikmyndarinnar Skuggabörn og var hún frumsýnd í gærkvöld í Regnbognum eins og áætlað var.

Skuggabörn fjallar um undirheima Reykjavíkur og í henni er fylgst með blaðamanninum Reyni Traustasyni sem rannsakar að hefur þá veröld síðastliðin tvö ár. Við sögu í henni kemur ungur maður sem lést eftir að myndin var gerð og var það móðir hans sem óskaði eftir lögbanni vegna myndskreiðs af honum látnum. Var myndskreiðið klippt út en konan hélt lögbannskröfu sinni



UNA GLAÐIR VIÐ SITT Aðstandendur Skuggabarna önduðu léttar í gær eftir að Sýslumaðurinn í Reykjavík hafnaði lögbannskröfu á myndina.

til streitu. Féllst sýslumaður ekki á rök hennar en myndin verður sýnd í Sjónvarpinu næstkomandi þriðjudagskvöld.

Hryðjuverkalög í Danmörku:

Frumvarpið verður mildað

DANMÖRK Danska ríkisstjórnin íhugar nú breytingar á frumvarpi um varnir gegn hryðjuverkum. Í frétt Berlingske Tidende segir að þetta sé gert í kjölfar niðurstöðu breska þingsins um að fella sams konar frumvarp þar í landi.

Talið er líklegt að heimildir til símahlerana og myndbandsupptöku á opinberum stöðum verði ekki eins rúmar og upphaflega var gert ráð fyrir.

Frumvarpið hefur töluvert verið gagnrýnt í Danmörku, ekki síst af þingmönnum ríkisstjórnarflokkanna.

- ks



SÁ Á FUND SEM FINNUR Auðvelt er að finna ódýr flugfargjöld gegnum Google.

Ný þjónusta Google:

Finnur ódýr flugfargjöld

NETIÐ Nú hefur stórfyrirtækið Google blandað sér í slaginn um þá viðskiptavini sem ferðast hvað mest og býður nú nýja þjónustu þar sem allir eiga að geta fundið ódýrustu flugmiða sem völ er á gegnum vefsíðu fyrirtækisins.

Þetta er í sjálfu sér ekkert nýmæli enda önnur vefsetur sem þetta hafa boðið lengi en Google leitar víðar en hingað til hefur þekkt og ekki ólíklegt að leitarvél þess eigi eftir að skjóta öðrum slíkum ref fyrir rass. ■

Hegðun fólks í eldhúsinu:

Svíar og Japanar njóta ásta

GALLUP Engar þjóðir njóta ásta jafn mikið í eldhúsinu eins og Svíar og Japanir. Fimmti hver einstaklingur í þessum löndum segist hafa stundað ástarleiki í eldhúsinu einu sinni eða oftar. Þetta eru niðurstöður nýrrar Gallup-könnunar sem gerð var fyrir Ikea í 28 löndum.

Áhugi japanskra karlmannna á eldhúsinu virðist einskorðast við kynmök því aðeins þrjú prósent þeirra segjast sjá um matseldina á sínu heimili. Hins vegar eru það Finnar sem skipa efsta sætið þegar kemur að því að elda nakinn. Þriðjungur finnsku þjóðarinnar hefur prófað það.

Tilgangur könnunarinnar var að fá betri sýn á hegðun og athafnir fólks í eldhúsinu til að auðvelda vörubrún á innréttingum og áhöldum. ■

Ræningjar léku á lögreglu

Vopnaðir menn rændu peningageymslu öryggisfyrirtækisins Securitas í bænum Jönköping í Svíþjóð í gær. Ljóst er að ræningjarnir afvegaleiddu lögregluna með sprengjuhótun við háskólann í Jönköping en þar eru að minnsta kosti fjórir Íslendingar við nám. Engin sprengja fannst.

SVÍÞJÓÐ Lögreglunni í Jönköping barst tilkynning um að sprengja væri í bíl við Háskólabókasafnið þar í bæ um hálf átta leytíð í gærmorgun. Á sama tíma rændu fjórir til sjö vopnaðir menn peningageymslu öryggisfyrirtækisins Securitas. Ræningjarnir óku pallbíll í gegnum hurð á öryggisfyrirtækinu og flúðu af vettvangi á bílum og mótorkjólum.

Tæplega tíu þúsund nemendum og starfsfólki skólans var gert að yfirgefa háskólasvæðið á meðan lögreglan leitaði sprengjunnar. Síðdegis kom í ljós að engin sprengja var í bílnum. Arnar Viðarsson, sem stundar nám við Alþjóða viðskiptaháskólann í Jönköping, var meðal nemenda sem var gert að rýma háskólasvæðið. „Nemendur voru beðnir að yfirgefa skólann en þetta fór allt saman mjög rólega fram,“ segir Arnar sem áttaði sig ekki á því í fyrstu hvers vegna byggingarnar voru rýmdar. „Nei, ég varð



RÓBÓTAR LEITA SPRENGJU Sænska lögreglan beitti yfstrustu varkárni vegna sprengjuhótunar ræningjanna við Háskólann í Jönköping og notaði fjarstyrða róbóta til að ganga úr skugga um það hvort sprengja væri í bílnum eða ekki. Stóru svæði í kringum skólann var lokað af meðan á leitinni stóð en engin sprengja fannst.

MYND/HENRIK SEVERED



ARNAR VIÐARSSON Einn þeirra nemenda sem var gert að yfirgefa háskólasvæðið í Jönköping vegna sprengjuhótunar. Hann kippti sér ekki upp við tilstandið.

ekki hræddur. Ég fór fyrst að athuga hvort einkunnirnar mínar væru komnar áður en ég áttaði mig á hvað um væri að vera,“ segir Arnar.

Meðan lögreglan gerði viðeigandi varúðarráðstafanir við bókasafnið rændu vopnaðir menn öryggisgeymslu Securitas. Fjórir öryggisverðir Securitas læstu sig inni á meðan ræningjarnir athöfnuðu sig en að sögn vitna tók ránið ekki nema um hálfu mínútu. Lögreglan kom ekki í öryggisgeymsluna fyrr en um klukkustund eftir

ad ræningjarnir voru á bak og burt, þótt það væri einungis tæpur kílómetri á milli öryggisgeymslunnar og háskólabókasafnsins.

Sprengjusveit lögreglunnar í Malmö var kölluð til við háskólabókasafnið. Hún notaðist meðal annars við tvö vélmenn til að ganga úr skugga um hvort sprengja væri í bílnum.

Ekki er vitað hversu miklum peningum ræningjarnir stálu. Að sögn talsmanna Securitas náðu þeir aðeins lítilli fjárhæð en að sögn vitna báru ræningjarnir

fimm peningasekki út úr öryggisgeymslunni.

Ránið í gær er eitt fjölmargra rána sem framin hafa verið í Svíþjóð síðustu mánuði. Í síðustu viku var peningaflutningabíll frá Securitas sprengdur og peningum úr honum rænt. Öryggisverðir Securitas hafa lagt niður störf þar sem þeir óttast um öryggi sitt.

Sérsvait lögreglunnar, sem var sérstaklega stofnuð til að vinna gegn ránum á peningaflutningabílum, hafði ekki verið kölluð út í gærkvöld.

PORIR ÞÚ?

DÝR

Þú heldur kannski að dýrasögur séu bara fyrir smábörn? Það er alrangt. Ekki þessar dýrasögur að minnsta kosti.

Lúmskar og spennandi sögur, fyrir þá sem þora að heyra hvað dýrin hafa að segja!

Frábærar myndir eftir Halldór Baldursson.

KOMIN Í VERSLANIR!

Edna
edda.is

Guðrúnur Arnardóttir
Náttúrufraeðingur

VEÐURSPÁ

um hádegj»

» á morgun

Stíf vestanátt - hlýnar með rigning um allt land.

» mánudagur

Fremur hæg norðlæg eða breytileg átt. Kólnar hratt og má búast við eijum fyrir norðan.

Kaupmannahöfn	9°C skýjað	Paris	12°C rigning	Algarve	18°C heiðskirt
Oslo	9°C rigning	Berlín	13°C heiðskirt	Mílano	18°C heiðskirt
Stokkhólmur	14°C léttskýjað	Frankfurt	13°C heiðskirt	New York	13°C heiðskirt
Helsinki	9°C skýjað	Madrid	13°C heiðskirt	San Francisco	19°C heiðskirt
London	13°C heiðskirt	Barcelona	16°C heiðskirt	Orlando/Florida	25°C léttskýjað

* Svæði þar sem búast má við talsverri væstu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

2.495



Höggborvél, DWT
550 W. Taska og borar fylgja.
5245280

Verkfæri á ótrúlegu verði

2.995



Stingsög, DWT
550 W með framkasti. Taska, vinkill og 20 blöð fylgja.
5245260



Hjólsög, DWT **3.995**
1200 W, 160 mm blað.
5245289



Juðari, DWT **1.595**
140 W, 187x90 mm.
5245284



Smergel, DWT **1.995**
140 W, 125 mm.
5245290

5.995



Bútsög, DWT
1200 W, 210x30 mm.
5245293

**Er allt klárt
fyrir jólin?**



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál



KJÖRKASSINN

Á Fjármálaeftirlitið að birta hvaða fyrirtæki hafa brotið af sér við verðbréfavíðskipti?

Já 40,5%

Nei 59,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætti Óperan að rísa í Reykjavík?

Segðu skoðun þína á Vísí.is



Skoðanakönnun Frjálsrar verslunar fyrir Heim:

Sjálfstæðismenn ynnu borgina

SKODANAKÖNNUN Sjálfstæðismenn fengu hreinan meirihluta ef kosið yrði nú til borgarstjórnar samkvæmt skoðanakönnun sem Frjáls verslun gerði fyrir vefsvæðið heimur.is.

Fylgi flokksins mældist 53 prósent en með slíkt fylgi næði hann nú mönnum inn í borgarstjórn. Samfylkingin mældist með 31 prósent fylgi og fengi því fimm menn og Vinstri grænir sem mældust með 10 prósent fylgi fengu því einn mann. Aðrir flokkar kæmu ekki inn milli.

Einnig kom fram í könnuninni að Stefán Jón Hafstein nýtur meira trausts sem borgarstjóra-

efni Samfylkingarinnar heldur en núverandi borgarstjóri, Steinunn Valdís Óskarsdóttir. 67 prósent þeirra sem tóku afstöðu sögðust treysta honum betur en 33 prósent sögðust treysta Steinunni Valdísi betur. Ekki var mikill munur á milli kynja en þó nýtur Stefán Jón heldur meira fylgis meðal kvenna.

Samtals voru 564 spurðir í þessari könnun sem gerð var dagana 7. til 8. þessa mánaðar. -jse

Í BORGARSTJÓRN

Ef marka má skoðanakönnun sem Frjáls verslun gerði yrðu ýmsar sviptingar í borgarstjórn ef kosið yrði í dag.



Fujimori-málið:

Sendiherra kallaður heim

PERÚ Stjórnvöld í Perú hafa kallað sendiherra sinn í Japan heim sökum þeirrar ákvörðunar japanskra stjórnvalda að berjast fyrir rétti Alberto Fujimori sem bíður nú framsals til Perú frá Chile.

Fujimori hefur bæði perúskt og japanskt ríkisfang og hefur síðastliðin fimm ár búið í Japan í útleig en dvelur nú í fangelsi í Chile.

Verði hann framseldur til Perú bíða hans löng réttarhöld en hann er talinn bera ábyrgð á morðum öryggisveita landsins á uppreisnarmönnum í stjórnartíð sinni sem forseti. ■

Hæstiréttur um lögregluþjón:

Hættulegt og óforsvaranlegt

DÓMSMÁL Hæstiréttur felldi niður greiðslu skaðabóta og sektar sem Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í marslok lögreglumann til að greiða fyrir að hafa ekið lögregluþjón í veg fyrir mótorkjör við Ægisíðu í Reykjavík næstum ári fyrir.

Ökumanni bifhjólsins höfðu verið dæmdar 195.000 krónur í bætur, en Hæstiréttur taldi kröfuna vanræfða og vísaði henni frá dómi. Dómurinn taldi hins vegar bæði hættulegt og óforsvaranlegt af lögreglumanninum að aka í veg fyrir hjólið. Fyrr um kvöldið hafði lögregla elt hóp bifhjólamanna fyrir ofsaakstur.

Hæstiréttur ákvað að fresta refsingu lögreglumannsins í tvö ár og hún fellur niður haldi hann skilorð þann tíma. Litið var til þess að maðurinn hefur ekki áður hlotið refsingu. -óka

LÖGREGLUFRÉTTIR

Slapp ómeiddur eftir bílveltu

Bill valt á Biskupsstungnabraut, skammt frá Svínavatni í gær. Ökumaðurinn var einn í bílnum. Hann virðist hafa sloppið með minni háttar meiðsl en hann var fluttur á sjúkrahúsið á Selfossi til rannsókna.

Sprengjusérfræðingar í útkall

Tveir menn úr sprengjusveit Landhelgisgæslunnar lögðu í gær af stað með björgunarþryllunni Líf til að gera óvirkt tundurdufl sem kom upp með veiðarfærum togarans Þórunnar Sveinsdóttur VE-401. Skipið er stutt á Skrúðsgrunni út af Austfjörðum.

HUNDAEIGENDUR

Tína upp hundaskít Hundaeigendur ætla að gera sér glaðan dag á Geirsnefi í dag og tína hundaskít. Þrátt fyrir að öll aðstaða sé til að hreinsa upp eftir hunda þarna, skortir á hirðu-semi hundaeigenda, sem getur leitt til þess að hundar veikist og jafnvel drepist.



HALLDÓR ÁSGRÍMSSON FORMAÐUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS Halldór fór víða í ræðu sinni í gær og leitaði skýringa á litlu fylgi flokksins. Einnig sagði hann að Seðlabankinn hefði engar forsendur til að halda áfram að hækka vexti. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vill frekar spennu en atvinnuleysi

Halldór Ásgrímsson fór vítt og breitt í ræðu sinni á miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins í Kópavogi í gær. Hann sagði engar forsendur fyrir því að Seðlabankinn héldi áfram að hækka vexti.

STJÓRNMÁL Halldór sagði það eðlilegt að gengið væri hátt um þessar mundir vegna þess hversu þjóðin hefur ætlað sér mikils. „Við höfum einmitt lagt áherslu á það að atvinna sé mikil og viljum við ekki frekar meiri spennu en atvinnuleysi með öllum þeim hörmungum sem því fylgir fyrir heimilin í landinu. Ef ég mætti velja þarna á milli þá vel ég frekar mikla spennu og uppbyggingu heldur en atvinnuleysi,“ sagði Halldór.

Hann sagðist skilja áhyggjur fólks vegna hás gengis og verðbólgu en nú væru vextir húsnæðislána að lækka og eins gengið. „Og að mínu mati er engin forsenda fyrir því, eins og sakir standa,

að Seðlabankinn haldi áfram að hækka vexti um næstu mánaðamót,“ sagði hann.

Halldór sagðist einnig vera bjartsýnn á það að niðurstaða næðist í viðræðum um kjarasamningana svo að þeir héldust með eðlilegum hætti. Halldór leitaði skýringa á því af hverju fylgi við Framsóknarflokkinn mældist jafn lítið í skoðanakönnunum og raun ber vitni um þessar mundir. „Það verður að segjast alveg eins og er að staða Framsóknarflokksins í skoðanakönnunum er ekki ásættanleg.“

„Er það vegna þess að við höfum staðið okkur illa?“ spurði Halldór og svaraði sjálfur neitandi og taldi upp fjölmörg dæmi máli sínu til stuðnings.

„Ég tel hins vegar að við séum sem flokkur og einstaklingar ekki nægilega stolt af okkar verkum,“ sagði hann sem eina af skýringunum og bætti við að framsóknarmenn væru feimnir og hógværir en tækju þó oftast við sér skömmu fyrir kosningar.

Aðra skýringu sagði hann vera þá að framsóknarmenn hefðu ekki komið sínum málum nógu mikið á framfæri og skýrt nægilega vel frá árangri sínum.

Hann sagði mikið liggja við að flokknum tækist vel til í sveitarstjórnarkosningunum í vor því annars myndu menn taka því sem svo að hann sé ekki líklegur til stórræða í alþingiskosningum.

jse@frettabladid.is

Stjórnarmyndun stóru flokkanna í Þýskalandi:

Stjórnarsáttmálinn tilbúinn

ÞÝSKALAND, AP Stærstu stjórnmálaflokkum Þýskalands tókst í gær að ganga frá málefnaþingningi samsteypustjórnar sem Angela Merkel, leiðtogi kristilegra demókrata, mun fara fyrir. Hún verður fyrsta konan sem sest í þýska kanslara-stólinn.

„Við viljum gera meira úr Þýskalandi og við, stóru flokkarnir tveir, viljum með þessum stjórnarsáttmála vinna aftur traust fólks á hæfni stjórnmálamanna (...) og sýna að við getum fengið einhverju áorkað fyrir landið okkar,“ sagði Merkel á blaðamannafundi eftir að stjórnarmyndunarviðræðunum lauk í Berlín í gær, en þær voru langar og strangar.

Stjórnarsáttmálinn verður á mánudag lagður fyrir aukaflokksþing flokkanna, Jafnaðarmannaflokksins SPD, Kristilega demókrataflokksins og systurflokks hans í Bæjaralandi, CSU, en þau



MERKEL HITTI HU Angela Merkel, verðandi kanslari Þýskalands, tók sér tíma frá stjórnarmyndunarviðræðunum til að hitta Hu Jintao Kínaforseta í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

verða að leggja blessun sína yfir hann til að hin nýja „stóra samsteypa“ geti sest að völdum. Gangi allt að óskum mun þingið kjósa

Merkel kanslara hinn 22. nóvember. Nærri fjórutíu ár eru síðan stóru flokkarnir störfuðu síðast saman í stjórn. -aa

Kaupauki

fylgir hverri OROBLU vöru

OROBLU

Kynning á nýju vetrartískunni frá OROBLU í dag kl. 14-18 í Lyf og heilsu, Kringlunni.

Lyf & heilsa
Við hlustum!

25% - 50% afsláttur af öllum ljósum

Fæst aðeins í Hagkaupum Smáralind, Kringlu og markaðinum Óseyri 1 Akureyri



Standlampi 178 cm
m/lesljós
Vnr. 679868

TILBOÐ
5.999 kr
Verð áður 7.999,-

25%
afsláttur

Borðlampi York
burstað stál/gyllt
Vnr. 679893

TILBOÐ
1.499 kr
Verð áður 1.999,-

25%
afsláttur



Borðlampi Tango
burstað stál/gyllt
Vnr. 671865

TILBOÐ
849 kr
Verð áður 1.699,-

50%
afsláttur



Borðlampi Perth
burstað stál/gyllt
Vnr. 671889

TILBOÐ
1.424 kr
Verð áður 1.899,-

25%
afsláttur



Borðlampi Bank
burstað stál/gyllt
Vnr. 671891

TILBOÐ
2.249 kr
Verð áður 2.999,-

25%
afsláttur

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



VEISTU SVARIÐ

- 1 Hver var bæjarstjóri á undan Gunnari I. Birgissyni?
- 2 Um hve margar milljónir hyggst Háskólinn á Akureyri skera niður?
- 3 Hvert ætla hljómsveitin Kamp Knox að halda í byrjun næsta árs?

SVÖRIN ERU Á Síðu 70

Hjörleifur Þórarinnsson, formaður Samtaka framleiðenda frumlyfja:

Lyfjalög um skert einkaleyfi

HEILBRIGÐISMÁL Frumvarp um breytingu á lögum um einkaleyfi er í lokavinnslu í heilbrigðisráðuneytinu en stefnt er að því að heimila framleiðslu á lyfjum sem eru bundin einkaleyfi þegar sérstakar aðstæður stöðja að. Frumvarpið fer brátt til umsagnar í þingflokkum.

Hjörleifur Þórarinnsson, formaður Samtaka framleiðenda frumlyfja, segir að þeir byggi víðurværi sitt á því að framþróun og nýsköpun séu vernduð á einhvern hátt og vilji standa vörð um það. Framleiðendur séu reiðubúnir til aðstoðar í þessu máli.



VILJA FÁ FRUMVARPIÐ TIL UMSAGNAR Hjörleifur Þórarinnsson, formaður Samtaka framleiðenda frumlyfja, segir samtökin hvetja til þess að stjórnvöld setji ekkert í lög sem gangi á skjön við það sem gerist á alþjóðavettvangi. FRÉTTABLAÐIÐ/E.O.

„Lögum er breytt í skjóli samninga Alþjóðaviðskiptamálastofnunar. Ríkisstjórnin er að útfæra þessar heimildir í alþjóðasamningum og innleiða í lög. Norðmenn, Kanadamenn og Þjóðir innan ESB hafa þegar gert þetta og við eigum eftir að sjá hvernig íslensk stjórnvöld túlka og innleiða þennan alþjóðasamning hér á landi,“ segir Hjörleifur.

„Við hvetjum til þess að íslensk stjórnvöld setji ekkert í lög sem gengur á skjön við það sem gerist á alþjóðavettvangi. Við erum bara að bjóða fram okkar aðstoð og þekkingu á þessu sviði.“ - ghs



FRÁ KJÖRSTAD Ýmislegt bendir til að þessi kona hafi greitt Bræðralagi múslima atkvæði sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Egyptsku þingkosningarnar:

Andstæðingar Mubarak tapa

KAÍRÓ, AP Ayman Nour, einn helsti andstæðingur Hosni Mubarak Egyptalandsforseta, missti þingsæti sitt til frambjóðanda stjórnflokksins í fyrstu umferð egyptsku þingkosninganna sem fram fór í vikunni. Einn öflugasti liðsmaður Bræðralags múslima tapaði jafnframt í sínu kjördæmi enda þótt hreyfingin virðist almennt hafa bætt við sig fylgi.

Landskjörstjórn hefur greint frá því að kjörsóknin hafi verið um 34 prósent. Það er skárrí þátttaka en í forsetakosningunum í september þegar 23 prósent kusu. ■

DANMÖRK

Álögur lækkaðar á smáfyrirtæki

Um 75 þúsund smáfyrirtæki í Danmörku sleppa við að greiða sem nemur 10 milljörðum króna fyrir endurskoðun ef tvö lagafrumvörp danska efnahags- og atvinnuáráðherra hljóta samþykki þingsins. Ráðherrann vill losa fyrirtækin við þessi útgjöld í von um að velja þeirra aukist fyrir vikið.

Hætta á Fagradalsvegi

Bílstjórar sem fara um einn fjölfarnasta veg Austurlands leggja sig í stórhættu, segja vegfarendur þar. Vegagerðin er harðlega gagnrýnd fyrir skilningsleysi á ástandinu. Hún treystir sér ekki alltaf til að halda veginum hálkulausum.

SAMGÖNGUR „Bílstjórar eru að leggja sig í stórhættu með því að fara þennan fjölfarna veg um Fagradal og það segir meira um hæfni bílstjóranna en ástand veganna að ekki hafi orðið fleiri slyslíkt þessu á miðvikudag,“ segir Ásgrímur Ásgrímsson, bílstjóri hjá Landflutningum á Egilsstöðum.

Hann vitnar þar til slyssins sem varð þegar sementsflutningabíll snerist á veginum áður en hann fór út af og má mildi heita að enginn hafi mætt bílnum á því augnabliki.

„Á að giska fara um 200 bílar á dag um þennan veg, sem er á sama þjónustustigi og vegurinn um Hellisheiði og því ætti hann að vera hálkufri. Vegagerðin virðist hins vegar ekki hafa nokkurn skilning á því og vegurinn er ísilagður dag eftir dag,“ bætir Ásgrímur við.

Hann segir að margir bílar fari út af veginum daglega og saltreifing Vegagerðarinnar geri lítið sem ekkert gagn.

Einn vegfarandi sem vinnur á Kárahnjúkum og þarf oft að fara veginn á leið sinni til Reyðarfjarðar segist þurfa að setja keðjur undir bíl sinn á jafnsléttum veginum þó hann sé á vetrar-



HÆTTULEGUR VEGUR Séð úr fjarlægð virðist vegurinn auður en þegar nær er komið sést ísingin. Ökumaður steypubilsins áttaði sig ekki á lúmskri hálkunni.

dekkjum og á háannatímum lulli bíll við bíl á ísilögðum vegi. Hann telur þetta óskiljanlega vanrækslu af hálfu Vegagerðarinnar, sérstaklega í ljósi þess að fjöldi fólks sem býi á Héraði sækir vinnu til Reyðarfjarðar.

„Við treystum okkur ekki til þess að halda veginum alltaf auðum,“ segir Páll Þ. Elísson, yfirverkstjóri Vegagerðarinnar á Reyðarfirði. „Hins vegar hefur bara verið nokkuð góð vetrarfærð að undanförun þó einstaka hálkublettir séu kannski hér og

þar. Ef einhver vill sannreyna það má alltaf sjá það á vef Vegagerðarinnar en þar er hægt að sjá vegina úr myndavélum sem við erum með víða við vegi.“

Hann viðurkennir að ekki sé þó ástandið alltaf gott. „Þetta er íslenskur vetur og við gerum okkar besta til að halda þessu í góðu horfi, förum yfir þetta jafnvel sex til sjö sinnum á dag en meira að segja göturnar í Reykjavík eru ekki hálkufriar ef út í það er farið,“ segir hann.

jse@frettabladid.is



KRISTÍN HALVORSEN Norska vinstri stjórmin hyggst hækka skatta á hátekiúfólk. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Norska fjárlagafrumvarpið:

Skatttekjur aukast 2006

NOREGUR Kristín Halvorsen, fjármálaráðherra Noregs, hefur lagt fram endurskoðað frumvarp að fjárlögum fyrir næsta ár. Samkvæmt því hækka skattar og opinber gjöld um 6,4 milljónir norskra króna miðað við það sem ríkisstjórn Bondeviks hafði gert ráð fyrir.

Þetta þýðir tekjuaukningu upp á tæpa 30 milljarða íslenskra króna. Það er þó um 20 milljörðum króna minna en árið 2004 en stefna ríkisstjórnarinnar er að aflaga ríkinu jafn mikilla tekna og þá.

Norska ríkisstjórnin hyggst hækka skatta þeirra tekjuhæstu um 10 prósent. Þá á að breyta skattheimtu á þann veg að fólk með háar tekjur komist ekki lengur upp með að greiða lægri skatta í gegnum fjármagnstekjuskatt. ■

STEINUNN ÓLÍNA
ÁRITAR BÓK SÍNA
KL. 14 LAUGARDAG
Í BÓKABÚÐ MÁLS
OG MENNINGAR,
LAUGAVEGI 18
AÐEINS ÞETTA EINA SINN



„Blússandi húmor ... fín saga ... langt síðan ég hef lesið jafn fallega frásögn af samskiptum mæðna.“

Sigríður Albertsdóttir / DV

„Sterkur rithöfundur með tæran texta og einstaklega skemmtilegan frásagnarmáta, húmor og gáfur. Ég er stórhöfin.“

Sirry Árnardóttir / FÓLK

„Það er kraftur í þessari frásögn, sterk löngun til að segja frá sem smitar lesandann og heldur honum við efnið, dirfska til að takast á við erfiða hluti.“

Halldór Guðmundsson / FRÉTTABLAÐIÐ



HELSINKI Á HAUSTDEGI Karlmaður hefur verið dæmdur í níu ára fangelsi í Helsinki fyrir ofbeldi og kynferðisofbeldi gagnvart tveimur dætrum sínum. Hér má sjá fólk á götu í Helsinki.

Karlmaður beitti dætur sínar kynferðislegu ofbeldi:

Níu ára fangelsi fyrir kynferðisofbeldi

FINNLAND Karlmaður í Helsinki í Finnlandi hefur verið dæmdur í níu ára fangelsi fyrir að beita tvær dætur sínar kynferðislegu ofbeldi í fjölda ára auk annars líkamlegs ofbeldis.

Dómurinn er óvenjulegur en brotin þykja líka óvenjulega gróf. Maðurinn niddist á eldri dóttur sinni í tæp tíu ár, frá því hún var tólf ára. Yngri dótturina beitti hann ofbeldi í tvö ár.


Maðurinn hefur setið inni frá því í vor. Hann var einnig dæmdur til að greiða dætrum

sínum 700 þúsund sænskar krónur eða sem samsvarar sjö milljónum króna í skaðabætur.

Nokkur dæmi hafa komið upp á Norðurlöndum síðustu mánuði þar sem faðir hefur níðst á dóttur sinni. Í einu tilfelli gerði faðirinn dóttur sinni barn, tvisvar sinnum, fyrst þegar hún var þrettán ára. Í öðru tilfelli nauðgaði faðirinn sextán ára dóttur sinni og fékk tveggja ára fangelsisdóm. Í þriðja tilfallinu seldi faðirinn dóttur sína – á netinu. ■

JPV
JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is

Nýr Hilux – Láttu reyna á 'ann Frumsýning í dag



ÍSLENSKA AUGLÍSINGASTOFANIN HJALIS TOYOTA 11/2005

Hilux - hinir sterkustu komast af

Hilux hefur fyrir löngu sannað sig við íslenskar aðstæður. Styrkurinn og aksturseiginleikarnir eru eins og hannaðir fyrir íslenskt umhverfi. Sprengisandur, Miklabraut, Hellisheiði, Krossá: honum eru allir vegir færir. Og þróunin heldur áfram. Nýr Hilux er kominn til landsins. Núna er hann bara betri. **Láttu reyna á 'ann!**

Verið velkomin á Nýbýlavegin í dag, 12. nóvember milli kl. 12 og 16.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**



ROCKEFELLER-TRÉD Eitt frægasta jólatré í Bandaríkjunum var reist á dögnum í New York. Það vegur níu tonn og kemur sem fyrr frá Noregi. Tendra á ljósin á trénu 30. nóvember. MYND/AP

Ný næringarfræðileg rannsókn á kalkbúskap líkamans:

Lýsi á dag kemur beinum í lag

HEILSA „Hingað til hefur verið lögð mikil áhersla á það að fólk taki nóg af kalki en þessi rannsókn leiðir í ljós að það sem skiptir jafnvel meira máli er að fólk fái nóg D-vítamín því án þess er kalkið ekki að virka,“ segir Laufey Steingrimsdóttir næringarfræðingur.

Rannsóknin var unnin á Landspítalanum í samvinnu við Lýðheilsustöð og grein þar sem minnst er á hana birtist í nýjasta tölublaði bandaríska læknatímarisins The Journal of the American Medical Association. Höfundar greinarinnar auk Laufeyjar eru Örvar Gunn-

arsson, Ólafur S. Indriðason, Leifur Franzson og Gunnar Sigurðsson.

„Í þessari grein hvetjum við lækna til að beina þeim tilmælum til sinna skjólstaðinga að taka D-vítamín aukalega þar sem það er að finna í svo fáum fæðutegundum. Lýsi er einnig fyrirtaks lausn á þessu en það innheldur nægilegt D-vítamín.“ Auk lýsisins getur fólk fengið D-vítamín úr síld, laxi og silungi en þar sem slíkt er ekki alltaf á boðstólum hvetur hún fólk til að taka D-vítamíntöflur eða D-vítamínþættar mjólkurvörur.

Það sem gerist ef D-vítam-

ín skortir er að kalkið verður ekki í réttu hlutfalli í blóðinu og því fer líkaminn að vinna kalk úr beinum, sem er ávísun á beinþynningu.

-jse

LAUFHEY STEINGRÍMSDÓTTIR NÆRINGARFRÆÐINGUR Laufey hvetur fólk til þess að taka lýsi, D-vítamíntöflur eða D-vítamínþættar mjólkurvörur eftir að rannsókn hennar leiddi í ljós að það er líkamanum jafnvel enn mikilvægara en að fá mikið kalk.



Fríverslunarsamningar

Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands heldur í samvinnu við EFTA fræðslufund um fríverslunarsamninga **mánudaginn 14. nóvember frá kl. 12:20-13:10 í Odda stofu 101, Háskóla Íslands.**

Aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu hafa aukid mjög gerð fríverslunarsamninga, einnig við lönd sem Evrópusambandið hefur ekki samninga við. Hvaða þýðingu hefur þessi þróun fyrir íslenska hagsmunum og hvernig tengist hún starfsemi alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, WTO?



Fyrirlesari er **Pétur G. Thorsteinsson**, varaframkvæmdastjóri EFTA.

<http://secretariat.efta.int>



Allir velkomnir

www.vidskipti.hi.is



Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands



FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Kynjakvóti stendur

Laganefnd Framsóknarflokksins úrskurðaði í gær að kjörstjórn flokksins í Kópavogi væri heimilt að ákveða jafna skiptingu karla og kvenna í efstu sex sæti listans fyrir sveitarstjórnarkosningar í vor. Prófkjör fer fram í dag.

STJÓRN MÁL Þorgeir Þorsteinsson, sem býður sig fram í 4.-6. sæti í prófkjöri Framsóknarflokks í Kópavogi, kærði ákvörðun kjörstjórnar að í sex efstu sætum sem kosið er um verði þrír af hvoru kyni. Taldi hann þessa ákvörðun ganga lengra en lög Framsóknarflokksins gera ráð fyrir, en í 13. grein lagana segir að við skipan í trúnaðar- og ábyrgðarstöður innan flokksins, sem og við val á framboðslist, skuli hlutur hvors kyns ekki vera lægri en fjórutíu prósent, nema þegar gagnsæjar og augljósar ástæður eru því til fyrirstöðu.

Laganefnd Framsóknarflokksins komst að þeirri niðurstöðu

í gær að ákvörðun kjörstjórnar um kynjahlutfall skyldi standa. Haukur Ingibergsson, formaður kjörstjórnar fyrir prófkjörið, segir að rökstuðningur laganeftar hafi verið að nefndin telji að kjörstjórn hafi leyfi til þess að setja ítarlegri reglur en 13. grein laga flokksins segi til um. Hann bendir á að ekki hafi verið hægt að tryggja kynjahlutfallið yfir settum mörkum með öðrum hætti en að þrír af hvoru kyni yrðu í sex efstu sætum. Ef ákveðið hefði verið að hafa skiptinguna tveir á móti fjórum væri hlutur karla eða kvenna orðinn rúm 33 prósent, en ekki fjórutíu prósent eins og reglur segja til um.

Prófkjörið fer fram í Smáráskóla í dag frá klukkan 10 til 20. Eins og áður segir er kosið um sex efstu sæti listans og eru fjórtán í framboði. Þar af sækjast fimm eftir fyrsta sæti listans. Af þeim fimm er einn bæjarfulltrúi, Ómar Stefánsson. Aðrir eru Jóhannes Valdemarsson, Linda Bentsdóttir, Samúel Örn Erlingsson og Una María Óskarsdóttir.

Talið er að Ómar geti notið þess í baráttunni um efsta sætið



FRÁ KÓPAVOGI Reiknað er með spennandi prófkjöri í Kópavogi í dag og fáir treysta sér til að spá fyrir um hver hljóti fyrsta sætið.

að vera bæjarfulltrúi. Una María hefur einnig starfað að bæjar-málum í tvö kjörtímabil og gæti notið þess, en bæði Ómar og Una María eru talin nokkuð umdeild innan flokksins. Aðrir sem sækjast eftir fyrsta sætinu gætu notið þess. Meðal þeirra er Samúel Örn, sem er þjóðþekkt persóna, og Linda Bentsdóttir, sem hefur verið dugleg að auglýsa upp á síðkastið.

Prófkjörið er opið, sem þýðir að allir Kópavogsbúar sem verða orðnir átján ára 27. maí hafa rétt til að kjósa í prófkjörinu. Ekki er nauðsynlegt að vera flokksbundinn í Framsóknarflokknum.

svanborg@frettabladid.is

PRÓFKJÖR FRAMSÓKNARFLOKKS Í KÓPAVOGI 12. NÓVEMBER

- | | |
|-------------------|--|
| 1. sæti | Jóhannes Valdemarsson
Linda Bentsdóttir
Ómar Stefánsson
Samúel Örn Erlingsson
Una María Óskarsdóttir |
| 1.-3. sæti | Gestur Valgarðsson |
| 1.-4. sæti | Dolly Nielsen
Hjalte Björnsson
Andrés Pétursson |
| 2. sæti | Guðmundur Freyr Sveinsson |
| 2.-3. sæti | Ólöf Pálína Úlfarsdóttir |
| 2.-6. sæti | Þorgeir Þorsteinsson |
| 4.-6. sæti | Hjörtur Sveinsson |
| 5. sæti | Fríðrik Gunnar Gunnarsson |

Ný ljóðabók frá Þórarni Eldjárn



Ný og fjölbreytileg ljóðabók eftir eitt vinsælasta skáld þjóðarinnar, Þórarinn Eldjárn.

Hagmælisgrei um ljóðið

Víst er það löngu ljóst og bert að ljóðið ratar til sinna. Samt finnst mér ekki einskisvert að ýta því líka til hinna.

„Annars er bókin hans Þórarins sérlega fin. Þarna eru bæði rímuð kvæði og órímuð, alvörugefin, glettin, smáskritin og djúpvitur – vald Þórarins á málinu er einstakt.“

Egill Helgason, Silfur Egils, visir.is

Édda
edda.is



KONUR Á BIFRÖST Þessi fríði kvennahópur var á Bifröst í fyrravon en á morgun verða einungis konur meðal fyrirlesara á málþingi um virðisaukaskatt.

Málþing um virðisaukaskatt á Bifröst:

Aðeins konur flytja fyrirlestrana

MENNTAMÁL „Þetta kom eiginlega alveg óvart til,“ segir Bárður Örn Gunnarsson, markaðsstjóri Viðskiptaháskólans á Bifröst, en þar verður haldið málþing um virðisaukaskatt á morgun.

Það væri ekki í frásögur færandi nema fyrir þá staðreynd að allir fyrirlesararnir eru konur. „Sú umræða hefur verið í gangi að það sé svo erfitt að fá konur til að ræða um þessu „hördum“ mál. Við sáum hins vegar hvað við eigum frambærilegar konur á þessu sviði svo að við ákváðum að stiga skrefið til fulls; hafa einungis konur og sýna þannig fram á að þær eru engu erfiðari til umræðu um þessi mál,“ segir Bárður.

Mikil áhersla er lögð á jafnrétti í skólanum og í síðustu viku samþykkti háskólaráð einróma sérstaka jafnréttisáætlun skólans.

Sú áætlun felur meðal annars í sér að jafnréttis skuli gætt við inntöku nemenda svo hlutfall annars kynsins verði aldrei neðan við fjórutíu prósent.

Einnig verður konum boðið ókeypis námskeið og veitt ráðgjöf eftir útskrift en kunnun sem gerð hefur verið sýndi fram á að konur bera minna úr bítum í atvinnulífinu eftir útskrift en karlar. „Við það verður ekki unað,“ segir Runólfur Ágústsson rektor.

-jse

Bráðum koma blessuð jólin!

Fullar verslanir af öðruvísi jóla- og gjafavöru aðeins ódýrari



FLOTT ELDHÚSLÍNA

Verð frá kr. **199,-**

„TAFFETA“ RÚMTEPPI OG GARDÍNUR

Teppi +1 púðaver
verð frá..... **7.990,-**

Tilbúnar gardínur
verð frá..... **2.990,-** stk.

Skrautpúði (rúlla)
17x45 sm..... **890,-** stk.



NÝ BÚTASAUMSTEPPI Í ÚRVALI

Verð frá kr..... **5.900,-**

METRAVARA Í STÍL

Verð aðeins kr..... **590,-** mtr.



FALLEGIR KAPPAR OG DÚKAR

Verð frá kr. **199,-**



VÖNDUD VARA ÚR BÓMULLARFLAUELI

Verð frá kr. **690,-**



TÖFF VARA ÚR ÁFERDA FALLEGU TAFTEFNI

Verð frá kr. **690,-**



AMERÍSKAR GÓLFMOTTUR Í ÚRVALI

Margar stærðir verð frá kr. **1.990,-**

-góð kaup



**RÚMFATA
LAGERINN**

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is



Karl Gústaf og Sylvía Sviakonungur og -drottning arka hér um Walpa-gljúfríð við Kata Tjuta, um 300 kílómetra frá Alice Springs í Ástralíu, á fimmta degi af sex í opinberri heimsókn þeirra. MYND/AP

Beinaleifar áður óþekktis fornkrókódíls hafa fundist í Argentínu:

Gerólíkur öðrum krókódílum

KYNJADÝR Vísindamenn hafa fundið hausnúpu af sjávarkrókódíl sem svamlaði um heimsins höf fyrir 135 milljónum ára.

Fjölbjóðlegur hópur vísindamanna kynnti rannsóknir sínar á hausnúpunni í fyrradag í vefútgáfu tímaritsins Science en tæp tíu ár eru síðan kúpan fannst á fornum sjávarbotni í Argentínu. Hún er talin vera af tæplega fjögurra metra langri risaeölu sem var uppi á júratímabilinu. Beináleifar benda til að hún hafi haft fjórar sundblöðkur og sporð.

„Þetta dýr var að líkindum það síðasta af sinni ætt og án efa það furðulegasta í hópi sjávarkrókó-

díla,“ sagði Diego Pol, einn vísindamannanna, í samtali við AP-fréttastofuna. Það eru orð að sönnu því trjóna dýrsins er mun styttri en sú sem krókódílar skarta yfirleitt og tennurnar eru stórar og sagarlega.

Af því draga vísindamennirnir þá ályktun að aðalfæða Godzilla, eins og þeir eru þegar farnir að kalla kvikindið sem á latínu nefnist *Dakosaurus andiniensis*, hafi verið stórar sjávarskepnur. Af þeim var nóg í höfunum á þessum tíma eins og hinar 22 metra löngu hvaleödlur eru dæmi um. Ekki er þó talið að Godzilla hafi getað lagt sér slíkar ófreskjur til munns, þrátt fyrir sagartennurnar ógurlegu. - shg



DAKOSAURUS Til vinstri sést ljósmynd af höfuðkúpunni en til hægri er tölvugerð mynd af höfði skepnunnar eins og vísindamenn telja það hafa lítið út.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Síbotamaður dæmdur:

Málið að hluta aftur í hérað

DÓMSMÁL Dómur yfir síbotamanni sem dæmdur hafði verið í eins árs fangelsi fyrir margvísleg brot var ómerktur að hluta í Hæstarétti í vikunni.

Héraðsdómur Norðurlands eystra lét í vor gera upptæka loftbyssu sem fannst við leit hjá manninum, en hann var einnig dæmdur fyrir innbrot.

Hæstiréttur benti á að maðurinn hefði játaði hluta sakargifta en neitað öðrum án þess að verjandi hans væri viðstaddur. Var þeim hluta sakargifta sem maðurinn játaði vísað aftur heim í hérað til aðalmeðferðar og dóms. - óká

Dómi vísað til héraðsdóms:

Annmarkar ollu ómerkingu

DÓMSMÁL Hæstaréttur hefur vísað aftur heim í hérað til málflytningu og dómsálagningar bótakröfu sjómanns á hendur Granda hf. Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í apríllok sjómanninum rúma milljón króna í bætur, en fyrir hafði hann fengið greiddar tæpar fjórar milljónir.

„Ekki verður séð að héraðsdómari hafi tekið rökstudda ástæðu til málsástæðna áfrýjanda sem snerta staðgreiðslu opinberra gjalda og afsal hans á rétti til fyrrgreindra bóta,“ segir í dómi Hæstaréttar og taldir annmarkar á héraðsdómnum. Fyrir Hæstarétti dró sjómaðurinn úr kröfum sínum, en enn var deilt um við hvað ætti að miða bótagreiðslurnar og eins að dregin hafði verið frá bótum fjárhæð sem svaraði staðgreiðslu opinberra gjalda. - óká



BRAUTSKRÁNING Því fleiri gráður, því fleiri bækur í hillum og færri stundir á barnum.

Sjálfsmynd Dana er á rökum reist:

Skólinn skiptir máli

DANMÖRK Hafi Dani stutta skólagöngu að baki er líklegast að hann hangi lengstum á barnum og dreypi á öli en sé um langskólagenginn Dana að ræða svigna hillur hans af bókum og hann sækir leikhús og óperur.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu sem Danska hagstofan hefur sent frá sér og sýnir að ímynd Dana um sjálfa sig er á rökum reist. Sýnir hún mikinn mun á áhugamálum og lífni eftir lengd skólagöngu og menntun hvers og eins. ■

Sirleaf kjörin forseti Líberíu

Allt bendir til að Ellen Johnson-Sirleaf sé sigurvegari forsetakosninganna í Líberíu. Hún er þar með fyrsta konan sem er kjörin forseti Afríkurríkis.

LÍBERÍA Ellen Johnson-Sirleaf er fyrsta konan sem nær kjöri sem forseti Afríkurríkis en þegar þorri atkvæðanna í líberísku þingkosningunum hefur verið talinn hefur hún öruggt forskot á George Weah, keppinaut sinn. Hann segir brögð hafa verið í tafla.

Þegar 91 prósent atkvæðanna úr síðari umferð líberísku forsetakosninganna, sem fram fór fyrir í vikunni, hafði verið talið í gær höfðu 59 prósent kjósenda greitt Johnson-Sirleaf atkvæði sitt en 41 prósent Weah. „Ég held að úrslitin séu mjög skýr, ég er afar auðmjúk yfir að líberíska þjóðin skyldi hafa valið mig til að leiða landsmenn á braut sátta og uppbyggingar,“ sagði hún í útvarpsviðtali við BBC. Hún kvaðst vonast til að sigur sinn hvetti kynsystur sínar í Afríku til frekari dáða.

Enn á eftir að telja atkvæði úr afskekktari sveitahéruðum landsins og því gæti dregist um tvær vikur að tilkynna endanleg úrslit. Bráðabirgðaniðurstöður kosningaefirtirlitsmanna á vegum Efnahagsbandalags Vestur-Afríkurríkja benda til að kosningarnar hafi farið heiðarlega fram og litlir hnökkrar verið á framkvæmd þeirra.

George Weah og stuðningsmenn hans vísa þeim dómi hins

vegar algerlega á bug og segja að brögð hafi verið í tafla. Weah sýndi blaðamönnum kjörseöla sem hann sagði formerkta Johnson-Sirleaf. Þessum seðlum hafi starfsmenn kjörstjórna stungið í kjörkassana.

Johnson-Sirleaf fæddist árið 1938 en á sínum yngri árum naut hún þeirra forréttinda að hljóta menntun í bestu háskólum Bandaríkjanna. Á áttunda áratugnum gegndi hún embætti fjármálaráðherra Líberíu en í kjölfar herforingjabyltingar árið 1980 missti hún embætti sitt og sat um tíma í fangelsi. Þegar Charles Taylor tók að þjarma að herforingjunum upp úr 1990 gerði Johnson-Sirleaf þau mistök að styðja hann tímabundið en það kom á daginn að hann var engu skárri en þeir sem höfðu haldið um valdataumana í landinu.

Erfitt verk bíður nýja forsetans því efnahagur landsins er í rúst og tortryggni er enn ríkjandi eftir margra ára borgarastyrjöld. Johnson-Sirleaf virðist hins vegar horfa björtum augum til framtíðar. „Konur eru reiðubúnar að skrifa söguna,“ sagði hún við stuðningsmenn sína í gær. „Og karlarnir eru tilbúnir að vinna með okkur.“

sveinng@frettabladid.is



KJARNAKONA „Konur eru reiðubúnar að skrifa söguna,“ sagði Ellen Johnson-Sirleaf við stuðningsmenn sína í gær. „Og karlarnir eru tilbúnir að vinna með okkur.“ NORDICPHOTOS/APP

NISSAN
PRIMERA



SKIPT_um stíl



EKKERT
VENJULEGUR

Með nagladekkjum. Sjálfskiptur, cruise control og bakkmyndavél í lit.

Primera

Verðtilboð 2.090.000.-



Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00


Nýtt heimsmet?

Komið í Smáralindina (fyrir framan Eymundsson)
kl. 14.00 í dag og setjið heimsmet í jó-jói.

500 manns jó-jóa í 2 mínútur og verða heimsmeistarar. Verður þú einn af þeim?

Sérskipaðir eftirlitsmenn heimsmetstíraunarinnar:
Bjarni töframaður og margfaldur jó-jó meistari
Gunnar Birgisson, bæjarstjóri Kópavogs

Vífilfell gefur jó-jóin sem notuð verða og býður
upp á Coca-Cola



**Ný heimsmetabók ...
og nú með fleiri nýjum
metum, nýjum risaopnum
og myndum í raunstærð!**




E d d a
edda.is



Útitré
m/ljósum

Verð frá

4.900

Ljóslifa



Jólaskreytingakvöld

Nú er komið að okkar vinsælu jólaskreytingakvöldum.
Jólaskreytingakvöld miðvikudag 16. nóv. og
fimmtudaginn 17. nóv. kl 20-22 í nýrri verslun Blómavals í Skútuvogi.

Skreytingameistarar og starfsfólk Blómavals taka á móti gestum og
sýna það nýjasta og flottasta í jólaskreytingum og skrauti.
Uppákomur og kynningar. Skráið ykkur í síma 5 800 500.
Takmarkaður sætafjöldi - ókeypis aðgangur.



Jólastjörnur
499



Ljósakúlur
1990

ndi tilboð



Blómin
beint úr
kæli

Gerberur
99 stk.
í Skútuvogi



blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

skoðun

SJÓNARMÍÐ
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON

Á þessu ári hafa fimm manns fundist á heimilum sínum eftir að hafa legið þar látnir um hríð.

Við eigum að gæta bræðra okkar

Óhug setti að Íslendingum þegar Fréttablaðið sagði frá því á fimmtudag að tvær konur hefðu fundist látnar á heimilum sínum, tíu og átján dögum eftir andlát þeirra. Slíkan óhug setti einnig að fólki þegar Fréttablaðið sagði sögu Franz Stavarssonar í september en hann hafði legið örendur í íbúð sinni í tvær vikur áður en hann fannst. Sjónvarpið hafði svo eftir lögreglu á fimmtudagskvöld að bara á þessu ári hefðu fimm manns fundist látnir heima hjá sér eftir að hafa legið þar um hríð.

Margar spurningar vakna þegar svona fregnast og beinast sumar þeirra að hinu svonefnda „kerfi“ sem við höfum komið okkur upp til að annast þá sem þessa þurfa. Mikilvægustu spurningarnar hljóta hins vegar að snúa að okkur sjálfum sem einstaklingum. Hvers vegna gerist svona? Hefðum við getað gert eitthvað?

Ekki er hægt að áfella nokkurn mann vegna þeirra fimm harmleikja sem hér eru nefndir en þeir hljóta að verða okkur víti til varnaðar og vekja okkur til umhugsunar um hvernig við getum gætt þess að svona nokkuð hendi ekki aftur.

Prestar og aðrir sem láta sig líðan fólks varða hafa margsinnis rætt um að náunginn kunni að gleymast í hraða og spennu samfélagsins sem við höfum skapað okkur. Að ekki sé tími til að huga að líðan og tilfinningum sem þó hljóta að vera grunnur lífsins og koma langt á undan öllu því veraldlega sem við keppumst við að handleika. „Við eigum að gæta bræðra okkar,“ sagði séra Hjálmar Jónsson, prestur í Dómkirkjunni, í Fréttablaðinu á fimmtudag. Orð Hjálmars eru ekki bara tilmæli prests til borgaranna um að láta sig hagi náungans varða heldur eru þau inn-tak sjálfs kristindómsins sem flestir Íslendingar aðhyllast með einum eða öðrum hætti.

Samkvæmt því er það beinlínis skylda okkar að gefa samborgurinum gaum og koma til bjargar þegar eitthvað bjátar á. Það er hluti af því að búa í samfélagi.

Nú er það svo að sumir kjósa að vera einir og vitaskuld eru takmörk fyrir því hvað ættingjar, vinir, kunningjar eða nágrannar geta aðhafst gegn vilja viðkomandi. Það hlýtur hins vegar að stappa nærri sjúkuleika þegar fólk hafnar öllum samskiptum við aðra og þá er mikilvægt að þeir sem skynja og af vita upplýsi „kerfi“ um ástandið.

Almenn og góð þátttaka Íslendinga í peningasöfnunum af ýmsu tagi er alþekkt og hafa margir, bæði Íslendingar og útlendingar, notið góðs af samkennd landsmanna þegar beiðni um aðstoð berst. Af því má glögglega merkja mikla manngæsku og skilning á þörfum þeirra sem glíma við erfiðleika.

Fréttir vikunnar bera hins vegar með sér að við þurfum að ganga skrefi lengra. Það er ekki nóg að sækja krónur í veski heldur þurfum við að opna hjörtu okkar upp á gátt og gefa af okkur sjálfum. Við þurfum að vakta þá sem einhverja hluta vegna eru afskiptir eða hafa orðið útundan. Við þurfum að ljá þeim eyra. Og séu orðin fá og ógreinileg þurfum við að læra að skynja.

Það má ekki gerast að fólki líði svo illa í okkar ríka samfélagi að það loki sig af og vilji ekkert af öðrum vita. Það má ekki gerast að fólk verði eftir á ráslínunni í kapphlaupinu mikla um veraldleg gæði. Hugsum um orð séra Hjálmars. „Við eigum að gæta bræðra okkar.“ ■



Austurvef

Opið alla daga ársins til kl. 24
Mán.-fös. kl. 8–24
Helgar og alm. frídaga 10–24

JL-húsið

Mán.-fös. kl. 9–21
Helgar 10–21

Opið lengur

Lyf & heilsa

FRÁ DEGI TIL DAGS

Friðlöðin

Friðlöð ein og Fréttablaðið eru ekki óalgeng úti í heimi. Þar hafa þau raunar verið að sækja í sig veðrið á undanförunum árum samtímis því að hefðbundin áskriftardagblöð missa lesendur og draga saman seglin. En umtalsverður munur er á Fréttablaðinu og flestum erlendum friðlöðum. Annars vegar er efni okkar blaðs miklu fjölbreyttara en erlendra friðblaða sem leggja megináherslu á stuttar og yfirborðslegar fréttir sem oftast en ekki eru fengnar frá fréttastofum en ekki samdar á viðkomandi ritstjórn. Þá er erlendum friðlöðum hvergi dreift skipulega til heillar þjóðar eða borga eins og hér á

landi; yfirleitt liggja þau aðeins frammi á lestarstöðvum og opinberum samkomustöðum.

Vekur athygli

Árangur Fréttablaðsins á Íslandi er smám saman að ná athygli utan landsteinanna. Raunar á móðurfélag blaðsins, Dagsbrún, þátt í því, en félagið stóð fyrir kynningu á starfsemi sinni í Kauphöllinni í London fyrir nokkrum dögum. Kemur fram í viðtali við stjórnarformanninn, Þórdís J. Sigurðardóttur, í Viðskiptablaðinu í gær að menn þar hafi sýnt viðskiptahugmyndinni að Fréttablaðinu mikinn áhuga. „Menn höfðu ekki séð þessa útfærslu áður og hún vakti mikla athygli“, segir hún. Þórdís upplýsir að Dagsbrún sé nú að leita viðskiptatækifæra í fjölmiðlun í Skandinavíu og á Bretlandi. Segir hún

að þar verði helsti vaxtarbroddur félagsins í framtíðinni.

Fjölmiðlar næst

Íslendingar hafa verið ófeminnir við að kaupa stórverslanir, banka, flugfélög og verksmiðjur í útlöndum. Kannski verða erlendir fjölmiðlar næsta viðfangs-efni. Líklegast er þá að í upphafi verði fyrir valinu dagblað með þokkalega útbreiðslu sem notað yrði sem stökkpallur fyrir nýtt friðblað í viðkomandi landi að fyrirmynd Fréttablaðsins. Þessi framkvæmd myndi líklega einnig útheimta kaup á prentsmiðjum og dreifingarmiðstöðvum, þannig að um álitlega fjárfestingu yrði að ræða. Hugsanlegt er að leitað yrði samstarfs við fjárfesta í viðkomandi löndum. Tíminn leiðir svo í ljóst hvort þetta eru skjáborgir eða raunhæfar hugmyndir. gm@frettabladid.is

Er hægt að kaupa sér ást?

Í árána rás hefur margt fallett ástarbréfið verið skrifað. Í bundnu máli sem óbundnu. Til kærustunnar eða kærastans, frá barni til foreldris og gagnvæmt, ástarbréf til ættjarðarinnar, náttúrunnar, já, óður ástarinnar til lífsins og ástvinarins er með því fegursta sem hægt er að lesa, svo ekki sé nú talað um þau einkabréf, sem maður á sjálfur í förum sínum, frá sínum nánustu. Ó, hversu heitt og hamingjusamt varð litla hjartað og hversu oft og mjúklega fór maður höndum um bréfin frá kærustunni, með örvum ástarinnar á umslaginu! Og dýrmæt er sú sælutilfinning að skrifa slíkt bréf og skiptast á atlotum orðsins.

Mínar hjartfölgustu endurminningar eru bréf til mín í „útleiginni“, frá mömmu, þegar ég dvaldi löngum stundum í sveitinni og heyrði hvorki né vissi, hvað var að gerast handan fjallsins eða árinna. Þá var ekki samgöngunum fyrir að fara eða fjar-skriptunum og nærgætin kveðja, „elsku sonur minn“ hljómaði eins og himnasending fyrir lítinn einmana dreng sem hafði ástarþrá til móður sinnar.

Nú er þetta að mestu líðin tíð, að því leyti að fólk er flest hvert hætt að skrifa á nema með SMS og fljótaskrift í tölvupósti og stundum efast ég um að unga fólk-ið kunni yfirleitt að skrifa með penna, þannig að sómi sé að.

Svo gerðist það á mánudaginn að með Mogganum mínum barst bréf inn um lúguna, áferðarfalleg skrift, stílhreint og ástleitið og byrjaði með þessu fallega ávarpi: elsku ástin mín. Og undirskriftin: þitt eina hjartans mótfamlag!!

Ég var ekki einn um það að fá þetta bréf með Morgunblaðinu, sem kallaði mig engilinn sinn og gullið mitt og sagðist vera tærast upp af söknuði. Vildi hafa stefnumót við mig á netinu og allt var þetta með ástar- og saknaðarkveðjum frá „þínu eina hjartans mótfamlagi“. Það var ekki fyrir

Í DAG

UPP ÚR EINS
MANNSS HLJÓÐI



ELLERT B. SCHRAM

Satt að segja finnst mér þetta vera frekar hallærisleg tilraun til að klessa ástinni og tilfinningum okkar upp á peningana og kannske í samræmi við þá sýn, sem nú er verið að koma inn hjá samtíðarfólki, að hamingjuna sé helst og fyrst að finna í gróða, fjárreiðum og veraldlegum auði.

en daginn eftir sem beðist var afsökunar á því frá sendanda, að geta þess ekki að hér væri um auglýsingu að ræða. Auglýsing frá banka um það, hversu heitt ég ætti að elska framlag mitt til lífeyrissparnaðs á vegum þess góða fyrirtækis. Þetta var sem sagt ástarjárnþing á móti. Gagnkvæmt ástarsamband.

Þið verðið að fyrirgefa en ég hef engan humör, engan skilning, engan smekk fyrir slíkum bréfaskiptum. Satt að segja finnst mér þetta vera frekar hallærisleg tilraun til að klessa ástinni og tilfinningum okkar upp á peningana og kannske í samræmi við þá sýn, sem nú er verið að koma inn hjá samtíðarfólki, að hamingjuna sé helst og fyrst að finna í gróða, fjárreiðum og veraldlegum auði. Hugguleg framtíðarsýn eða hitt þó heldur og ríður greinilega ekki við einteyming.

Þessi smekkleysa, þessi heilavottur, er langt fyrir neðan

virðingu, eða á ég að segja, siðferði fullorðins fólks, sem hlýtur að standa að þessari ástarbréfa-atlögu. Hvað mundi ástaskáldið Páll Ólafsson hafa sagt um þessa misþyrmingu? Eða Matthías vinur minn Johannesson, fyrrum Morgunblaðsritstjóri, sem hefur varað við gróðahyggunni og segir að veruleiki lágmenningarinnar sé líkastur niðursuðudós. Skyldi slíkum andans mönnum nokkur tíma hafa dottið í hug að ástin tengdist peningum og sparnaði og þeirri ógnvænlegu tilhneigingu (eða tilraun) að mæla hamingjuna í inneignum á bankabókum?

Er hægt að kaupa sér ást?

Jú, jú, það má mín vegna hvetja fólk til sparnaðar og það er auðvitað ekki vanþörf á að fólk með meðallaun og þar undir, hugsi til efri árána. Eitt alvarlegasta og grátlegasta vandamál nútímans er einmitt það að ellilífeyrir og lífeyrisgreiðslur eru skornar við nógl og gamla fólkíð er afgangstærð í þjóðfélaginu. En það hefur ekkert með ástina að gera. Í mesta lagi vanræktu umhyggju.

Ég segi ekki að þessi vitleysa haldi fyrir mér vöku, enda ekki vanur að hneykslast. Maður gerði ekki annað á meðan. En látum ekki fégræðgina blinda okkur sýn og gera ástarbréf frá bankabuddunni að fyrirmynd eða arftaka tjáskipta um væntumþykju. Þeir eru ekki ígjöldi tilfinninga. Þeir eru þvert á móti hjónadjöfullinn sem hefur valdið eyðileggingu í lífi samlyndra hjóna, spillt og splundrað ljúfum ástarsamböndum, sem hafa orðið til í krafti hinna einu og sönnu ástarbréfa. Ég biðst undan svona skilaboðum. Minn auður og þinn auður er ástin og hún er verðmætari innistæða en allt sem bankinn býður.

Við skulum halda okkur við það sem Páll orti í einu af sínum mörgu ástarbréfum til konu sinnar: mínum hjartans fylgnum frá/ færðu mín bestu kvæði. ■

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Mest lesna viðskiptablaðið



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaffahlíð 24, 105 Reykjavík **ADALSÍMI: 550 5000** SIMBREF Á FRÉTTABLAÐI: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: vistir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLSLA: Isafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. www.frettabladid.is ISSN 1670-3871



Boxster, Cayman S, 911 Carrera 4, Carrera GT, Cayenne Turbo

Lífið er fullt af tækifærum.

Nú er rétti tíminn til að láta drauminn rætast

Aldrei betra verð.



PORSCHE

**Bilabúð
Benna**

Bilabúð Benna - Vagnhöfða 23
Sími 590 2000 - www.benni.is

DV Helgarblað

Fjölskyldan blómstrar í borg englanna

HEIMILI STEINUNNAR ÓLINU Í HOLLYWOOD



Hefur þú séð þú DV í dag?

Lifir og hrærist í pólitík

VILHJÁLMUR P. VILHJÁLMSOON BORGARSTJÓRAEFNI SJÁLFSTÆÐISMANNA

Vilhjalmur P. Vilhjálmsson borgarfulltrúi, sigurvegarinn í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins um síðustu helgi, hefur lifað og hrærist í pólitík frá unga aldri. Stjórnsmál eru hans ær og kýr. Vilhjálmur, sem verður sextugur á næsta ári stundaði nám við Verslunarskólann, og lauk þaðan stúdentsprófi árið 1968. Á þessum árum var vinstri stefna og uppreisn gegn borgaralegum gildum í tísku meðal ungs fólks en Vilhjálmur var alveg ónæmur fyrir þeim hræringum. Hann gekk í Heimdall, sem þá var afar í haldssamur klúbbur pabbastráka, og var kominn í stjórn félagsins árið 1965. Þetta var á miðjum viðreisnarárunum þegar menn eins og Bjarni Ben., Gylfi P., Eysteinn og Einar Olgeirsson voru aðalkarlarnir í pólitíkinu. Vilhjálmur man því tímana tvenna.

Eftir stúdentspróf lá leiðin í lagadeild Háskólans þar sem Vilhjálmur var virkur í félagsstörfum laganna og ritstýrði meðal annars tímariti þeirra, Úlfjótí. Hann sat í stúdentaráði fyrir Vöku 1971 til 1973 og ári seinna útskrifaðist hann sem lögfræðingur.

Vilhjálmur þótti röskur til starfa og vakti fljótt athygli forystumanna Sjálfstæðisflokksins. Nýkominn frá prófborðinu var hann ráðinn til starfa á skrifstofu flokksins og falið að stýra félagsstarfinu í Reykjavík. Hann hafði á námsárunum verið framkvæmdastjóri Sambands ungra sjálfstæðismanna og því öllum hnútum kunnugur á þessum vettvangi. En fleiri tóku eftir þessum atorkusama unga manni. Árið 1978 fengu forystumenn nýstofnaðra samtaka, SÁÁ, Samtaka áhugafólks um

áfengisvandamálið, Vilhjálmur til að taka að sér að stjórna daglegum rekstri og þar var hann næstu sex árin. Má segja að í því starfi hafi hann fyrst orðið þjóðkunnur.

Vilhjálmur tók þátt í prófkjöri sjálfstæðismanna í nóvember 1981 og náði þá áttunda sætinu á framboðs-

inn var við völd, en lét einnig að sér kveða í heilbrigðisráði, hafnarstjórn og byggingarnefnd aldraðra. Í borgarráði hefur hann setið síðan 1986.

Vilhjálmur hefur ekki aðeins látið sig varða málefni Reykjavíkur því hann hefur í tvo áratugi setið í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og verið formaður þeirra



samtaka í hálfan annan áratug. Í því starfi þykir hann hafa sýnt mikla lipurð og tekist að halda vel á málum sveitarfélaganna gagnvart ríkisvaldinu. Nokkrum sinnum hefur komið til tals að Vilhjálmur fari í framboð fyrir Sjálfstæðisflokkinn í alþingiskosningum. Þær vangaveltur hafa verið settar til hliðar eftir að Vilhjálmur tók prófkjörið með trompi og er nú borgarstjóraefni sjálfstæðismanna.

Vilhjálmur er lýst sem hófsömum manni í skoðunum, málefnalegum með félagslegar áherslur, en mjög tryggur flokki sínum og flokksforystu hverju sinni. Hann var hliðhollur Davíð Oddssyni en aldrei í „innsta hringnum“. Hann hefur siglt tiltölulegan lygna sjó í Sjálfstæðisflokknum og ekki er hægt að segja að hann eigi sér þar neina óvildarmenn, eins og stundum vill verða í stjórn mála flokkum. Ræður mestu um það að Vilhjálmur er þægilegur og alúðlegur í samskiptum og

mönnum þykir gott að vinna með honum. Ýmsir sem vildu koma Gísla Marteini að í prófkjörinu höfðu á orði að Vilhjálmur væri litlaus, bragðdaufur og alltof gamall til að takast á við verkefni nýrra tíma. Kjósendur Sjálfstæðisflokksins voru greinilega á öðru máli. Kall tímans að þessu sinni var ekki eftir ungrri stjórn heldur eftir manni með reynslu og ábyrgðarkennd sem hægt væri að treysta til að taka á málum af yfirvegum og án ævintýramennsku.

lista flokksins til borgarstjórnar. Vorið 1982, þegar Sjálfstæðisflokkurinn, undir forystu Davíðs Oddssonar, endurheimti meirihlutann í borginni, varð hann borgarfulltrúi. Davíð og Vilhjálmur urðu nánir samstarfsmenn og voru Vilhjálmur falið margvísleg trúnaðarstjóri fyrir flokkinn í borginni. Hann varð formaður skipulagsnefndar borgarinnar strax árið 1982 og gegndi þeirri stöðu allar götur til 1994, meðan Sjálfstæðisflokkur-

Varað við DNA-heilun

UMRÆÐAN SKOTTU-LÆKNINGAR



EIRÍKUR STEPHENSEN

Undanfarið hefur talsvert verið rætt um svokallaða DNA-heilun sem lækningaraðferð gegn ýmsum kvillum andlegum sem líkamlegu, erfðum sem áunnum. DNA-heilun byggir, að því er næst verður komist, á endurröðun gallaðra DNA-kjarnsýra sem aftur leiðréttir þá arferð sem veldur þeim sjúkdómi sem hrjáir viðkomandi einstakling. Standa jafnvel vonir til þess að hægt verði að framkvæma kynskiptiaðgerðir á mun skilvirkari hátt en hingað til hefur þekkt með því einfaldlega að breyta Y-litningi í X. Löng „fréttaskýring“ var um DNA-

heilun í Fréttablaðinu um daginn auk þess sem DNA-heilari var í Kastljósviðtali sl. fimmtudagskvöld. Heilari þessi sagðist ræða við stofnfrumu sína reglulega og mátti skilja sem svo að samskipti þeirra væru með ágætum. Hún til-tók þó ekki hvaða stofnfruma nyti þeirra forréttinga að fá áheyrn hjá henni.

Það er rík ástæða til að vara við skottulæknum sem þessum. Vil ég í því samhengi kynna sem valkost nýja lækningaaðferð sem byggir á mun sterkari grunni en svonefnd DNA-heilun. Það er nefnilega svo að ég fer reglulega í telepátísk ferðalög til annarra sólkerfa og hef komið mér upp samböndum við þarstjarna lyfjagerðargeimverur. Í einni af þessum ferðum kynntist ég vísindaveru að nafni Schmrksct sem framleiðir lyf sem nota má við hvaða kvilla sem er og gildir þá einu hvort um er að ræða erfðasjúkdóma eða hegðunarvandamál. Þetta lyf er unnið

úr átján fasa omegasveiflum sem örvaðar eru með því að skjóta phi ögnum klítóns, sem unnið er úr geimryki, á ofurkælt strúti-um skaut steypt í odissiummót. Eins og gefur til kynna er lyfið ekki ódyrt en þar á móti kemur að aðeins þarf eina lyfjagjöf til að lækna þann kvilla sem hrjáir sjúklinginn. Til að nálgast lyfið hjá mér þarf aðeins að ná fjórða stigs djúpkennarastandi og þá sendi ég lyfið telepátískt til viðkomandi. Þetta er þó háð því að fyrir fram hafi verið greiddar inn á reikning minn krónur 250.000 per meðferð. Til að ganga úr skugga um að lyfið hafi raunverulega borist sjúklinginn má benda á að algengustu aukaverkanir eru vægt kvef, morgun-syfja og stöku hægðir, oftast í kjölfar máltíða. Það mikilvægasta er að sjúklingurinn trúi á meðferðina og að ég sjái færsluna inn á bankareikninginn minn.

Höfundur er vísindamaður.

EDDA 2005



ÍSLENSKU KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSVERÐLAUNIN

Edduverðlaunin verða veitt annað kvöld á Nordica Hótel
Bein útsending Sjónvarpsins hefst kl. 20:00

Ert þú búin(n) að kjósa sjónvarpsmann ársins?

- 900-9901: Auðunn Blöndal
- 900-9902: Hermann Gunnarsson
- 900-9903: Pétur Jóhann Sigfússon
- 900-9904: Silvía Nótt
- 900-9905: Þórhallur Gunnarsson

Símtalið kostar 99 krónur



SJÓNVARPIÐ

Forval á sjónvarpsmönnum
ársins með hjálp:



vísir

ÚRSLIT KYNNT Í BEINNI ÚTSENDINGU Á SUNNUDAGSKVÖLDIÐ!

Símakosning sjónvarpsmanns
ársins með hjálp:



Dagskrá:

- 19:00 Fordrykkur í boði Reyka vodka
- 20:00 Bein útsending hefst í Sjónvarpinu
- 22:20 Samkvæmi að útsendingu lokinni á Nordica



Framkvæmdastjórn
Eddunnar 2005
er í höndum
Storm Events



Bakhjarlar Eddu 2005 eru:

FRÉTTABLAÐIÐ

Nordica hotel
ICELANDAIR HOTELS

E d d a



HANS PETERSEN

BÍLALEIGA
AKUREYRAR
Mótor

National
Car Rental

EDDA 2005

EDDA 2005

Íslenska kvikmynda- og sjónvarpsakademían

Eru jeppamenn Guði þóknanlegir?

Í þessari viku takast Öfundin og Rödd Skynseminnar á í Dagbók Práins Bertelssonar. Ný kynlífskönnun sannar að raunverulegur jöfnuður er aðeins fjarlæg talsýn. Hér er gefin uppskrift að jólaköku sem lesendur eru varaðir við. Og þess óskað að Reykvíkingar fái vitrun um hvern þeir eiga að velja sér sem næsta borgarstjóra.

■ LAUGARDAGUR 5. NÓV.

Sjálfsblekking, afneitun og hættuleg jólakaka

Einu sinni heyrði ég merkilega sögu um sjálfsblekkingu eða afneitun. Sögumaðurinn hafði haldið þeim sið að skrifa dagbók á hverjum degi þrátt fyrir vægast sagt óreglusamt lífferni að öðru leyti.

„Þannig var,“ sagði hann, „að einu sinni þegar líða tók að jólum var ég búinn að vera á fyllerí í mánuð og hafði hvorki haft samband við börnin mín né annað fólk mér nákomandi. Ég lá í timburmönnum á einhverju gistiheimili fyrir fráskilda fylliríta og einsemdin og skömmin voru að drepa mig, fyrir nú utan líkamlega vanlíðan og ógleði. Nema hvað þá mannaði ég mig upp í að skrifa nokkrar línur í dagbókina mína. Daginn eftir varð mér lítið í dagbókina og sá að kvöldið áður hafði ég skrifað eitthvað á þá leið að skammdegið væri notalegt og ég sæti heima hjá mér og væri að brenna reykelsi og lesa góða bók og börnin væru farin að sofa. Þetta stóð þarna í dagbókinni með minni eigin skjálfandi ritheindi og allt í einu rann það upp fyrir mér að sennilega væri ekki hægt að komast lengra í sjálfsblekkingu og afneitun á aðstæðum en að vera byrjaður að ljúga að sinni eigin dagbók.“

Hvort sem það var dagbókinni að þakka eða ekki þá reis þessi góði maður upp úr sjálfsblekkingu og afneitun og dreif sig í meðferð og kann ég ekki fleiri fréttir af honum að segja, enda eru engar fréttir góðar fréttir.

Ekki veit ég af hverju þessi saga rifjast upp fyrir mér einmitt núna, nema ef vera kynni af því að þetta hefur verið afskaplega notalegur dagur, því að í dag hóf ég hinn formlega undirbúning jóla. Í næstum 25 ár hef ég haft þann sið að baka ávaxtaköku í byrjun nóvember eftir uppskrift sem ég hef sjálfur þróað og afbakað í árunna rás. Kökur af þessari sort eru af því kökukyni sem gengur í daglegu tali undir nafninu „ensk jólakaka“. Konan mín er mjög veik fyrir þessari köku, svo að sumpart baka ég kökuna í yfirbótarskyni fyrir allar misgjörðir mínar og karlrembu á árinu.

Það er ekki nema fyrir fram-

sýna og forsjála menn að baka þessa köku. Til þess að hún nái fullum þroska fyrir jól þarf hún helst að



fara í ofninn ekki seinna en í nóvember. Í dag bakaði ég tvær. Fyrst eina úr hráefni sem ég hafði keypt í sérstakri versunarferð. Svo bakaði ég aðra úr afgöngum. Þá fínna lauga ég upp úr konjaki, en þá ófínna upp úr þúrtara. Nú er ég sjálfur óvirkur alkóhólisti, en þar sem ég veit ekki um nokkurn mann sem hefur etið áfengi sér til óbóta þá hika ég ekki við að borða það. Á sama hátt hika ég ekki við að nota kogespritt til sóthreinsunar, því að útvertis notkun á áfengi hefur mér vitanlega ekki fjölgað í AA-samtökunum. Þetta kann þó að vera hættuspil, og ég ráðlegg öðrum alkóhólistum ekki að fara að mínu forðemi eða gera þessar tilraunir heima hjá sér.

Uppskriftin er svona: 225 grömm af hveiti, mikið af smjöri, amk. 4 hænuegg, alls konar krydd, sýróp eftir smekk, og svo rúsinur, kúrenur, möndlur, hnetur, súkkat og kirsuber. Þessu sular maður saman og bakar í sirka fjóra klukkutíma við sirka 150 gráður á Celsius. Svo pakkar maður kökunni inn og geymir hana til jóla, en tekur hana þó fram öðru hverju og baðar hana upp úr dýrum vökvum sem eru vandmeðfarnir og maður á að brúka í hófi og aldrei nema það sé konunni manns til gleði.

■ SUNNUDAGUR 6. NÓV.

Hábitur og næsti borgarstjóri Reykjavíkur

Hitti vin minn í hábit. Það er skondið nýyrði yfir það sem ég hef hingað til kallað „brunch“. Ég er lélegur að

■ MÁNUDAGUR 7. NÓV.

Práins-lögmálið

Dagurinn fór í útréttingar. Ekki síst viðskipti við Símann.

„Því stærrí sem fyrirtæki eru þeim mun leiðinlegra er að vera í viðskiptum þau.“ Þessa staðhæfingu þarf ég að gefa út á bók og kalla „Práins-lögmálið“. Ef enginn hefur fundið þetta lögmál upp áður mun ég öðlast alþjóðlega frægð og óendanleg auðævi innan tíðar. Og allt viðskiptum mínum við Símann að þakka. Í nafni allrar sanngirni skal þó tekið fram að mér tókst að ná sambandi við menska veru í skrifinnskubákninu sem tók að sér að leysa vandann. Það hefur sennilega verið húsdraugurinn.

■ ÞRIÐJUDAGUR 8. NÓV.

Flottasti Bastarðurinn!

Arnaldur fær Gullna daggarðinn! Það er rosalega gaman að fréttu þetta. En eftir smástund finn ég


halda sambandi við vini mína. Þessi vinur minn er jafn lélegur og ég í þeirri grein. Hann átti frumkvæðið núna. Ég læt sem ekkert sé, en hann veit að mér þykir vænt um hugulesemi. Ég er bara svo svakalega kúl. Bældur, segir konan mín.

Ég tek eiginlega aldrei eftir veðri nema það sé sérstaklega gott eða sérstaklega andstyggilegt. Í dag er steikjandi hiti. Steikjandi miðað við árstíma, legu landsins og stærð þjóðarinnar.

Þótt ég sé búinn að lofa sjálfum mér því að hætta allri þátttöku í félagsmálum fór ég á stofnfund SPES og er stoltur af því að vera í þeim félagskap. SPES rekur barnaheimili í Togó í Afríku og hefur sérstöðu meðal líknafélaga að því leyti að innan við eitt prósent af framlögum til félagsins fara í rekstur, laun og skrifinnsku, en níutíu og níu prósent fara í það málefni sem þeim er ætlað að styrkja.

Heim og bak- aði pizzu fyrir barnabörnin og töntur þeirra. Í heilsu- bótarskyni smygla ég spelti út í hveitið. Flatbökurnar gera stormandi lukku og grunlaus og saklaus börnin kvarta ekki undan speltinu né vel meintri hollustu.

Já, vel að merkja. Villi vann í prófkjörlinu. Aumingja Gísl. Þeir eru ágætir drengir báðir tveir. En best væri þó að Reykvíkingar fengju vitrun og gerðu mig að borgarstjóra.



Þetta þykir mér ósanngjarnt. Alltaf skal maður missa af einhverju. Ég var orðinn meira en 15,6 ára þegar ég svaf hjá í fyrsta sinn. Sem sýnir að raunverulegur jöfnuður meðal manna hér á jörð er bara talsýn.

Kæra Dagbók

Práinn Bertelsson skrifar



fyrir einhverjum ónotum fyrir brjóstinu. Þar er Öfundin komin. Hún segir: „Þetta er náttúrliga voða skemmtilegt, en

úr því að Arnaldur er búinn að fá þessi verðlaun þá fær enginn annar Íslendingur þau næstu hundrað árin, og eftir hundrað ár verður þú dauður, kallinn minn. Alveg sama þótt þú mokir í þig spelti.“

Eitt augnablik læt ég fallerast og heyrir hvernig Öfundin skrifir í brjóstinu á mér. „Af hverju hann? Af hverju ekki þú?“

En þá heyrir lúðrapytur í sálinni. Riddaralið engla og himneskra herskara kemur þeysandi á vettvang til að bjarga mér. Allt í einu er Rödd Skynseminnar komin og segir: „Elsku Práinn minn, þurfum við að fara yfir þetta enn einu sinni? Þú ert ekki hreinræktaður glæpasagnahöfundur. Þú ert ekki hreinræktaður skáldsagnahöfundur. Þú ert ekki hreinræktaður kvikmyndagerðarmaður!

Þú ert ekki einu sinni h r e i n ræktaður blaðamaður! Þú passar hvergi inn. Að setja þig í verðlaunasmkeppni er eins og að mæta með bastarð á hundasýningu.“

Þetta er auðvitað rétt hjá Rödd Skynseminnar.

Til hamingju, Arnaldur! Til hamingju þið öll sem eruð hreinræktað í einhverjum bransa! Kær kveðja, ykkar vinur, Flottasti Bastarðurinn!

Ef ég væri tvítugur mundi ég segja við sjálfan mig í speglinum: „I'm the meanest bastard of them all.“ Og svo mundi ég taka upp höfundarnafnið Rex. Hjómur betur en Snati.

Það er fleira í fréttum. Smokkaframléiðandinn Durex hefur nú enn á ný kynnt niðurstöður könnunar sinnar á kynlífshegðun ólíkra þjóða, en samkvæmt þeim byrja Íslendingar fyrstir allra þjóða að sofa hjá, 15,6 ára að meðaltali, en meðalaldur fyrstu kynmaka allra þátttakenda var 17,3 ár. Samkvæmt könnuninni hafa fjórir af hverjum tíu Íslendingum haldið framhjá maka sínum.

Þetta þykir mér ósanngjarnt. Alltaf skal maður missa af einhverju. Ég var orðinn meira en 15,6 ára þegar ég svaf hjá í fyrsta sinn. Sem sýnir að raunverulegur jöfnuður meðal manna hér á jörð er bara talsýn.

■ MIÐVIKUDAGUR 9. NÓV.

Ef jeppamenn væru Guði þóknanlegir ...

Bíllinn var að koma úr viðgerð. Ég er ekki búinn að jafna mig á þeirri óvæntu blóðtöku. Hins vegar var ég búinn að gleyma því að „sjaldan er ein báran stök“. En á það var ég minntur harkalega í dag. Báran var maður á stórum jeppa sem ill ófl sviftu vitinu í augna-

blik og létu hann bakka á bílinn minn kyrrstæðan. Þetta útheimtir stórviðgerð, og vesen, tryggingastúss, bílaleigubíll, þras, áhyggjur, skort á sálarró, stress og fleira sem er margsannað vísindalega að dregur verulega úr lífslíkum manns.

Annars er ég feginn því að hafa smááhyggjur af hlutum sem ég skil og ræð við í staðinn fyrir að hafa áhyggjur af heimsmálum og hlutum sem ég næ alls ekki utan um. Þessi síðasta sykursæta og væmna setning er hrein óskhyggja og lýsir á engan hátt þeirri beiskju, vanmætti og jafnvel hatrí í garð bakkandi jeppamanna sem ég upplifi í augnablikinu.

Ef jeppamenn væru Guði þóknanlegir hefði hann skapað þá með augu í hnakknum.

■ FIMMTUDAGUR 10. NÓV.

Eru apar komnir af mönnum?

„Menntamálaráð í Kansas í Bandaríkjunum hefur samþykkt vísindakennsluskrá fyrir opinbera grunnskóla í ríkinu þar sem þróunarkenningin er dregin í efa.“

Bandaríkjamenn eru dáldið sérstök þjóð, en í þessu tilviki er ég hjartanlega sammála menntamálaráðinu í Kansas. Mig hefur lengi grunað að einhver skekkja sé í þróunarkenningu Darwins.

Ég tel nefnilega að mannkynið sé ekki komið af öpum heldur sé því öfugt farið og sérstaklega þroskaður þjóðflokkur mannkynsins hafi fengið leið á því að leika sér að eldi, búa til hnífa og svo sverð og standa í sífellt þróaðri manndrápum. Mig grunar að þetta fólk hafi klætt sig úr loðfeldunum, sagt sig úr lögum við mannkynið, og klifrað aftur upp í trén og ákveðið að lifa á grænmeti og ávöxtum og friði og láta hverjum degi nægja sína þjáningu.



Fór á skólaskemmtun hjá Andra sonarsyni mínum í Ísaskóla. Þar var sungið og spilað á flautur og fíolín, þarðar bumbur og dansað og sungið og klikkt út með sameiginlegu veisluborði. Þótt það séu engir apar í Ísaskóla verð ég að viðurkenna að mannkynið þar virðist vera á réttri leið í augnablikinu.

■ FÖSTUDAGUR 11. NÓV.

13 réttir

Fór til tannlæknis. Meira vesenið með þessar tennur. Mér er skapi næst að láta draga úr mér allt draslið og lifa svo það sem eftir er á marengstertum sem bráðna á gómunum, helst þessum sem maður fær á Jómfrúnni. (Ég held að mamma eigandans baki þær).

Ég hlakka til morgundagsins. Ég er nokkuð viss um að ég er með 13 rétta á getraunaseðlinum. Loksins.

Brim

Verðlaunasýning Vesturports á Litla sviðinu í kvöld!

Vesturport

RIÐLEIKHÚSIÐ



Jólagjafir heimilanna



SC-860 3+2+1 til í hvítu og thick shiny-dökk brúnu
Dökkbrúnt verð 362.000 **Jólaverð 299.000.**
Hvítur verð 249.000 **Jólaverð 204.000**



Platform Ljós brúnt gróft leður 3+2+1
verð : 266.449 **Jólaverð 219.000.**



Formosa 3+2+1 til í Hvítu, Svörtu, Brúnu
Verð 247.000 **Jólaverð 199.000.**

Gefið heimilinu
góða gjöf fyrir jólin.

Þægindi og gæði á góðu
jólaverði.

Vaxtalausir samningar
til áramóta.

Þetta er aðeins brot af því
sem er á jólatilboðinu.



Carlton 3+1+1 thick shiny leður dökk brúnt
Verð áður 273.500 **Jólaverð 249.000.**



Monsa Rafmags hægindastóll, cappuchino,
dökkbrúnt og oxblood
Verð áður 189.000 **Jólaverð 129.000.**



New Farniente 3+1+1 dökk brúnt og grátt
Verð áður 239.000 **Jólaverð 195.000.**



Malaga 3+1+1 cappuccino
Verð áður 249.900 **Jólaverð 179.000.**



Borðstofustólar til í svörtu hvítu brúnu
Verð frá 9000.



New Pampas hægindastóll til í mörgum
litum með snúning **Jólaverð 75.000.**



Borðstofu sett: Handunnið gegnheilt tekk
410.500 15% jóla afláttur af öllum tekk
vörum skenkum sjóvarpsskápum og stólum.



Í gallerí okkar stendur yfir sýning Torfa Harðarsonar

Verið velkomin að Dalvegi 18.

Gallerí Húsgögn

Sími 554 5333



Opið alla virka daga frá 11-18, laugardaga 11-16 og sunnudaga frá 13-16

VELKOMIN Í STÆRSTU HÚSGAGNAVI



SINCLAIR 2 SÆTA
69.980
VERÐ ÁÐUR 99.980

30%
AFSLÁTTUR


SINCLAIR 3 SÆTA
96.980
VERÐ ÁÐUR 139.980

SINCLAIR 2 sæta sófi, svart leður
B163 x D98 x H87 cm. Kr. **69.980**.

SINCLAIR 3 sæta sófi, svart leður.
B222 x D98 x H87 cm. Kr. **96.980**

VINNUR ÞÚ
HEILA STOFU AÐ VERÐMÆTI
550.000

Ævintýrlega flott jólatil



Komdu í Húsgagnahöllina og taktu þátt í skemmtilegum leik, þú svarar lauflettri spurningu og getur unnið:

- 1. VINNINGUR:** Stofa að verðmæti **550.000 kr.** Veldu á milli klassískrar eða nútíma hönnunar.
- 2. VINNINGUR:** Granos kaffikanna frá BODUM að verðmæti **69.980 kr.**
- 3. VINNINGUR:** Gjafapakki frá ZONE að verðmæti **40.000 kr.**



3 SÆTA
49.980
VERÐ ÁÐUR 69.980

2 SÆTA
44.980
VERÐ ÁÐUR 59.980

AUSTIN 2 sæta sófi, microfíber áklæði, fæst í hvítu og camel. B150 x D85 x H85 cm. Kr. **44.980**
AUSTIN 3 sæta sófi, microfíber áklæði, fæst í hvítu og camel. B210 x D85 x H85 cm. Kr. **49.980**



AMPLONA uppstilling, ljóst áklæði með rúskinnslíki. B365 x D155 x H45/75 cm Kr. **119.980**

SÓFAUPPSTILLING
119.980
VERÐ ÁÐUR 159.980



Dregið 21. desember

OPIÐ ALLA DAGA

Mánudaga - föstudaga 10-19 • Laugardaga 10-18 • Sunnudaga 12-18

ERSLUN Á ÍSLANDI



HÚSGAGNAHÖLLIN



NÝTT!

BECKY BORÐSTOFUBORÐ
49.980
VERÐ ÁÐUR 69.980

25%
AFSLÁTTUR

BECKY borðstofuborð með hvítri borðplötu í háglans og krómfaefi. B120 x L200 x H74 cm. Kr. **49.980**
Fæst einnig hringlaga þvermál 120 x H74 cm. Kr. **34.980** áður 49.980.

Iboð - Í FULLUM GANGI UM HELGINA!



BORÐ
69.980
VERÐ ÁÐUR 109.980



STÓLL
25.980
VERÐ ÁÐUR 39.980

MADISON C. borðstofuborð L182/277 x B112 x H77 cm. Kr. **69.980**
MADISON C. armstóll Kr. **25.980** MADISON C. borðstofustóll Kr. **21.980**
MADISON C. skápur B180 x D47 x H225 cm. Kr. **187.980**



BORÐ
49.980
VERÐ ÁÐUR 79.980

STÓLL
15.980
VERÐ ÁÐUR 24.980

URBAN VIEW borðstofuborð hringlaga þvermál 120 x H76 cm. Kr. **49.980**
URBAN VIEW borðstofustóll Kr. **15.980** URBAN VIEW borðstofuskápur B114/121 x D42/45 x H135 cm Kr. **89.980** áður kr. 149.980



6.980
VERÐ ÁÐUR 8.980

SKELJALJÓS 3 laga. Fleiri litir.



6.980
VERÐ ÁÐUR 9.980

PARIS 3 arma ljósakróna.



8.980
VERÐ ÁÐUR 12.980

MORGAN ljósakróna 5 arma



4.980
VERÐ ÁÐUR 6.980

EVA Prisma ljósakróna.

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 4.729 +0,86% Fjöldi viðskipta: 337
Velta: 3.335 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ Dagsbrún +5,56%
FL Group +4,66%
Flaga +4,64%

MESTA LÆKKUN

↓ SÍF -0,69%
Atlantic Petroleum -0,65%
Kögun -0,18%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Activis 43,80 +0,70% ...
Bakkavör 44,50 +0,00% ... FL Group 14,60 +4,70% ... Flaga 4,06
+4,60% ... HB Grandí 9,30 +0,00% ... Íslandsbanki 15,50
+1,30% ... Jarðboranir 22,10 +0,00% ... KB banki 596,00
+0,50% ... Kögun 55,30 -0,20% ... Landsbankinn 23,10 +1,30%
... Marel 64,20 +0,00% ... SÍF 4,35 -0,70% ... Straumur-Burðarás
14,40 +0,70% ... Össur 97,50 +0,00%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Hluthafar í Mogganum

Ljóst er að senn mun hluthafar Morgunblaðsins taka breytingum því búið er að afnema öll forkaupsréttarákvæði í samþykktum Árvakurs. Viðskiptablaðið hefur greint frá því að Straumur-Burðarás hafi þegar keypt talsverðan hlut í félaginu en þær sögusagnir voru bornar til baka af framkvæmdastjóra Árvakurs.

Margir eru nú nefndir til sögunnar sem væntanlegir kaupendur að hlut hinna eldri hluthafa í Mogganum en ekkert er hins vegar ljóst hverjir vilja selja. Meðal nýrra hluthafa hafa einkum verið nefndir til sögunnar Björgólfssonar svo og Ólafur Jóhann Ólafsson í New York. Ólafur hefur bæði reynslu af fjölmörgum vestanhafs auk þess að þykja sæmilega rítfær. Um Björgólf og meintan



áhuga hans skal ósagt látið.

Dagsbrún hækkar

Dagsbrún, móðurfélag 365 prentmiðla sem meðal annars gefa út Fréttablaðið, hækkaði nokkuð við fréttir af breytingum í hluthafahópi Árvakurs. Bréf félagsins hækkuðu um 5,56 prósent á markaði í gær og rauf þannig 5-stiga múrinn í 31 viðskiptum fyrir rúma 241 milljón.

Ekkert hefur verið sagt um það hvort nýir hluthafar Moggans munu hafa áhuga á að skrá félagið á markað en það gæti þó reynst nokkuð áhugavert því þá gætu félögin keppt á meiri jafnréttisgrundvelli en áður.

Slíkt kann þó að þykja allt of nýmóðins fyrir hluthafa Morgunblaðsins nema Ólaf Jóhann, því hann hefur reynslu af rekstri skráðra fjölmiðlafyrirtækja.

MARKAÐSFRETTIR...

Samningur BOM fjárfestinga, sem meðal annars er í eigu **Baldurs Guðnasonar**, stjórnarmanns í Icelandic Group, um kaup á hlutabréfum í félaginu fyrir einn milljarð var gerður upp í gær. Þetta jafngildir um fimm prósentum hlutafjár í Icelandic.

Þór Sigfússon tekur við starfi forstjóra Sjóvá-Almennra af **Porgils Óttari Mathiesen**. Þór, sem hefur starfað sem framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands, tekur til starfa í desember. Porgils hefur keypt 40 prósent hlut í fasteigna- og þróunarfélaginu Klasa, sem er einnig í eigu Sjóvá og Íslandsbanka, og tekur við stjórnartamunum þar.

Þýska tryggingafélagið Allianz hefur sagt upp ellefu þúsund manns í sparnaðarskyni. Hagnaður félagsins á þriðja ársfjórðungi jókst um 39 prósent milli ára og var 120 milljarðar króna fyrir skatta.

Meira fyrir launin

Kaupmáttur launa jókst um 1,4 prósent milli ára á almennum vinnu- markaði eftir því sem fram kemur í nýrri launakönnun Hagstofunnar. Laun hækkuðu að meðaltali um 5,4 prósent frá þriðja ársfjórðungi síðasta árs þar til á þriðja ársfjórðungi í ár. Vísitala neysluverðs hækkaði á tímabilinu um fjögur prósent en kaupmáttur jókst að meðaltali í þeim atvinnugreinum, sem könnunin tók til, um 1,4 prósent en launahækkun starfsstéttanna var á bilinu 4,5 til 6 prósent.

LAUNAHÆKKANIR STARFSSTÉTTA Í LAUNAKÖNNUN HAGSTOFUNNAR

Verkaþólk	6,0%
Iðnaðarmenn	5,6%
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	5,3%
Skrifstofufólk	4,6%
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	4,7%
Sérfræðingar	4,5%
Stjórnendur	4,9%

Mest hækkuðu laun verkaþólks eða um 6 prósent. ■



ÚTLÁN TIL ÍBÚÐAKAUPA Færri umsóknir um íbúðalán hafa borist Íbúðalánasjóði en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Minni útlán íbúðalánasjóðs

Útlit fyrir vaxtahækkanir í kjölfar næsta útboðs.

Íbúðalánasjóður áætla að útgáfa íbúðabréfa verði 7,2 milljörðum króna lægri í ár en gert var ráð fyrir í lok júlí. Gert er ráð fyrir að útgáfa íbúðabréfa nemi 50,8 milljörðum króna á árinu. Ástæðan er sögð sú að útlán sjóðsins til fasteignakaupa verða minni og lausafé sjóðsins er nýtt betur.

Sérstaklega er tekið fram að ekki hefur verið tekin nein ákvörðun um það hvenær sjóðurinn hyggst fara í næsta útboð en síðasta útboð á vegum Íbúðalánasjóðs var í júlí síðastliðnum. Greiningardeild Íslandsbanka segir að ávöxtunarkrafa íbúða-

bréfa á markaði hafi hækkað mjög mikið frá þeim tíma.

„Miðað við ávöxtunarkröfu á markaði í dag og óbreytt vaxta- álag íbúðalánasjóðs er útlit fyrir að útlánavextir sjóðsins hækki því í 4,70-5,14 prósent í kjölfar næsta útboðs. Ætla má að hækkun útlánavaxta dragi úr eftirspurn eftir nýjum lánum og minnki hvata einstaklinga til endurfjármögnunar eldri lána, einkum ef bankarnir fylgja í kjölfarið með hækkun vaxta á verðtrygðum íbúðalánum. Hækkun ávöxtunarkröfu íbúðabréfa á markaði gæti því orðið til að draga úr spennu á fasteignamarkaði,“ segir í morgunkorni Íslandsbanka.

- bg



STÆRSTU EIGENDURNIR Eftir hlutafjárútböð FL Group eru Hannes Smárason og Baugur Group með um helmingshlut í félaginu. FL Group verður áhugaverðari kostur fyrir fjárfesta að mati sérfræðings. Fréttablaðið/GVA

Baugur og Hannes stærstir í FL Group

Gengi FL Group hækkar um sjö prósent frá útboði. FL Group tekur við stöðu Burðarás að mati sérfræðings. Baugur fjárfesti fyrir fimmtán milljarða en Hannes fyrir 7,5.

Baugur Group og Hannes Smárason eru stærstu hluthafar í FL Group að loknu hlutafjárútböð og eiga um helming hlutafjár. Baugur fjárfesti fyrir fimmtán milljarða króna en félag í eigu Hannesar, Oddaflug, fyrir um 7,5 milljarða króna.

Materia, sem er óstofnað félag í eigu Kevins Stanford, Magnúsar Ármann og Þorsteins M. Jónssonar lagði fram 5,5 milljarða í útboðinu.

Alls seldi félagið nýtt hlutafélag fyrir 44 milljarða króna en eftirspurn meðal fagfjórðinga var þreföld umfram það sem í boði var. Kaupendum gafst kostur á að leggja fram nýtt hlutafé með peningum eða hlutabréfum í tíu stærstu félögum í Úrvalsvísitölu Kauphallarinnar.

„Það er gaman að sjá hversu mikill áhugi var meðal fjárfesta á útboðinu. Menn hallast greinilega að því að þarna hafi verið tækifæri þrátt fyrir að ýmsar efasemdaraddir hafi verið uppi um kaupin á Sterling,“ segir Jónas Friðþjófsósson, sérfræðingur hjá Greiningu Íslandsbanka.

Jónas bendir á að FL Group fái um tuttugu milljarða króna í hlutabréfum nokkurra félaga í Úrvalsvísitölu og verði því umsvifamikil fjárfestingar- og útrásarfélag með sterka eiginfjárstöðu. Stærstu eigendurnir og lífeyrissjóðir gátu lagt fram hlutabréf í öðrum félög-

um sem skýrir tvímælalaust hversu vel útboðið heppnaðist.

„Nú er kannski hægt að segja að FL Group fylli upp í þá eyðu sem Burðarás skildi eftir. Félagið er stórt, markaðsvirði og dreifing á hlutafénu verður meiri en það var. Hlutur lífeyrissjóða var lítill fyrir útboðið en verður mun meiri eftir það.“

Meðal annarra kaupenda voru fagfjórðingar, þar á meðal fjárfestingafélag og lífeyrissjóðir, sem keyptu fyrir 12,9 milljarða, auk KB banka og Landsbanka sem keyptu samtals fyrir 3,1 milljarð.

FL Group tilkynnti í gær að það ætti um 6,6 prósent hlut í Íslandsbanka og 5,8 prósent í Straumi-Burðarási Fjárfestingarbanka.

Hlutabréf í FL Group hækkuðu um tæp fimm prósent í gær og standa í 14,6 krónum á hlut. Síðasta markaðsgengi er því um sjö prósentum hærra en útboðsgengi.

eggert@frettabladid.is

Morgunblaðið fær nýja hluthafa

Tilkynnt verður um breytingar á hluthafahópi Árvakurs hf., útgáfufélags Morgunblaðsins, fyrri hluta næsta mánaðar. Samþykktum félagsins var breytt á hluthafafundi á fimmtudag á þann veg að hluthafar hafa ekki forkaupsrétt á hlutum annarra hluthafa í félaginu ef þeir ganga kaupum og solum. Engar hömlur eru því á viðskipti með hluti í félaginu lengur.

Kristinn Björnsson, varaformaður stjórnar Árvakurs, segir að breytingarnar séu gerðar til þess eins að auðvelda nýjum hluthöfum að ganga til liðs við þá eldri. Einu máli var frestað á hluthafafundinum á fimmtudag en það var kosning nýrrar stjórnar. Kristinn segist búast við því að hún verði kosin fyrir hluta næsta mánaðar. „Hún tekur þá mið af



KRISTINN BJÖRNSSON, VARAFORMAÐUR STJÓRNAR ÁRVAKURS HF. Segir nýja hluthafa ganga til liðs við útgáfufélag Morgunblaðsins fyrri hluta næsta mánaðar.

hluthafalistanum,“ segir Kristinn. Aðspurður segir Kristinn að ekki sé ljóst hverjir það verða sem

munu ganga til liðs við Árvakur og engir hlutir í félaginu hafi gengið kaupum og solum. - hb

Er til þrúga sem heitir Clinton?

ALLT SEM ÞÚ VILT VITA UM LÉTTVÍN

VÍN
SÝNINGIN
2005
19.-20. nóv.
í Smáralind



VÍN BÚÐ
Lífum, launum & ljófum

GRAND

Jóla korta

DRÖM

OPIÐ Í DAG

11-16

Sérfræðingar frá Canon verða á staðnum og kynna möguleika stafrænna myndavéla og prentara frá Canon

ÓTRÚLEGT!

Canon iP4200 hágæða ljósmyndaprentari,
Canon A410 stafræn myndavél og 100 bls A4
ljósmyndapappír, allt þetta á aðeins

29.900



SKEMMTILEG

GJÖF

Prentið jóla kortin og myndirnar sjálf fyrir þessi jól, tilboð á öllum Canon vörum í dag

Í dag er **Canon** dagur í öllum verslunum Tölvulistans. Í tilefni dagsins verða tilboð á öllum vörum frá **Canon**. Sérfræðingar frá **Canon** verða á staðnum og kynna stafrænar myndavélar og prentara, einnig verður sýnt hve einfalt er t.d að prenta sín eigin persónulegu jóla kort og myndir fyrir þessi jól. Upplagt tækifæri til að undirbúa jóla kortin snemma í ár.

TÖLVULISTINN

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

PETTA GERÐIST > 12. NÓVEMBER 1982

Lech Walesa sleppt úr haldi

Á þessum degi árið 1982 slepptu pólsk yfirvöld Lech Walesa, leiðtoga hinnar útlægu hreyfingar Samstöðu, úr haldi eftir ellefu mánaða þrúning. Aðeins tveimur dögum áður hafði lögregla notað tárugas og vatns-sprautur til að kveða niður mótmæli stuðningsmanna Samstöðu í Varsjá og öðrum pólskum borgum.

Walesa var ákaft fagnað þegar hann var látinn laus en hann hafði verið handtekinn 13. desember árið áður þegar herlög voru sett í landinu. Flokkur hans var samt sem



áður bannaður áfram og fékk ekki leyfi til að starfa á ný fyrr en árið 1989. Walesa hlaut friðarverðlaun Nóbels árið 1983 en þorði ekki að fara úr landi af ótta við að fá ekki að snúa heim. Verðlaunin urðu þó til að auka stuðning við Samstöðu en ríkjandi stjórn varð æ óvinsælli meðal íbúa landsins.

Árið 1990 var Samstaða komin í ríkisstjórn og Walesa var kosinn forseti Póllands en því embætti gegndi hann til ársins 1995.

LECH WALESA.

MERKISATBURÐIR

- 1927 Leon Trotsky er vísað úr Kommúnistaflokknum í Sovétríkjunum.
- 1944 Bretar sökkva þýska herskipinu Tirpitz þar sem það liggur við akkeri í norskum firði.
- 1954 Ellis-eyja, aðal innflytjenda skráningarstöð Bandaríkjanna í 62 ár, lokar.
- 1967 Síðustu tíu íbúarnir flytja úr Flatey á Skjálfanda. Nokkrum árum áður bjuggu þar um hundrað manns.
- 1974 Þórbergur Þórðarson rithöfundur andast 85 ára.
- 1980 Geimskipið Voyager 1, tekur fyrstu nærmýndirnar af Satúrni.
- 1991 Gjaldþrotaskipta er óskað fyrir Íslenska stálfélagið hf.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ANDLÁT

Ingbjörg Þóroldsdóttir, Vogatungu 35, Kópavogi, andaðist á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð, miðvikudaginn 9. nóvember.

Kristine Karoline Jónsdóttir, Veghúsum 31, Reykjavík, andaðist á heimili sínu miðvikudaginn 9. nóvember.

JARÐARFARIR

11.00 **Geir Dalmann Jónsson**, Dalsmyrni, Norðurárdal, verður jarðsönginn frá Hvammskirkju.

11.00 **Sverrir Steindórsson**, Grundartjörn 14, Selfossi, verður jarðsönginn frá Selfoskirkju.

13.00 **Sigríður Jónsdóttir** frá Stóruvöllum, Bárðardal, síðast til heimilis að Así í Hveragerði, verður jarðsöngin frá Hveragerðiskirkju.

13.00 **Skúli Jónsson** bóndi á Selalæk, Rangárvöllum, verður jarðsönginn frá Keldnakirkju.

13.30 **Ásgerður Theodóra Jónsdóttir**, Hrísholti 12, Selfossi, verður jarðsöngin frá Selfoskirkju.

14.00 **Helga Karítas Rögnvaldsdóttir**, Sundstræti 25a, Ísafirði, verður jarðsöngin frá Ísafjarðarkirkju.

14.00 **Hermann Búason**, Dvalarheimili aldraðra, Borgarnes, verður jarðsönginn frá Borgarneskirkju.

14.00 **Óli Sveinbjörn Júlíusson**, verður jarðsönginn frá Hafnarkirkju, Höfn í Hornafirði.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

LEGSTEINAR

SÍHELGAÐSON

Skemmuvegi 48

S: 557 6677

www.steinsmidjan.is



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigríður Jónsdóttir

Hringbraut 50, (áður Tómasarhaga 44) Reykjavík,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Grund miðvikudaginn 9. nóvember.


Útför hennar verður gerð frá Eyvindarhólakirkju, Austur-Eyja fjöllum, og verður auglýst síðar.

Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

AFMÆLI



Samúel Örn Erlingsson sjónvarpsmaður er 46 ára.



Sigurlaug Margrét Jónsdóttir útvarpskona er 42 ára.




Arnar Gauti Sverrisson sjónvarpsmaður er 34 ára.

FÆDDUST PENNAN DAG



1840 Auguste Rodin myndhöggvari.



1866 Sun Yat-Sen, kínverskur uppreisnarleiðtogi.



1929 Grace Kelly leikkona.



ÞURÍÐUR Á RÖÐLI Hindúar biðja í ánni Bagmati á Chhat-hátíðinni í Katmandú í Nepal.

AP



FEIMIN AÐ EÐLISFARI Það var aldrei ætlun Þuríðar að gerast söngkona enda leið henni ekki vel á sviði til að byrja með.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÞURÍÐUR SIGURÐARDÓTTIR Á FJÖRUTÍU ÁRA SÖNGAFMÆLI:

Klippti sparikjól mömmu í Sonny og Cher-búning

Fyrir fjórtíu árum var Guðlaugur Bergmann, umboðsmaður hljómsveitar Lúðó og Stefáns, að leita að ungu fólki sem vildi skemmta ungu fólki. Þá voru haldnir unglíngadansleikir í Lúðó, Bítlarnir að verða vinsælir og allt í einu urðu unglíngar sérstakur þjóðflokkur. Það var um þetta leyti sem Guðlaugur uppgötvaði hina sextán ára Þuríði Sigurðardóttur sem síðar varð ein ástsælasta dægurlagasöngkona þjóðarinnar.

„Guðlaugur var í handbolta með bróður mínum og nefndi við hann hvort hann vildi koma fram. Það þótti Ævari bróður mínum fráleitt og benti því á mig,“ segir Þuríður þegar hún minnst upphafs ferils síns. Þau systkin voru börn Sigurðar Ólafssonar söngvara og því þótti sjálfsgætt að þau gætu sungið. Þuríður var nú heldur treg til en Guðlaugur fékk hana þó til að mæta á æfingum í Þórskaffi þar sem hún tók eitt lag með hljómsveitinni. „Ég ætlaði að láta þar við sitja, því mér leið ekkert rosalega vel með þetta og var bara feimin,“ segir Þuríður en þá var of seint að hætta við því Guðlaugur hafði þá þegar auglýst hana sem nýja söngkonu þann orlagaríka dag, 13. nóvember 1965.

Þuríður minnst þess að hún hafi ekki átt nein fót til að syngja í, en þemað var Sonny og Cher. „Cher var sérkennilega klædd



SPILAÐ Á RÖÐLI Þuríður syngur með hljómsveit Magnúsar Ingimarssonar. Í kvöld eru fyrstu tónleikar af þremur þar sem hún rifjar upp dægurlög sem hún hefur sungið á ferli sínum.

í þröngum buxum með útvíðum skálum, sem var tíska sem varla var komin til landsins og fékkst ekki í verslunum,“ minnst Þuríður en hún dó þó ekki ráðalaus. „Ég fór í fata-skápinn, tók sparikjólinn hennar mömmu og klippti hann niður í svona búning,“ segir Þuríður og skellir upp úr, en móðir hennar fyrir-gaf henni þó athæfið.

Þuríður segist í eðli sínu vera feimin og því alls ekki sjálfgefið að hún yrði langlíf í sviðsljósinu. Eitt leiddi þó af öðru og Svavar Gestas hafði samband við hana og vildi láta hana syngja inn á hljómplötu og Þuríður lét til leiðast.

„Ég var eina stelpa og datt inn í þetta karlasamfélag í hljómsveit Magnúsar Ingimarssonar og fór

að syngja fyrir fólk sem var mun eldra en ég,“ segir Þuríður sem hafði ekki einu sinni aldur til að vera inni á ballstöðunum. Hún segir reynsluna þó ekki hafa verið skemmandi á neinn hátt fyrir hana sem unglíng enda hafi strákarnir í hljómsveitinni komið fram við hana sem slíkan. „Þegar við vorum búnar að spila úti á landi var ég kysst góða nótt, meðan þeir fóru kannski í parti,“ segir hún hlæjandi og grunar að faðir hennar hafi haft þar einhver áhrif. Þuríður söng með ýmsum hljómsveitum á næstu árum en það var þó alltaf draumur hennar að gerast myndlistamaður og var það upphaflegt markmið hennar með því að ráða sig með hljómsveit að spila öll kvöld að geta safnað fyrir

námi í myndlistarskólunum. Draumurinn rættist og útskrifaðist Þuríður með BA gráðu í myndlist árið 2001. Í fyrria var hún útnefnd bæjarlistamaður Garðabæjar. „Þetta var mikill heiður og mig langaði að borga fyrir mig,“ segir Þuríður sem fékk þá hugmynd að gera það með tónlist. Þuríður heldur þrenna tónleika á næstunni þar sem hún rifjar upp dægurlög sem hún hefur sungið á ferli sínum. Lög eins og Ég ann þér enn, og Ég á mig sjálf, sem er einnig heiti tónleikaradarnar. Fyrstu tónleikarnir verða á Hótel Geysi í kvöld, á Garðatorgi fimmtudaginn 17. nóvember og í Salnu, Kópavogi sunnudaginn 20. nóvember, en efnisskráin á tónleikunum verður ekki öll sú sama. ■

VAXTALAUS GREIÐSLUDREIFING
Í ALLT AÐ
12
MÁNUÐI*



VAXTALAUS NÓVEMBER

BJÓÐUM VAXTALAUSA GREIÐSLUDREIFINGU
Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI*

FYRSTA GREIÐSLA Í JANÚAR

FABRIKAN

*TILBOÐIÐ GILDIR EF VERSLAÐ ER FYRIR YFIR 100.000 KR.
TILBOÐIÐ GILDIR ÚT NÓVEMBER.

TEKK
COMPANY

ÓPIÐ LAUGARDAGA 10-16 OG SUNNUDAGA 13-16

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | Sími 564 4400 | Fax 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

Esjan skartar hvítu og fburð-armiklu sjali þann ískalda morgun þegar konan sem Íslendingum er hvað kunnust fyrir ritstörf og ærlega gagnrýni á listir setur ketilinn yfir.

„Það þýðir ekkert að vera hrædd,“ segir Súsanna spurð hvernig hún hafi kjark að opinbera eigið bókmenntaverk eftir að hafa sent rithöfundum tóninn í árunna rás. „Ég hef sjálf fengið óvægna gagnrýni, og þótt sumum hafi fundist ég miskunnarlaus á köflum var ég um leið einstaklega jákvæður gagnrýnandi,“ segir Súsanna sem les vel yfir tvö hundruð bækur á ári.

Morðplott í San Fransískó

Það var skömmu eftir síðustu jól að Súsanna gaf vinum og vandaðmönnum bókasafnið sitt og hélt utan til San Fransískó til að ljúka við gerð Dætra hafsins. Sagan segir af frænkunum Herdís og Ragnhildi sem fær í hendur dulárfullar minningabækur þeirrar fyrrnefndu eftir að hún er myrt með grimmilegum hætti. Við nánari athugun kemur í ljós að Herdís var kynlífsfíkill með svæsin leyndarmál í farteskinu.

„Konur verða mér alltaf yrkisefni og ég velti fyrir mér hlutskipti þeirra sem manneskjur í veröldinni. Þá er ég ekki að tala um jafnréttisstöðu í námi og starfi, heldur því félagslega, bælda uppeldi sem stúlkur hljóta en eiga að enda sem heilbrigðar og skynsamir á eftir. Þær eiga að vera eins persónur frá fæðingu til hárrar elli, og ef þær eru ekki alltaf eins alla tíð eru þær taldar óáreiðanlegar. Þannig er meðvitað bælt niður í okkur hve við erum margþættir, flóknir persónuleikar,“ segir Súsanna alvarleg í bragði, en viss um að margir eigi sér jafn leyndardómsfullt líf og Herdís í bókinni.

„Margir eru fastir í þeim eina þætti persónuleikans sem leyfilegt er að sýna og þótt við séum næsthamingjusamasta þjóð heims vitum við að mörgum líður ofboðslega illa. Við höfum háa sjálfsmorðstíðni, þunglyndislyfjaneyslu og margir eru í kröm þótt þeir nái að setja upp grímu þegar þeir labba út heiman frá sér til að mæta í vinnu eða öðru fólki. Herdís, á hinn bóginn, lifir lífi sem við höfum ekki leyfi til að lifa og algjörlega út frá þeim þætti sem

„Ég dáist að karlmönnum, hef aldrei haft náttúru til kvenna og finnst karlmannskynfærin flott.“

er bannaður,“ segir Súsanna sem fléttar inn í söguna grískri goðafræði.

„Grísku guðirnir gerðu allt sem mennirnir mega ekki. Þeir sofa hjá þeim sem þeim sýnist, refsa og hefna sín, elska í botn og fylgja sínum örlogum alla leið. Þeir lifa hinu mennska lífi til fulls, meðan hinir mennsku þurfa að lifa guðlegu lífi,“ segir Súsanna brosmild.

Karlmenn æðislegir

Í bók Súsönnu kemur fram það sjónarmið að í hugum kvenna séu karlmenn annað hvort leikföng, óþarfir eða tákmynd ástarinnar. Í huga Súsönnu eru karlmenn einfaldlega æðislegir.

„Ég dáist að karlmönnum, hef aldrei haft náttúru til kvenna og finnst karlmannskynfærin flott. Hins vegar á ég að baki þrjú hjónabönd sem öll stóðu stutt og var í lokin á gati með hver ég eiginlega væri og um hvað líf mitt snerist. Vitaskuld hef ég farið í gegnum þá gremju sem einstæðar konur til lengri tíma ganga í gegnum og sótt mér elskhuga þegar ég þurfti á þeim að halda. Hef þannig algjörlega afsannað þá mytu að konur þurfi að vera ástfangnar til að sofa hjá karlmönnum eða fá fullnægingu í kynlífi,“ segir Súsanna af einlægni og ákveðni.

„Ég hafði kynhvöt og vildi sofa hjá, en ég mæli ekki með skyndikynnum. Þau hafa alltaf tilfinningaleg áhrif á mann og stundum fékk ég óbragð í munninn og fannst ég hafa sett niður. Það



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Erótískt morð & klárar konur

Konur verða Súsönnu Svavarsdóttir yrkisefni í Dætrum hafsins; erótískt fléttaðri morðsögu. Þórdís Lilja Gunnarsdóttir fékk sér morgunkaffi með Súsönnu í fagurri morgunskímu nóvembermánaðar.

heggur skarð í sjálfmat manns og sjálfsvirðingu. Ég fylgdist náið með öllum tilfinningum og viðbrögðum því mig langaði að vita hvers vegna ég gerði hlutina svona, en eftir síðasta hjónabandið dró mikið úr þessum athöfnum því ég vissi ekki hvað ég vildi né hvar ég stóð sem kynvera,“ segir Súsanna sem í þriðja hjónabandi sínu hafði gíft kynlífsfíkli.

„Áhugi hans á kynlífi snerist um allt sem var handan við eðlileg mörk. Ég var ekki tilbúin að fylgja honum eftir og þá gat hjónabandið ekki lengur staðist. Því stóð hann upp einn daginn og sagðist ekki nenna að vera kvæntur miðvikudagskonu eins og mér. Ég var heppin að losna við hann, en fór upp frá því að velta fyrir mér hvað ræður kynhegðun okkar,“ segir Súsanna sem í kjölfarið skrifaði erótískt smásagnasafn þar sem hún skoðar tengsl milli sálarlífs og kynhegðunar.

Gróteskt frelsi kvenna

Eftir uppgjör og upprætingar á þröskuldum lífsins segist Súsanna frjáls og laus við höft sem henni voru innprentuð af samfélaginu sem hún ólst upp í.

„Hingað til hef ég ekki verið tilbúin til að gefa af sjálfri mér og þá er ekki hægt að vera í ástarsambandi. Ég hef hvorki haft tíma né orku í að byggja upp samband, en birtist ástin tek ég henni fagnandi. Ef ekki, tek ég lífi mínu eins og það kemur einnig fagnandi. Mér líður ofsalega vel án ástarinnar en hef ekkert á móti henni, því þá veit ég að mér líður svo miklu betur. Ég er bara svo hryllilega rómantísk að mér er ómögulegt að byggja upp langtímasamband án þess að vera ástfangin,“ segir Súsanna sem aldrei hefur litið á karlmenn sem leikföng, hvað þá barnaleikföng.

„Til eru margir mjög varhuga-verðir gripir, rétt eins og konur. En karlmenn heilla mig og ég dáist að hæfileika þeirra til að viðhalda leikum og geta haldið áfram að leika sér. Við konur höfum tilhneigingu til að halda að

heimurinn sé að mæna á okkur og tökum okkar svo dauðans hátíðlega, en heiminum er skítsama. Við erum strangar við sjálfar okkur, ábyrgar og viljum sýna að við stöndum okkur þótt strákarnir geri það ekki, en til hvers? Af hverju njótum við ekki bara lífsins líka?“ spyr Súsanna og setur upp undrunarsvip.

„Karlmenn halda áfram að njóta lífsins og leika sér þótt þeir kvænist og eignist börn, en þegar konur ætla að brjótast undan höftunum kunna þær það ekki, en drekka sig í staðinn fullar og verða hrollvekjandi ágangar. Ég hef horft upp á konur beita karlmenn kynferðislegu áreitni sem karlmenn mundu lenda í fangelsi fyrir. Það finnst mér ömurleg þróun því það er ekkert frjálst við að vaða upp að karlmanni, grípa í klofið á honum eða nudda sér upp við hann á fyllerí inni á skemmtistað. Of oft hef ég þannig horft á konur segja algjörlega skilið við sjálfsvirðingu sína til að upplifa frelsi, en þetta er gróteskt frelsi sprottið af því að við þekkjum ekki okkar eigin takmörk og ramma, og skortir forsendur til að stunda frálselegan lífnað á heilbrigðan hátt.“

Kvalafull kynlífsfíkn

Í Dætrum hafsins missir sögupersónan Herdís tökin á kynlífsfíkn, en kynlíf er rauður þráður í sögufléttu Súsönnu. Hún segir af og frá hægt að skrifa bók af þessum toga nema hafa reynt hlutina sjálfur.

„Allt er þetta mín lífsreynsla og ég sjálf er alls staðar í bókinni, en hvað kynlífslýsingarnar varðar hef ég ekki reynt það allt, en þó farið á kynlífsklúbbinn sem Herdís stundar og á sér stoð í raunveruleikanum. Þangað var ég dregin án þess að hafa hugmynd um hvert ég var að fara og var fljót aftur út, en ástandið þar innandyra var skelfilegt. Hrein skelfing,“ segir Súsanna sem í þriðja hjónabandinu upplifði beint í æð hvað kynlífsfíkn þýðir og hvernig sjúkdómurinn þróast.

„Þegar eigenmaður minn aðhafðist eitthvað var spennan yfirgengileg, en þess á milli var hann brotinn og átti svakalega bágt. Þetta er hrikaleg fíkn og líðan. Látlaus kvöl og sársauki fyrir alla sem að sjúklingnum standa,“ segir Súsanna sem víðurkennir að örðuglega hafi gengið að skrifa um kynlíf í bókinni.

„Tilfinningalega var það ekki erfitt, en það sem gerði verkið strembnara er hvað íslenskan er fátæk af orðum. Í orðaforða okkar er nánast þögn um allt sem viðkemur kynlífi og í raun stórmerkilegt hve mörg fordæmandi hugtök finnst um konur sem stunda kynlíf með þeim sem þeim sýnist, en engin samsvarandi hugtök um karla í sömu sporum. Af þessu má einnig sjá að konur eru dæmdar sem kynverur. Ætlum við okkur að njóta kynlífs á eigin forsendum erum við jafnvel ekki taldar ráða við störf sem við höfum unnið við árum saman. Þetta veit Herdís í sögunni og grjótheldur því kjafti yfir sínu kynlífi, því hún veit að það kostar hana allt; mannorð, vinnu og afkomumöguleika. Þetta veit Ragnhildur líka og er búin að loka á þennan möguleika í sínu lífi, enda ekta íslensk stúlka sem stendur sig vel en líður ofboðslega illa.“

Að elska og sleppa

Súsanna segist með Dætrum hafsins hafa skrifað bókina sem hún vildi skrifa og vera afar sátt við útkomuna.

„Ég tók bara bankalán og dreif mig til San Fransískó því ég vissi að hér heima mundi ég ekki setjast niður til að skrifa. Þar þekkti ég engan og liðu oft heilu vikurnar án þess að ég sæi manneskju, aðra en þá sem urðu á vegi mínum þegar ég fór út að ganga eða skrappt í Broder's-bókabúðina eða á djassbar til að fá næringu og hugsa,“ segir Súsanna og jatar að vera illa haldin af heimþrá.

„Það er margt gott í Bandaríkjunum en ég sakna Íslands og Íslendinga mikið. Íslendingar eru svo skemmtilega galnir og

Það var ekki alltaf auðvelt að sleppa eiginmanni. Ekki í öll skiptin. Og stundum var það hræðilega sárt og nánast óyfirstíganlegt.“

framkvæmdasamir, og hér ríkir skemmtilega abstrakt hugsun. Í hnattvæðingarsamfélaginu er tilhneiging til að gera alla eins, en Íslendingar eru skrautlegur flokkur. Og þótt í San Fransískó búi allar þjóðir heims er þar meiri persónuleikaflateskja en hér á litla Íslandi. Ég hef þannig aldrei hitt mann sem mig langar til að deita í þessu 300 milljóna samfélagi, en hér hitti ég þá á hverju horni!“ segir Súsanna og skellir upp úr. Segist aldrei hafa alið með sér rithöfundadraum, enda blaðamennskan hennar líf og yndi.

„Ég ætlaði aldrei að skrifa bók en eftir annan skilnaðinn var ég mikið ein með börnin og langt niðri því ég sá svo ofboðslega eftir manninum og þeim draumi sem hefði getað orðið. Þegar kvöldaði um helgar var ég sérstaklega niðurdregin, en hafði áskotnast tölvuskrifli sem ég notaði mér til skemmtunar við að skapa minn eigin heim, sem var bæði myndin og skemmtilegur, og þar sem allir gerðu tóma vitleysu. Það hélt í mér lífinu í heilan vetur,“ segir Súsanna, en skrif hennar heima í stofu búrúst útgefendum óvart til eyrna.

„Í hvert sinn sem ég hef lokið við að skrifa bók hef ég svarið að skrifa ekki aftur, en svo leitar á mig efnið. Jóhann Páll Valdmarsson útgefandi beitti klækjum til að ég kláraði Dætur hafsins og ég er honum þakklát. Finnst ég hafa töluvert að gefa og lít nú ekki á bókina sem mína síðustu,“ segir Súsanna einlæg og neitar því að sakna sögupersóna sinna þegar bókina er komin út.

„Það hefur alltaf verið mitt prinsíp að sleppa. Maður verður að elska nógu mikið til að gefa þeim sem maður elskar frelsi og virða að stundum þurfa þeir að fara aðra leið til að takast á við sjálfa sig og þroskast. Það var ekki alltaf auðvelt að sleppa eiginmanni. Ekki í öll skiptin. Og stundum var það hræðilega sárt og nánast óyfirstíganlegt.“

Privatkona fjalla og kyrrðar

Dætur hafsins gerist um víða veröld. Súsanna hefur heimsótt marga af þeim stöðum sjálf en segist helst af öllu vilja búa í Grundarfirði.

„Ég fer eins oft á Snæfellsnes og ég kemst. Þar er kyrrðin svo góð og ég sæki mikið í kyrrðina. Sem betur fer hef ég eignast nýtt áhugamál, sem er fjöllin og að ganga á þau. Ég er mikil privatmanneskja, en ekki bara ein gríma, frekar en aðrir. Ég hef skoðanir á samfélaginu og vinn fyrir launum mínum ef ég er ráðin til þess að hafa skoðanir,“ segir Súsanna glaðlega, en hún hefur nú lifað í hálfu öld og tvö ár betur.

„Mér finnst yndislegt að eldast. Ég er búin að gera svo margt og reyna svo mikið, sem á köflum hefur verið þrautin þyngr, en af því ég tókst á við það í stað þess að fá mér töflur við sársaukanum, hefur lífsreynslan skilað mér mikilli lífsgleði. Mér hefur aldrei þótt eins spennandi að vera kona og einmitt núna. Ég er farin að fylla betur út í húðina, það sést á líkamanum og andliti að ég hef lifað og eignast þrjú börn, og mér finnst líkami minn miklu fallegri nú en þegar ég var ung. Æskudýrkun er á undanhaldi og ánægjulegt að fylgjast með þróun í fjölmörgum Bandaríkjunum þar sem sjónvarpsstöðvarnar eru hættaðar að ráða fermingarbörn í frétta- og fréttaskýringarþætti, en í staðinn fullorðið, lífsreynt fólk með þroska og yfirsýn á lífið og tilveruna,“ segir Súsanna hláturmild og full tilhlökkunar að takast á við fjöllin, ástina og lífið heima á Íslandi þegar hún hefur skotist aftur út til að hnýta lausa enda í fegurstu borg Bandaríkjana. ■

Íslenskir tónlistardagar

Öll íslensk tónlist án virðisauka í nóvember

TAX FREE TÓNLIST



1.605 kr
verð áður 1.999

ÓSKAR PÉTURSSON - Þú átt mig ein
Áritar nýju plötuna í Hagkaupum
Skeifunni í dag kl. 14:00



1.605 kr
verð áður 1.999

BERGSVEINN - September
Áritar nýju plötuna í Hagkaupum
Smáralind í dag kl. 15:00
Skeifunni í dag kl. 16:00

ÁRITAR OG SPILAR
Í SMÁRALIND KL. 16:00



1.605 kr
verð áður 1.999

HELGI BJÖRNS - Yfir Esjuna

ÁRITA Í KRINGLUNNI
KL. 14:00



1.605 kr
verð áður 1.999

NYLON - Góðir hlutir

ÁRITAR Í KRINGLUNNI
KL. 15:00



1.605 kr
verð áður 1.999

REGÍNA ÓSK

ÁRITAR Í KRINGLUNNI
KL. 16:00



1.605 kr
verð áður 1.999

RAGNHEIÐUR GRÖNDAL - After the
rain

ÁRITAR Í SMÁRALIND
KL. 14:00



1.605 kr
verð áður 1.999

BJARNI ARASON - Svíng

ÁRITA Í SPÖNGINNI
KL. 15:00



1.605 kr
verð áður 1.999

Á MÓTI SÓL - Hin 12 topplögin

ÁRITAR Í SKEIFUNNI
KL. 15:00



1.605 kr
verð áður 1.999

RAGGI BJARNA - Með hangandi hendi

ÁRITAR Í SKEIFUNNI
KL. 15:00



1.605 kr
verð áður 1.999

JÓN SIGURÐSSON - Til þín



1.605 kr
verð áður 1.999

ÝMSIR - Undir Dalanna sól



1.605 kr
verð áður 1.999

SVALA BJÖRGVINS - Bird of Freedom



1.605 kr
verð áður 1.999

HERA - Don't play this



1.605 kr
verð áður 1.999

SÁLÍN HANS JÓNS MÍNS - Undir þínum
áhrifum

Gildir til 30. nóvember eða á meðan birgðir endast.


Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður fullan
virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin er alfarið á kostnað
Hagkaupa.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



UMDEILDUR Jón hefur komið við sögu í fjölmörgum hitamálum í viðskiptum og stjórnmálum þannig að ævisaga hans hlýtur óhjákvæmilega að vera krassandi lesning.



Tók ekki við skipunum frá Valhöll

Jón Ólafsson í Skífunni er einn umtalaðasti og litríkasti athafnamaður landsins. Einar Kárason rithöfundur hefur ritað ævisögu Jóns í Jónsbók sem kemur út í næstu viku. Jón dregur ekkert undan og veitir lesendum inn-sýn í mörg af heitustu viðskiptamálum síðustu áratuga. Fréttablaðið birtir hér kafla úr bókinni þar sem Jón segir frá afskiptum Sjálfstæðisflokksins af Stöð 2.

Jón sá trúlega aldrei önnur markmið en þau að græða peninga; reka stöðina rétt eins og önnur fyrirtæki með það í huga að það skilaði sem mestum arði fyrir eigendurna. Og hann hugsaði kannski sem svo að þótt Sjálfstæðisflokkurinn væri stór, þá fylgdu honum samt ekki nema 35-40% þjóðarinnar – viðskiptavina stöðvarinnar. Og þó sá minnihluti yrði eflaust ánægður með að stöðinni væri beitt í pólitískum tilgangi, gæti verið hæpið að espa með því upp á móti henni þau 60

– 65% sem ekki fylgdu Sjálfstæðisflokknum að málum.

Í ónáð hjá flokknum

Það komu líka boð um það til nýju eigendanna á Stöð 2 í ársbyrjun 1990 að Sjálfstæðisflokkurinn ætlaðist til þess að fá að ráða því hver yrði sjónvarpsstjóri, það skyldi verða Friðrik Friðriksson, sem var jafnaldri Jóns Ólafssonar og upprennandi maður í flokknum, hafði verið virkur þar frá unga aldri. En Jón harðneitaði þessari málaleitan. Hann neitaði að hlýða,

og það töldu menn í flokknum að væru mikil hortugheit. Það var farið að líta svo á að Jóni væri ekki treystandi í pólitík.

Um þetta sagði Jón í viðtali við tímaritið Ský um það bil áratug seinna, þegar hann er spurður hvaðan boðin um hver ætti að setjast í sjónvarpsstjórnastólinn bárust:

„Þau komu til mín frá mönnum nátengdum þáverandi borgarstjóra. Það var gífurlegur þrýstingur í þessu máli en ég vildi ekki láta mig. Ég get ekki blandað saman pólitík og viðskiptum. Það er ekki hægt. Ef maður er ábyrgur fyrir fjármunum annarra, eins og er í hlutafélagi, þá er maður ábyrgur fyrir að ávaxta þá peninga. /.../ Það má segja að þarna hafi orðið þáttaskil í starfi mínu fyrir flokkinn. Ég gerði mjög sterka grein fyrir minni afstöðu, sem var sú að ég væri ekki tilbúinn að láta undan pólitískum þrýstingi.“

Og seinna í viðtalinu bætir hann við: „Ég tel að það hafi verið mikil mistök hjá Davíð og forystu Sjálfstæðisflokksins að biðja um þetta“ (Ský, 2002).

En trúlegt er að Davíð og forystu Sjálfstæðisflokksins hafi að sama skapi þótt það mistök af hálfu Jóns að neita þeim um þetta.

„Það áttu eftir að koma fleiri skilaboð frá Valhöll, en ég gegndi þeim aldrei,“ segir Jón.

Skilaboð frá Valhöll

Þótt Bolli Kristinnson vilji ekki kannast við það nú á haustdögum 2005 þá segir Jón að það hafi verið hann sem bar honum skilaboðin um að Valhöll vænti þess að Friðrik yrði sjónvarpsstjóri. Og flestir meðeigenda Jóns munu hafa talið að þeim væri ekki stætt á öðru en að fylgja fyrirmælum svo valdamikilla afla. En Jón stóð fastur á því að hann væri búinn að handsala við Þorvarð að taka

að sér stöðuna, og að ekki kæmi annað til greina en að standa við það.

Og rétt er að minna á að þegar þetta gerðist voru innan við tvö ár liðin frá því að forysta Sjálfstæðisflokksins hafði á mjög skýran hátt látið Jón vita að hann væri þeim ekki þóknalegur, þegar velja átti varaformann fyrir Landsmálafélagið Vörð.

Pólitískur titringur

Stöðin hafði enga yfirlýsta pólitíska stefnu, en þær athugasemdir sem heyrðust fyrstu ár hennar beindust helst að því að hún væri of höll undir Sjálfstæðisflokkinn. Þannig kemur fram í Tímanum 13. apríl 1991, í undanfara alþingiskosninga það vorið, að starfsmenn og kosningastjórar nokkurra stjórnmálaflokka í Reykjavík annarra en Sjálfstæðisflokksins hafi að undanfögnu rætt það óformlega sín á milli að frambjóðendur þeirra hætti að koma fram á Stöð 2. „Ástæðan er óánægja með umfjöllun sjónvarpsstöðvarinnar um kosningabaráttuna, þar sem menn telja að Sjálfstæðisflokknum sé freklega hygláð og taurum hans dreginn með áberandi hætti.“ Síðan eru í fréttinni nefnd dæmi máli þessu til stuðnings, eins og að á dagskrá stöðvarinnar laugardaginn þar á undan, í miðri kosningabaráttunni, var ákveðið að endursýna viðtalsþætti við tvo af helstu forystumönnum Sjálfstæðisflokksins, þá Þorstein Pálsson og Friðrik Sophusson, sem báðir tóku við ráðherraembættum í kjölfar kosninganna.

Skaðlegar ásakanir

Þegar þetta gerðist var Páll

Magnússon orðinn sjónvarpsstjóri Stöðvar 2. Ekki er hægt að fullyrða hvort þarna hafi verið um tilviljun að ræða og það er heldur ekki vitað hvort þetta tiltekna mál hafi kostað einhverjar umræður á meðal eigenda stöðvarinnar, en þó er ljóst að svona ásakanir taldi Jón Ólafsson skaða fyrirtækið. Sigurður G. Guðjónsson segir að menn í eigendahópi Stöðvar 2, til að mynda Jóhann Óli Guðmundsson hjá Securitas, hafi ekki bara viljað styðja Sjálfstæðisflokkinn, heldur tiltekinn arm þar innanhúss: Þorsteinsarm Pálssonar. Þeim armi tilheyrði Ólafur G. Einarsson og segir Sigurður að Jóhann hafi fengið í gegn að stöðin styddi hann fjárhagslega í prófkjörsdrag, en að það hafi reyndar verið falið á einhvern hátt og látið líta svo út að stuðningurinn kæmi frá knattspyrnufélaginu Víkingi. Ákvörðunin um þennan stuðning var tekin án þess að Jón Ólafsson væri hafður með í ráðum, en sagt er að þegar Jón hafi séð ávísunina sem var búið að útbúa og frétti í hvað hún væri ætluð hafi Jón tekið hana og rétt til Jóhanns

Óla persónulega, svona eins og til að sýna svo ekki yrði um villst að þetta hefði ekki farið framhjá honum.

Opið prófkjör 12. nóv í Smáraskóla

Kosningaskrifstofa
Arnarsmára 32
sími - 822 5100
lindabents@simnet.is

Linda Bentsdóttir
1. SÆTI

UNGUR OG ÁKAFUR Skífan var í fyrstu lítil plötuverslun á Laugavegi en á henni byggði Jón viðskiptaveldi sitt.





Una María **1**sæti

Kjarnakona með kraft, þekkingu og vilja til að vinna fyrir íbúa Kópavogs

Kópavogur verði bær fólksins:

- Betri almenningssamgöngur innan Kópavogs til að auðvelda íbúum aðgang að stofnunum og þátttöku í íþrótt- og félagsstarfi
- Fasteignagjöld í Kópavogi verði lækkuð
- Íþrótt-, lista- og tómstundaskóli verði í dægradvöl við alla grunnskóla bæjarins
- Fyrsta skólastigið, menntun í leikskólum, verði gjaldfrjálts
- Aukin áhrif íbúanna um málefni bæjarins og auðveldari aðgangur að stjórnkerfinu
- Nýjan framhaldsskóla í Kópavog og aukin áhersla á verknám í öllum menntastofnunum bæjarins
- Íbúum og fyrirtækjum verði gert auðveldara að flokka og endurnýta úrgang
- Fjölgun íbúðarhúsnæðis fyrir aldraða

Opið prófkjör - í dag kl. 10 - 20 í Smáraskóla Kópavogi
Taktu þátt - veldu þitt fólk til forystu

www.unamaria.is

Velkomin á kosningaskrifstofuna - heitt á könnunni - stuðningsfólk Unu Maríu





ESI EDUGYAN Kanadíski rithöfundurinn Esi Edugyan heillaðist af Íslandi þegar hún las Sjálfstætt fólk eftir Halldór Laxness.

Sjálfstætt fólk dró hana til Íslands

Kanadíski rithöfundurinn Esi Edugyan var 21 árs þegar hún rakst af tilviljun á Sjálfstætt fólk og ákvað samstundis að hún yrði að fara til Íslands. Nú situr hún á Skriðuklaustri og lýkur við aðra bók sína, sem gerist að hluta í Reykjavík. **Sigrún María Kristinsdóttir** hitti Esi og forvitnaðist um uppruna hennar, ritstörfin og Íslandsáhugann.

Esi Edugyan var stödd í bóka-búð í Viktoríuborg í Kanada árið 1999 þegar hún dró bók af handahófi fram úr hillunni. Bókin var Sjálfstætt fólk eftir Halldór Laxness, í enskri þýðingu J.A. Thompson.

„Ég byrjaði að lesa þarna í búðinni og langaði um leið að kaupa bókina og heimsækja Ísland,“ segir Esi, sem var tilnefnd til Hurston/Wright Legacy verðlaunanna, sem afhent voru í New York fyrr í þessum mánuði, fyrir bók sína The Second Life of Samuel Tyne. Verðlaunin veita rithöfundar af afrískum uppruna hver öðrum.

Bókin kom út hjá Knopf Canada forlaginu vorið 2004 og hlaut lofsamlega dóma. Síðan hefur hún komið út í Englandi og Bandaríkjunum og nú síðast í Hollandi.

Esi, sem nú er 28 ára, er stödd á Íslandi til að ljúka við næstu bók sína en hún gerist að hluta til hér á landi. Henni var úthlutað fimm vikna dvöl á Skriðuklaustri en þar er lögð áhersla á að fá útlendinga til rit- og fræðistarfa.

Kanadískar hefðir og afrískir siðir

Foreldrar Esi eru báðir frá Gana en Esi fæddist og ólst upp í kúrekaborginni Calgary í Alberta-fylki í

Kanada. „Ég ólst upp við skemmtilega blöndu af kanadískum hefðum og afrískum siðum. Við börðuðum til dæmis mikið af afrískum mat og foreldrar mínir tilheyrðu samheldnum afrískum vinahópi,“ segir Esi, sem er yngst þriggja systkina. Eldri systkini hennar fæddust í Bandaríkjunum.

„Þó foreldrar mínir séu báðir frá Gana kynntust þeir í San Francisco þar sem faðir minn var að ljúka meistaranámi í verkfræði og móðir mín var við hjúkrunarnám. Pabbi hafði heillast af Kanada svo þau fluttu þangað skömmu áður en ég fæddist,“ segir Esi.

Sem barn las hún mikið og var sískrifandi og sinnti þessum áhugamálum sínum af slíkum krafti að móður hennar leist vart á blikuna.

„Mamma var búin að fá nóg af því að sjá mig sífellt með nefið niðri í bókunum,“ segir Esi og hlær.

Hún lét hins vegar áhyggjur móður sinnar ekki á sig fá og lærði ritlist við Viktoríuháskóla í Kanada. Hún útskrifaðist svo með meistaragráðu í ritlist frá Johns Hopkins-háskólanum í Baltimore í Bandaríkjunum og kennir nú ritlist við Viktoríuháskóla. Hún tók sér þó frí frá kennslu í vetur og er eins og fyrr sagði að leggja lokahönd á

annað handrit sitt á Skriðuklaustri. Jafnframt vonast hún til að geta byrjað að skrifa þriðju bókina sína þar.

Fyrsta bók Esi, The Second Life of Samuel Tyne, fjallar um erfiðleika blökkumanns sem flytur frá Gana til Kanada. Esi byggir hana á reynslu foreldra sinna og annarra Afríkubúa sem fluttust frá Afríku til Vesturheims í byrjun síðustu aldar fram á miðja öld.

Sagan gerist að miklum hluta til í kanadískum bæ sem blökkumenn byggðu í upphafi síðustu aldar en hvítir eru meirihluti íbúa þegar sagan gerist.

„Ég skrifaði bókina árið eftir að ég lauk meistaranáminu en þá vann ég í lagadeild kanadísku ríkisstjórnarinnar í Toronto. Þetta var alveg hræðilegt starf og ég tók mér íðulega veikindafrí til þess að skrifa en mætti síðan í staðinn veik í vinnuna,“ segir hún og hlær dátt.

Heillandi landslag á Íslandi

Esi dvelur á þremur listamannsafdrepum þennan vetur sem hún tekur sér frí frá kennslu. Í maí dvaldi hún í mánuði í kastala í Skotlandi og í mars fer hún til sex mánaða dvalar í kastala skammt frá Stuttgart í

quattro®sýning

25 ár eru liðin frá því að quattro® leit fyrst dagsins ljós. Í tilefni af því efnum við til sýningar á glæsilegum Audi bílum.

Auk þess verður sérstakt **afmælistilboð á quattro® bílum**. Komdu og skoðaðu Audi A3 Sportback, Audi A4 S line og fallegasta bíl í heimi, Audi A6.

Opið í dag laugardag frá kl. 12 til 16.



SKRIÐUKLAUSTUR Þriðjungur lista- og fræðimannanna sem fær aðsetur að Skriðuklaustri, þar sem rithöfundurinn Gunnar Gunnarsson bjó, eru af erlendu bergi brotnir.

Þýskalandi. Í millitíðinni er hún svo á Skriðuklaustri.

„Það var frábært að vera í Skotlandi. Þar dvaldi hópur rithöfunda í guðdómlega fallegu umhverfi og allt var svo hljótt og gott. Ég kom gífurlega miklu í verk þar og það var alveg frábært að vera þarna með öllum þessum rithöfundum og geta rætt um bækur og bókmenntir þegar við vorum ekki að vinna,“ segir Esi og bætir við að þar sem hún muni dvelja í Þýskalandi starfi rithöfundar og aðrir listamenn innan um fólk úr atvinnulífinu sem

vinnur að skapandi hugmyndum. Svo vel er búið að fólki þar að allir fá greidda vasapeninga á meðan á dvölinni stendur.

Esi er hins vegar eini listamaðurinn sem nú er á Skriðuklaustri og styrkti kanadíska ríkisstjórnin hana til ferðarinnar hingað.

Þetta er í annað sinn sem Esi kemur til Íslands en hún kom hingað í stutt frí fyrir tæpum tveimur árum.

„Það var alveg dásamleg upplifun. Ég skoðaði bæði Gullfoss og Geysi, fór í Bláa lónið, kynntist rithöfundum


og fiskimönnum og heimsótti Borgarbókasafnið mikið,“ segir Esi. Hún hefur lesið töluvert af Íslendingasögnum í enskri þýðingu og ætlar sér að lesa meira af þeim íslenskum bókum sem hafa verið þýddar á ensku. Þá er hún að læra íslensku en segir námið ganga hægt.

Hún leggur þó áherslu á að hér sé hún nú til að vinna en ætlar þó að skoða sig um í Hallormstaðaskógi og á Egilsstöðum. „Landslagið hér er svo heillandi, mér finnst ég virkilega vera komin heim þegar ég er hér,“ segir Esi. ■

Annað líf Samúels Tyne

Esi Edugyan var tilnefnd til Hurston/Wright Legacy verðlaunanna fyrir aðra bók sína, *Second Life of Samuel Tyne*, sem á íslensku mætti útleggjast sem *Annað líf Samúels Tyne*. Bókin var fyrst gefin út vorið 2004 af Knopf Canada. Síðan hefur hún komið út á vegum Virago í Englandi, HarperCollins í Bandaríkjunum og Sirene í Hollandi. Bókin fjallar um ungan mann með mikil fyrirheit þegar hann flyst frá Gana til Kanada árið 1955. Eftir fimmtán ára búsetu

í Kanada er hann orðinn ríkisstarfsmaður og hatar starf sitt. Þá erfir hann óvænt stórt hús sem er í niðurníðslu í bænum Aster í Alberta. Þrátt fyrir mótmæli konu sinnar og þrettán ára tvíbura sinna hættir hann í starfi sínu og flyst með fjölskylduna til Aster í þeirri trú að þar eigi hann möguleika á öðru tækifærinu í lífinu. Aster er þó ekki sá bær sem hann sýnist og brátt fer að molna undan því lífi sem Samúel reyndi svo ákaft að bæta.



Veturkonungur



Kína og kjarnorkuvandi á Kóreuskaganum

Pessa dagana standa yfir í Peking viðræður um kjarnorkumál á Kóreuskaganum. Þótt öll spjót beinist nú að Norður-Kóreu eru Kínverjar einnig í flókinni stöðu þar sem þeir freista þess að fá deilendur til að sættast á tímamótasáttmála sem undirritaður var í byrjun september. Á sama tíma reynir á áratugagamalt vináttusamband þeirra við ríkisstjórnina í Pjongjang.

Nýverið lauk þriggja daga opinberri heimsókn Hu Jintao, forseta alþýðulýðveldisins Kína, til Norður-Kóreu. Var þetta fyrsta heimsókn Hu til landsins eftir að hann tók við embætti.

Yfirlýstur tilgangur heimsóknarinnar var að innsigla vinnuáttu hinna gömlu bandamanna og kepptust þeir Kim Jong-il, forseti Norður-Kóreu, við að mæra samfélags- og efnahagshorfur beggja ríkja við hátföldlegar athafnir.

Stjórnmalaskýrendur bæði austan hafs og vestan eru hins vegar sammála um að megintilgangur heimsóknarinnar hafi verið undirbúningur fyrir hugaðra kjarnorkuviðræðna ríkja sex, Bandaríkja Norður-Ameríku, Japans, Kína, Norður-Kóreu, Suður-Kóreu og Rússlands, sem nú standa yfir í Peking. Þá hefur heimsóknin hleypt nýju lífi í samsæriskenningu um samband Kína og Norður-Kóreu.

Kínverska ríkisfréttastofan hélt því til dæmis fram að markmið Hu með heimsókninni hefði ekki einungis verið að tryggja að Norður-Kóreumenn mættu til viðræðnanna heldur hefði ferðin verið farin til að fá ríkisstjórnina í Pjongjang til að standa við samning þann sem Kínverjar lögðu fram og undirritaður var í Peking í september síðastliðnum. Sá samningur er almennt talinn marka þáttaskil varðandi kjarnorkuuppbyggingu á Kóreuskaganum.

Septembersamningur við Norður-Kóreu

Með samkomulaginu féllust Norður-Kóreumenn meðal annars á að hverfa frá áformum sínum um smíði kjarnorkuvopna, láta af hendi þau kjarnorkuvopn sem nú þegar eru til staðar í landinu og heimila eftirlitsmönnum frá Alþjóðakjarnorkumála-stofnuninni að koma til landsins í skiptum fyrir ýmiss konar efnahags- og þróunarástæð frá Bandaríkjunum og Japan.

Suður-Kóreumenn héldu því fram að engin kjarnorkuvopn væru til staðar innan þeirra landamæra og Bandaríkjamenn sögðust ekki hafa uppi nein áform um að ráðast inn í Norður-Kóreu.

Eftir undirritun samningsins hefur ríkisstjórnin í Pjongjang hins vegar gefið frá sér ýmsar yfirlýsingar sem ekki þykja lofa góðu um áframhaldandi samstarf.

Viðskiptahagsmunir ýta undir stöðugleika

Ljóst er að samband Kínverja og Norður-Kóreumanna er flóknara í dag en það var á árum áður, enda hafa þessar þjóðir verið að þróast hvor í sína áttina. Valdhafar í Peking hafa verið í klemmu um hvort þeim beri að styðja við bakið á bandamönnum sínum eða tryggja frið og stöðugleika á Kóreuskaganum. Með aukinni alþjóðlegri samvinnu hafa Kínverjar viljað sýna fulla ábyrgð í utanríkismálum og hafa því verið treg-

ari til að taka undir þær kröfur Norður-Kóreumanna sem stytgt geta vesturveldin auk þess sem viðskiptahagsmunir kalla á vinnsamlegri samskipti við Bandaríkinn og Suður-Kóreu.

Ýmis ummerki eru þó um að bræðralag þjóðanna vari eitthvað áfram því Kínverjar eru eftir sem áður mikilvægustu bandamenn Norður-Kóreu. Peking er í raun eina höfuðborgin þar sem Kim Jong-il getur treyst á pólitískan stuðning auk þess sem mikilvæg efnahagsleg aðstoð í formi matvælagjafa, orku og tækniástoðar við atvinnuuppbyggingu berst frá Kína.

Norður-Kóreumenn eru á hinn bóginn landfræðilega mikilvægir bandamenn ríkisstjórnarinnar í Peking þar sem löndin liggja saman að hluta. Pólistískur og efnahagslegur stöðugleiki í Norður-Kóreu þjónar því beinum hagsmunum Kínverja þar sem efnahagslegt hrun og hugsanlegt fall kommúnistastjórnarinnar í Pjongjang gæti svipt Kínverja þeirri landfræðilegu hindrun sem Norður-Kórea gegnir gagnvart hernaðarlegum uppgangi Bandaríkjaanna í Suðaustur-Asíu, en hernaðarsamvinna Bandaríkjaanna og Japana hefur eflst auk þess sem Bandaríkjamenn hafa talsvert herlið í Suður-Kóreu.

Forgangsverkefni að koma í veg fyrir vígbúnaðarkapplaup

Flestum þeim sem tjá sig um málið í Kína ber saman um að það sé forgangsverkefni í kínverski



HÖFÐINGJARNIR HEILSAST Hu Jintao, forseti Kína (til vinstri), heilsaði starfsbróður sínum í Norður-Kóreu, Kim Jong-il, með virktum viðkomuna til Pjongjang í októberlok. Staða Kínverja með tilliti til kjarnorkumála á Kóreuskaganum er allflókin. NORDIC PHOTOS/AFP

utanríkisstefnu að halda Kóreuskaganum kjarnorkuvopnalausum þó ekki sé nema til að koma í veg fyrir hugsanlegt vígbúnaðarkapplaup í álfunni þar sem Suður-Kórea, Japan og jafnvel Taívan færu að keppast við að koma sér upp kjarnorkuvopnum.

Hins vegar er einnig mikilvægt fyrir þá að halda í mikilvægan bandamann í norðaustri, sem óneit-

anlega flækir málið. Það verður því fróðlegt að sjá hvernig Kínverjum tekst upp í yfirstandandi viðræðum og hvort þeim tekst að fá alla samningsaðila til að halda áfram á þeirri braut sem lagt var upp með í septembersamningnum, sem bersýnlega þjónar kínverskum hagsmunum best.

Byggt á fréttum í Kína og fréttaskýringum. Sveinn Kjartan Einarsson.



MasterCard kynnr:

OKTÓBERBÍÓFEST

LOKASÝNING OKTÓBERBÍÓFEST OG ALHEIMSFRUMSÝNING HOSTEL Í KVÖLD. AÐ VIÐSTÖDDUM QUENTIN TARANTINO, ELI ROTH, DEREK RICHARDSON, BARBARA NEDELJAKOVA, CHRIS BRIGGS OG EYÞÓRI GUÐJÓNSSYNI. UPPSELT.

AUKASÝNINGARNAR Á HOSTEL ERU Á MORGUN, SUNNUDAG OG Á MÁNUÐAG, KL. 20:00 Í REGNBOGANUM. ÖRFÁ SÆTI LAUS.



„Aukasýning? Meira svona plebbasýning.“
- JÖKULL II

Iceland Film Festival



Í Háskólalábió og Regnboga 26. október - 14. nóvember



Sólarupprás Hádegí Sólarlag
 Reykjavík 9.47 13.12 16.36
 Akureyri 9.45 12.57 16.07
 Heimild: Almanak Háskólans

allt

bílar o.fl.
REYNSLUAKSTUR
 Sportlegur og lipur
 Volkswagen Jetta

tíska o.fl.
BRUUNS BAZAAR
 Danskir hönnunarbræður
 fagna afmæli

ferðir o.fl.
ÍSKLIFUR
 Leifur lóðrétti klifur fossa

FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL

Góðan dag!

Í dag er laugardagur 12. nóvember,
 316. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Ég held að Jóhanna
 af Örkinni hafi
 verið konan hans
 Nóa!



SMÁAUGLÝSINGAR

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR
 SÍMI: 550 5000

Jónas Hafsteinsson er ánægður með Unimoginn sinn sem hann segir að fari ekki hratt yfir en komist þeim mun meira.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Torfæruþróll á undan sinni samtíð

Jónas Hafsteinsson er stoltur eigandi Unimog 404, árgærd 1961, enda smíðaði hann yfirbygginguna sjálfur.

Jónas eignaðist bílinn árið 1985. Þá var hann með blæju á framhúsinu og pall að aftan. Fljótlega komst hann yfir hús af sams konar bíl og skipti pallinum út fyrir það. Þannig keyrði hann bílinn næstu 17 árin.

„Fyrir þremur árum byrjaði ég svo að smíða,“ segir Jónas. „Fyrst ætlaði ég bara að smíða framhús og gerði það heima í skúr. Svo ákvað ég að skipta um vél og þá lá beinast við að taka girkassann upp og fyrr en varði var ég búinn að sandblása og mála grindina. Allt kramið er upprunalegt nema mótörinn. Það er 5 strokka Benz díselmótor með túrbínu og millikæli. Svo sem enginn þotuhreyfill en hann endist vel, í það minnsta 600.000 kílómetra.“

Bíllinn er stór og kassalaga og Jónas segir að fólk horfi mikið á hann þegar hann er á ferðinni. „Það eru ekki nema um 50 svona bílar í nothæfu ástandi á landinu í dag.“ Jónas heldur utan um samfélag íslenskra

Unimog-eigenda á netinu en félagsskapurinn fór meðal annars í Þórsmurkurferð síðastliðið sumar. „Ég var að gefast upp í skúrnum og þurfti að finna mér afsökun til að halda áfram að vinna í bílnum. Ég setti því upp heimasíðu sem hefur fengið um 300.000 flettingar á tveimur árum, mest erlendis frá.“

En af hverju þessi stóri bíll? „Þetta er ægilegt torfæruþróll. Hann fer ekki hratt yfir en hann kemst. Það þarf ekki að hækka hann upp, upprunalegu dekkinn eru um 38 tommu há. Hann er á gormum allan hringinn og með 100% læstum drifum. Hásingarnar eru fyrir ofan hjólamiðju með niðurgírningu við hjól. Það eru því 40 cm undir lægsta punkt. Drifskóftinn eru í rörum og hjöruliðskrossarnir smyrjast sjálfkrafa með olíu úr girkassanum og svo mætti lengi telja. Þessi bíll var langt á undan sinni samtíð,“ segir Jónas sem notar bílinn aðallega í veiðar og sumarferðir með fjölskylduna. „Maður skreppur ekkert á svona bíl. Hann er helst ekki settur í gang fyrir minna en 2 eða 3 daga,“ segir Jónas sponkur að lokum. einareli@frettabladid.is

LIGGUR Í LOFTINU [BÍLAR-FERÐIR-TÍSKA]

Tilboðssýning Brimborgar í Reykjanesbæ í dag stendur frá 12 til 17. Þar eru bílar á jólatilboði og nöfn þeirra sem reynsluaka fara í pott sem vegleg verðlaun verða dregin úr. Einnig verður yngri kynslóðinni boðið upp á andlitsmálun. Blöðrufólkið verður á staðnum og boðið upp á grillaðar pylsur og gos.



Elliðarárdalurinn er vettvangur Útivistarræktar á mánudaginn kemur. Lagt er af stað kl. 18 frá stóra brúna húsinu í Elliðarárdal og gengið um dalinn vestanverðan upp að Vatnsveitubru. Áð er við Árbæjarlaugina og gengið til baka eftir austanverðum dalnum. Gangan tekur um 75 mínútur og það er ferðafélagið Útivist sem stendur fyrir henni.

Nýliðum í jeppamennskunni gefst næstu tvær helgar færi á að njóta leiðsagnar reyndari aðila. 18.-20. nóvember verður nýliðaferð Ferðaklúbbsins 4x4 í Setrið, skála félagsins. 25.-27. nóvember verður svo sambærileg ferð í Nýjadal. Tilvalið tækifæri til að kynna grunnatriðum jeppamennskunnar í skemmtilegum félagsskap.

Neglur fylgja sínum eigin tísku-straumum. Í snýrtivörudeildum Hagkaups um helgina verður lögð sérstök áhersla á allt sem tengist höndum og nögglum. Sérfræðingar veita ráðleggingar. Tilboð og kaupaukar verða í boði og gott verð á gervinögglum, naglalakki og handáburði. Nýtið tækifærið og hugið að höndunum.



ÞVÍ HEIMA ER BEST

TAKTU NÆSTA SKREF

FRJÁLS ÍBÚÐALÁN

Frjáls íbúðalán eru verðtryggt fasteignalán með föstum 4,15% vöxtum sem eru endurskoðaðir á fimm ára fresti.

Þú hagar öðrum bankaviðskiptum eins og þér sýnist og kaupir nýtt húsnæði eða endurskipuleggur fjárhaginn. Komdu til okkar í Lágmúla 6, hringdu í síma 540 5000 eða sendu okkur póst á frjalsi@frjalsi.is.

DÆMI UM MÁNADARLEGA GREIÐSLUBYRÐI AF 1.000.000 Kr.*

Lánstími	5 ár	25 ár	40 ár
4,15% vextir	18.485 kr.	5.361 kr.	4.273 kr.

*Lán með jafngreiðsluáferð án verðbóta

ENGIN SKILYRÐI UM ÖNNUR BANKAVIÐSKIPTI

4,15% VEXTIR

LÁNUM TIL KAUPA EÐA ENDURBÓTA



FRJÁLSI
 FJÁRFESTINGARBANKINN



Nagladekk

eru algjörlega málið núna. Þeir sem eru ekki komnir á nagladekkinn ættu að setja þau undir bílinn hið snarasta. Það er ekkert gaman að keyra á af því að maður hefur ekki sýnt nógu mikla fyrirhyggju.

ALLT Á EINUM STAÐ

- VETRARDEKK
- HEILSÁRSDEKK
- OLÍS SMURSTÖÐ
- BÓN OG ÞVOTTUR
- HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
- RAFGEYMAÞJÓNUSTA
- BREMSUKLOSSAR
- ÞÚSTÞJÓNUSTA

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066

HVELLUR.com
Við bjóðum heildarlausnir í snjókeðjum

Viðgerðir
Breytingar
Þjónusta

Búðavogi 6 104 Reykjavík Sími 577 6400



REYNSLUAKSTUR

Volkswagen Jetta er sportlegur og um leið fallegur og rennilegur.

Létt og leikandi Jetta

Volkswagen-aðdáendur fagna áreiðanlega nýrri og stærri Jettu sem komin er á markað. Bíllinn er léttur og leikandi en hefur þó yfir sér virðulegan blæ.


Nýr Volkswagen Jetta rennur ljúflega inn í Volkswagen-fjölskylduna. Það er eiginlega eins og hann sé Passat í aðra ættina og Golf í hina. Volkswagen-svipurinn leynir sér ekki og vissulega svipar honum meira til Passatsins í útliti. Hann er glæsilegur og sportlegur í senn og hefur í raun svipmót stærri bíls.

Að innan er hið traustlega Volkswagen-yfirborð allsráðandi. Þarna eru ekki teknir neinir sénsar heldur farnar sígildar og um leið vandaðar leiðir. Allt er hefðbundið og ekkert kemur á óvart. Bíllinn er afar vel búinn öllum þægindum og má í því sambandi nefna rafstýrða og rafhitaða útispegla, lesljós fram í og aðgengilega stillanlegt stýri. Sömuleiðis er bíllinn vel búinn geymsluhöfnum og drykkjarhöfnum. Af öryggubúnaði má nefna ESP-stöðugleikýringu og að bíllinn er afar vel búinn líknarbelgjum. Farangursrýmið er einnig afar rúmgott og nýtilegt miðað við stærð.

Volkswagen Jetta

1,6l 102 hestafla 5 girja bensín (Trenline) 1.990.000
2,1l 50 hestafla 6 girja dísel (Sportline) 2.550.000

Reynsluekið var annars vegar bíl með 1600 lítra 105 hestafla bensínvél og hins vegar bíl með tveggja lítra 150 hestafla túrbódíselvél. Báðir voru bílarnir liprir með eindæmum og lágu vel og skemmtilega á vegi, þökk sé meðal annars framúrskarandi fjöðrun. Engan þarf þó að undra að sá síðarnefndi var til muna sprækari og því skemmtilegri en hinn sem var þó algerlega framþæringur fjölskyldubíll í minni kantinum en díselbíllinn hefur til að bera snerpu og afl sem gerir akstur-



Volkswagen-svipurinn leynir sér ekki að framan með áberandi grillinu.

inn afskaplega ánægjulegan.

Volkswagen Jetta er bíll af þægilegri millistærð sem hentar til dæmis vel minni fjölskyldum og öðrum þeim sem vilja rúmgóðan en þó ekki of stóran bíl. Aðdáend-

ur Volkswagenbíla eru fjölmargir. Þeim sem finnst Passatinn orðinn of stór en vilja samt bíl með fagaðra yfirbragð en Golfinn fá alveg örugglega það sem þeir vilja í nýju Jettnni.

steinunn@frettabladid.is

SÉRHÆFD ÞJÓNUSTA FYRIR

Jeep CHRYSLER DODGE

BÍLJÖFUR

BIFREIÐAVERKSTÆÐI

Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

BÍLSTJÓRAR - HÆTTIÐ AÐ PRÍLA!

RAFSTÝRÐAR YFIRBREIÐSLUR
FYRIR VÖRUBÍLA, VAGNA OG GÁMA

G.T. ÓSKARSSON EHF

VESTURVÖR 23, 200 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6000 • www.islandia.is/scania

BIFREIÐAVERKSTÆÐI
FRÍÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.

Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi
Sími: 567 7360 · www.bfo.is

SUBARU HONDA NISSAN
Þjónusta Þjónusta Þjónusta

Smurþjónusta fyrir allar gerðir bíla

Eigum olíusíur í flestar gerðir bíla
Komdu með bílinn til okkar!

Frábær verð og góð þjónusta!
Alltaf heitt á könnunni!

SMURSTÖÐIN
„Sá smurði gengur“
STÓRAHJALLA
S. 554 3430



Skottið er þökkalega rúmgott miðað við stærð bílsins.



Í mælaborðinu eru farnar hefðbundnar leiðir.



Innréttingin er afar hefðbundin og með vandað yfirbragð.



Mælur og tæki eru öll með afar hefðbundnu sniði.



Kringlótt afturljós setja sterkan svip á bílinn.

Pægilegur pallbíll til allra nota

Í desember verður kynntur nýr L200 pallbíll frá Mitsubishi.

Við hönnun hans og smíði nýja L200 bílsins voru kröfur Dakar-rallsins hafðar til hliðsjónar og til að undirstrika það sækir bíllinn útlit til Pajero Evo sem hefur unnið Dakar-rallið.

Miklu var tilkostað við að gera bíllinn álíka þægilegan og fólksbíl í akstri og umgengni en þó án þess að slaka á kröfum sem gerðar eru til pallbíla sem vinnubjarka. Að innan gefur hann stórum fólksbílum lítið eftir í búnaði og þægindum, til dæmis er bakhalli á aftursæti meiri en gengur og gerist í pallbílum. Þá hefur farþegarými verið stækkað, beygjuradíus minnkaður og í bílnum má finna ýmsan stöðugleika- og öryggisbúnað sem ekki er algengur í pallbílum.

Þetta er fjórða kynslóð þessa bíls sem hefur haft mjög sterka stöðu í Evrópu undanfarna áratugi. Stærðin hentar vel fyrir evrópskar aðstæður; þröngar götur, stórborgir og þröng stæði, enda var horft sérstaklega til þarfa Evrópubúa við hönnun bílsins.

Gírkassinn í bílnum er mjög lipur og þegar bíllinn er á ferð



Þótt hann hafi færst nær fólksbílum í þægindum og öryggisbúnaði er L200 ennþá vinnubjarkur. Club Cab og Double Cab útgáfurnar rúma Euro-vörubretti á pallinum líkt og Single Cab útgáfan.

þarf ekki að kúpla til að skipta um gíra. Pallurinn hefur fengið andlitslyftingu svo um munar og er ekki lengur bara kassi aftan á bílnum, heldur fylgir hann hönnunarlinum hans og tekur þátt í að skapa álitlegt heildarútlit. Eftir sem áður hentar bíllinn vel sem vinnubíll, til dæmis er burðargetan heilt tonn og pallurinn rúmar Euro-vörubretti, hvort sem um er að ræða Single Cab, Club Cab eða


Húsnæði í boði



Glæsileg íbúð eða allt húsið til sölu eða leigu. Tvær 170m² íbúðir til leigu, önnur með húsgögnum. Einnig er hægt að kaupa fasteignina samtals 440m² og þá fylgir til viðbótar 80m² íbúð eða vinnustofa. Mjög skemmtilega staðsett umkringt útivistarsvæðum neðst í Breiðholti, nálægt Mjódd, skólar, kirkjur, íþróttamiðstöð og verslanir í göngufjarlægð. Nánari upplýsingar á netinu: www.pulsinn.com/hus

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Klíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Höfum einbílshús til sölu á Tálknafirði allar nánari uppl. sími 456-2509 eða 8610259

Glæsilegar fullbúnar tveggja herbergja íbúðir til leigu í 101 Reykjavík, íbúðirnar eru með fullbúna eldhúsi, öllum húsgögnum, sjónvarpi, dvd og internet. Upplýsingar í síma 863 0403.

173 fm íbúð á svæði 105 til leigu frá nóv '05 til maí '06 Sími 862-9293 frá 9-5

2ja herbergja íbúð til leigu í Hafnarfirði. Laus 8. des. Uppl. Ellis í s. 864 6030.

3 herb. íbúð á Lindargötu til leigu í nokkra mánuði. Verð 85 þús. með hita og rafm. Uppl. í s. 660 8505.

Sevilla, Spánn. 3-4 herb. íbúð með innbúi, kábal og ADSL, 560e á mán. Uppl. annamt@visir.is

Til leigu 80 fm 3ja herb. íbúð. á sv. 105 frá 2. des. í nokkra mán. með húsgögnum. S. 696 0491.

Herbergi á sv. 111, aðgangur að eldhúsi, þvottavél og baðh., aðeins reglusamir og reyklausir. S. 698 9859.

Óska eftir að leigja 2-3 herb. íbúð á sv. 101 eða 105. Uppl. í síma 863 9459.

Húsnæði óskast

Ung hjón með 2 börn óska eftir leigu-húsnæði (4 herb. eða stærra) í amk. 1 ár. Öruggar greiðslur. Íris s. 661 1864.

Reglusöm og skilvís kona með barn óskar eftir íbúð til leigu. Uppl. í s. 696 3480.

S.O.S óska eftir snyrtilegri stúdíó íbúð strax. Skilvísun greiðslum heitið. S. 849 4965.

Par með eitt barn óskar eftir 2ja herb. íbúð í Reykjavík. Uppl. í s. 861 7543.

Óska eftir einstaklings íbúð í Hafnarfirði, er reyklaus og reglusöm, hef meðmæli. S. 692 2254.

Tvær stelpur 19 og 20 ára óska eftir íbúð í Rvk helst með húsgögnum. Uppl. 866 0140.

Þrjú kona óskar eftir íbúð á rólegum stað á Höfuðborgarsv. Á 2 kúsur. Skilvís og reglusöm. Uppl. í s. 697 8663.

Kona á sextugsaldri óskar eftir 2 herb. íbúð í langtímaleigu. Ekki í kjallara. Skilvís og reglusöm. Uppl. í s. 896 9882.

Vantar litla stúdíó eða 2. herb. íbúð til leigu frá 01. des. Helst í Aust. Kóp. Breiðholti eða Árbæ. Uppl. í s. 863 2350.

Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Bílskúr

Bílskúr til leigu í Hvassaleiti. Upplýsingar í síma 863 2878.

Til leigu bílskúr í neðra Breiðholti, er laus. Uppl. í síma 696 2193 eða 691 2173.

Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben Ódýr og góð gisting. www.gistiheimil-id.dk 0045 2460952

ATVINNA

Atvinna í boði



Bakarí í Hfj. óskar eftir að ráða starfsmann í fullt starf í afgreiðslu sem fyrst. S. 555 0480.

Viltu vinna með hressu fólki á skemmtilegum vinnustað?

Þá erum við að leita að þér. Okkur vantar starfsmann í hlutastarf í vaktavinnu sem er jákvæður, hress og skemmtilegur. 18 ára aldur er skilyrði.

Höllabátar Bildshöfða. Upplýsingar á staðnum og í síma 892 9846.

Bakaríð hjá Jóa Fel

Bakaríð og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvægi. Vantar hress og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir. **Uppl. á fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum. Bakaríð hjá Jóa Fel, Kleppsvægi 152.**

Mosfellsbakarí

Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutímminn er frá 13:00-18:30 virka daga og einn dag aðra hverja helgi frá 7:30 - 16:30.

Nánari upplýsingar veitir Ellis í síma 553 5280 eða 660 2153.

Leikskólinn Jöklaþing

Leikskólakennari/leiðbeinandi óskast til starfa á leikskólann Jöklaþing. Jöklaþing 4. Rvk. **Uppl. gefur leikskólastjóri í s. 557 1099**

Vífífell

Vífífell óskar eftir að ráða starfsmann í mótuneyti sitt Stuðla-hálsi. Vinnutímminn er frá kl. 10-16. Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega.

Nánari upplýsingar gefur Hrafnildur í síma 525 2579 til kl. 14 á daginn.

Hellulagningaráðilar og verkamenn

Vana aðila vantar í hellulagnir einnig verkamenn. **Uppl. í síma 822 2661.**

Gröfumenn

Vantar menn á nýja hjólavél Komatsu 160 árgerð 2005. **Uppl. í síma 822 2661.**

Bakaríð Austurvei

Starfskraftur vantar í Bakaríð Austurvei í afgreiðslu. **Uppl. í s. 695 4346, Ásta.**

Járniðnaðarmenn

Óskum eftir að ráða vélvirkja og járníðnaðarmenn. Tökum við nemum.

Upplýsingar í síma 896 2336 & 896 2335.

Veitingarhúsar vinna

Vegna anna viljum við bæta við okku í eftirtalin störf. Pizzabakkar fulltstarf. Afgreiðsla í sal fullt starf. Afgreiðsla í sal hlutastarf um helgar. Dyravarsla helgarvinnu. **Uppl. og umsókir á staðnum eða á www.kringlukrain.is**

NK kaffi kringlunni.

Starfsfólk óskast á NK Kaffi í Kringlunni í fullt starf, einnig vantar í helgarstarf. Ekki yngri en 18 ára.

Upplýsingar á staðnum eða í síma 568 9040 & 693 9091.

Verslunarstarf

Óskum eftir starfskrafti í verslunarstarf, þarf að vera kurteis og með góða þjónustulund. Uppl. í s. 694 9004 & 822 2090.

Friis og Company, Laugaveg 55.

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Smíðir eða vanir menn

Óskast í byggingarvinnu. Góð laun í boði fyrir góða menn, mikil vinna framundan. Uppl. í s. 696 4772.

Góð laun í boði!

Óskum eftir borðdömmum/dansara. Reynsla ekki skilyrði. Uppl. í s. 868 6080.

Atvinna - góð laun

Starfskraftur óskast í efnalaug - þvottahús. Framtíðarstarf. Uppl. í s. 897 6954 Efnalaug Árbæjar.

Sölufolk óskast. Duglegt og ábyggilegt sölufolk óskast til að selja jólakort fyrir blindrafélagið. Góð sölulaun í boði. Upplýsingar á skrifstofutíma blindrafélagins mánuð. - föstud. að Hamrahlíð 17, 105 Rvk. S. 552 0000, og í tölvupósti blind@blind.is

Eldhús - smurbrauð

Óskum að ráða reyndan starfsmann til eldhústarfa sem fyrst. Góður starfsandi, góð laun. Upplýsingar næstu daga á Jómfrúnni Lækjargötu 4.

Exton ehf leitar að starfsmanni við mótuneyti fyrirtækisins. Um er að ræða hlutastarf fyrripart dags sem felur í sér matseld fyrir 15-20 manns. Allar upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 575 4610 eða andri@exton.is

Stundvís og reglusamur starfskraftur helst með vinnuáreittindum óskast við jarðlagnavinnu. Uppl. í s. 893 6448.

Starfsmaður óskast í efnalaug, 50-60% starfshlutfall, möguleiki á meiri vinnu. Uppl. í s. 564 6871 & 896 8171.

Skípstjóra vantar á 270 tonna netabát sem fer til grálúðveiða. Svör sendist FBL að Skaftahlíð 24 eða á smaar@visir.is merkt "Sjórinn"

Make-up dama óskast í 50-70% vinnu á hárgreiðslustofu í miðbænum. Uppl. í síma 847 7690 Tóta.

Sjómenn!!

Vana háseta vantar á bát með beitningarvél. Uppl. í s. 852 2086 & 861 7655.

Hárgreiðslukona/maður óskast á flotta stofu í miðbæ Reykjavíkur. Uppl. gefur Tóta í síma 8477690

Atvinna óskast

27 ára karlmaður óskar eftir starfi við ræstingar á kvöldin, hef mikla reynslu. Uppl. í síma 822 2835.

29 ára sjómáður óskar eftir vinnu sem fyrst. Hef 9 ára reynslu af togveidum. Uppl. í s. 894 2040, bý fyrir Norðan.

TILKYNNINGAR

Einkamál



Nú færðu loksins hinar skemmtilegu merkjamyndir á DVD, frábær danskur húmor og erótíkundirtextar á norðurlandamálunum verð. 2.950. Gott úrval af erótískum myndum til leigu og sölu Grensasvideo.is Grensasveg 24 pantanasími 568 6635 opið alla daga 15.00 - 23.00

Ertu einmanna?

Til hvers, margir með svipuð áhugamál og skoðanir eru núna innskráðir á einkamal.is og bíða eftir að kynnast þér. Einkamal.is fyrir fólk eins og þig.

Nautakjöts Hamborgaratilboð 660.-kr. Glóð-inn V/Vesturbæjarlaug.

Fjárhagslega sjálfstæður vandamálaus 69 ára menntaður maður með góða heilsu óskar eftir að kynnast konu með vináttu í huga. Vinsamlega leggið inn nafn og síma hjá Fréttablaðinu Skaftahlíð 24 merkt "Hress maður"

Símakynlíf opið allan sólarhringinn

Hæ við erum héra heitar og sætar. Andrea, Hildur og Birta við erum tilbúnar allan sólarhringinn sama hvað klukk-an er. Síma 908 2020, 908 2000(199 kr min.) Hlökkum til að heyra í þér....

Hi I'm single Icelandic man looking after girl. Age 20-35. Country doesn't matter. Please send picture and information with phonenr. to smaar@frett.is market "Hope"



STÖRF

Við leitum að manneskju með góða reynslu af myndvinnslu, grafískri vinnslu og litgreiningu ljósmynda. Góð þekking á Photoshop nauðsynleg. Unnið er í vaktavinnu.

Einnig vantar okkur ljósmyndara í hlutastarf í tilfallandi kvöld- og helgarvinnu.

Umsækjendur hafi samband við Teit Jónasson, yfirmann ljósmyndadeildar 365 prentmiðla í síma 550 5000 eða á myndir@365.is.

Störf á ljósmyndadeild 365 prentmiðla



365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

ALPJÓÐLEG MÁLMSUÐUBRAUT 2006

Nám í málmsuðubraut tekur til starfa við málm- og véltæknideild Borgarholtsskóla á vorönn 2006. Kennsla er skipulögð í samræmi við alþjóðlegar kröfur um málmsuðu (European Welding Federation / International Institute for Welding)

Námsbrautin er 75 einingar og geta nemendur lokið náminu á fjórum önnum. Að námi loknu öðlast nemendur sveinsskírteini.

Ekki er gerð krafa um samningsbunda starfsþjálfun á vinnustað.

Námsleiðir eru fjórar:

pinnasuða, MIG/MAG suða, TIG suða og logsuða.

Námskrá í málmsuðu er að finna á heimasíðu skólans www.bhs.is/Málm- og véltæknigreinar.

Innritun er hafin og lýkur 18. nóvember.

Frekari upplýsingar um kennslu og nám á málmsuðubraut gefur Páll Indriði Pálsson, kennslustjóri málmíðngreina, sími 535 1700 og netfang: pallp@bhs.is

Borgarholtsskóli - Fræðslumiðstöð málmíðnaðarins



Frá Borgarholtsskóla

Innritun í vorönn 2006 stendur nú yfir.

Hægt er að bæta við nemendum í **málm- og véltæknigreinar** og **bíliðngreinar**. Ný málmsuðubraut er auglýst sérstaklega.

Einnig er tekið við umsóknum á **félagsfræðibraut, mála- braut, náttúrufræðibraut, verslunarbraut og félagsliðabraut** en einungis fáir komast að.

Hægt er að taka inn nemendur á **listnámsbraut**, grafísk áhersla eða fjölmiðlatækni sem lokið hafa a.m.k. LIM103, LIM113 og SJL103 skv námskrá.

Í **Margmiðlunarhönnun - dreifnám** (fjarnám) getum við einnig bætt við nemendum sem lokið hafa sjónlistarhluta listnáms eða sambærilegu námi.

Síðdegisnám:

Hægt er að bæta við nokkrum nemendum í síðdegisnám á félagsliðabraut sem er skipulagt fyrir fólk í starfi og þurfa umsækjendur að hafa a.m.k. 3ja ára starfsreynslu. Kennndar eru greinar sem lúta að þjónustu og aðstoð við aldraða og fatlaða.

Einnig má bæta við örfáum nemendum á námsbraut fyrir aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum. Kennndar eru skv. námskrá Menntamálaráðuneytisins frá 2004. Kennndar eru síðdegis og er námið skipulagt fyrir fólk í starfi.

Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu skólans við Mosaveg og á heimasíðu.

Umsóknum skal skilað í síðasta lagi föstudaginn 18. nóvember 2005. Innritun í kvöldskóla fer fram í janúar.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu skólans: www.bhs.is

Skólameistari



HRINGSJÁ

Náms- og starfsendurhæfing

Hringsjá veitir endurhæfingu til náms og starfa. Hún er ætluð einstaklingum eldri en 18 ára, sem vegna sjúkdóma, slysa eða annarra áfalla þurfa að endurmeta og styrkja stöðu sína.

Fullt nám, 3 annir

Inntaka í fullt nám fer fram tvisvar á ári. Umsóknarfrestur fyrir vorönn er til 15. nóvember.

Kennnd er tölvunotkun, bókfærsla, stærðfræði, íslenska, enska, samfélagsfræði, tjáning, myndlist og námstækni.

Veitt er náms- og starfsráðgjöf, kennnd gerð starfs-umsókna, þjálfuð atvinnuviðtöl og unnið að sjálfsstyrkingu.

Tölvunámskeið

Inntaka á námskeið fer fram allt skólaárið

- Grunnnámskeið í tölvunotkun, 30 kennslustundir
- Excel- og bókhaldsnámskeið, 60 kennslustundir

HRINGSJÁ, Hátúni 10 d., s: 552-9380/562-2840, www.hringsja.is



Félagsfundur/Faggreinafundur

verður haldinn í Félagi iðn- og tæknigreina fimmtudaginn 17. nóvember kl. 20 í Borgartúni 30.

Dagskrá:

1. Staða kjarasamninganna (Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ)
2. Nýjustu tölur Kjararannsóknarnefndar (Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ)
3. Faggreinafundur
4. Önnur mál

Stjórnin

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



FASTEIGNIR



533 4300
Salómon Jónsson lögg. fasteignasali



564 6655
Vilhjálmur Bjarnason lögg. fasteignasali

Til sölu

Stapahraun - Hafnarfirði



Nýtt 476,5 fm atvinnuhúsnæði, á tveimur hæðum, með 4 innkeyrsludyrum, á góðum stað í Hafnarfirði. Húsið er í byggingu. Húsinu verður skilað með viðhaldslítili grárri Aluzink klæðningu að utan. Hurðarnar verða úr áli og gluggarnir verða PGV plastgluggar. Þakið verður einangrað. Veggir verða sandspartlaðir að innan. Ath. öll skipti. Verð kr. 54,7m

Ath. öll skipti. Verð kr. 54,7m

SÖLUFÓLK

Góð laun í boði og tryggar tekjur. Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bónusum. Vinnutími frá kl. 9-17 alla virka daga.

Nánari upplýsingar veitir Ólafía B. Rafnsdóttir í síma 515 6175 frá kl. 9-17 á virkum dögum. Einnig er hægt að senda ferilskrá á netfangið: olafia.b.rafnisdottir@365.is

Glæst framtíð

Við leitum að góðum solumönnum sem búa yfir áráðni, metnaði og frumkvæði í eina öflugustu söludeild landsins.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

HAUST ÚTSALA



RE/MAX KÓPAVOGUR

Reykjavellir Biskupstungum

Stærð: 46 fm
Fjöldi herbergja: 3

801 Selfoss

Til sýnis helgina 12-13 nóv. Uppl. í síma 696 2838

Sumarbústaðalóðir ca. 4000 - 5500 fm um 1 km sunnan við Reykholt í Biskupstungum. Stutt er í þjónustu; banki, sundlaug, veitingastaður, verslun og gólfvöllir.
Eignarlóð: Verð 900.000 kr.
Fokhelt 46 fm 3 herb. heilsárshús á eignarlóð: Verð 4.450.000 kr.
Tilbúið 46 fm 3 herb. heilsárshús á eignarlóð: Verð 7.450.000 kr.

Pórarinn Jónsson hdl.
lögg.fasteignasali

Kölbeinn Sölufrúli
694 9100
kolbeinn@remax.is

FOSS HÁTÚN 6A
SÍMI 5 12 12 12 - Netfang: foss@foss.is
FAX 5 12 12 13 - Bragi Björnsson, lögmaður

**SELTJARNARNES - SÉRHÆÐ
+ BÍLSKÚR = 29,9 MILL.**




Um er að ræða fallega efri sérhæð ásamt bílskúr á eftirsóttum stað við Tjarnarstig. Hæðin er sérlega björt og opin. 4 svefnherb. eru í íbúðinni. Baðherb. er nýl. standsett með tengi fyrir þv.vél. Stofa, borðst., eldh. og alrými, dökkt parket á gólfum. Eldhús með nýlegri og fallegri viðarinnr., vönduð tæki. Flísal. svalir með útsýni. Stutt er í alla þjón. Laus í des. Nánari uppl. veitir Úlfar hjá Foss sími 897 9030

HÚSIÐ FASTEIGNASALA

BLÁU HÚSIN
V/FAXAFEN
SUÐURLANDSBRAUT 50
108 REYKJAVÍK
husid@husid.is

Salómon Jónsson - lögg. fast.sali - Húsið
Hrafnhildur Helgadóttir - sölumaður - Húsið
Hallmundur Hallgrímsson - sölumaður - Húsið
Kristinn Erlendsson - sölumaður - Húsið
Steinunn Á. Frimannsdóttir - sölumaður - Húsið
Bjarni Hákonarson - sölumaður atvinnuhúsnæðis - Húsið
Ingvaldur Mar Ingvaldsson - viðskiptafræðingur - Húsið
Vilhjálmur Bjarnason - lögg. fast.sali - Smárinn
Ólafur Haukur Haraldsson - sölumaður - Smárinn
Guðný Guðmundsdóttir - sölumaður - Smárinn
Hilmar Þór Hafsteinnsson - Sölumaður - Smárinn
Vilborg G. Hansen - Sölumaður - Smárinn

SMÁRINN FASTEIGNASALA

Verslunarmiðstöðinni
Smáralind
201 Kópavogi
smarinn@smarinn.is

VINNA SAMAN – HEILSHUGAR UM ÞINN HAG!

– OPIN HÚS Í DAG – LAUGARDAGINN 12. NÓV. –



Andrésbrunnur 3

milli kl 13:00 og 13:30

Góð 2ja herbergja 69,5 fm íbúð á efstu hæð í nýlegu lyftu húsi. Gólfefni er parket á andyri, eldhúsi, stofu og herbergi og flísar á baðherbergi og þvottahúsi. Góðar innréttingar og stórar svalir. Falleg íbúð þar sem stutt er í nátturuna eins og Reynisvatn. **Verð 16,2 millj.**



Breiðavík 24

milli kl 13:45 og 14:30

Falleg 3ja herbergja 86,3fm endaíbúð á 1 hæð með sér inngang í snyrtilegu fjölbýli og sér staði í bílskúli. Gólfefni íbúðar eru parket á eldhúsi, stofu og báðum herbergjum, flísar eru á forstofu og baðherbergi en dúkur á þvottahúsi. Sér geymsla í kjallara. Falleg íbúð með miklu útsýni yfir Esjuna á góðum stað í nálægð við skóla, leikskóla, verslun, golf, Egilshöllina og fallegar gönguleiðir. **Verð 20,5 millj.**



Breiðvangur 32

milli kl 15:00 og 15:45

Falleg 4ra herbergja 114,6 fm íbúð með miklu útsýni og nýlega uppgerðu baðherbergi. Gólfefni íbúðar er parket á anddyri, holi, eldhúsi, gangi og í öllum herbergjum, flísar á baðherbergi, teppi á stofunni og málað gólf í þvottahúsi. Sér geymsla er í kjallara. Stutt í alla þjónustu svo sem verslun, skóla og leikskóla. Eign sem hentar vel fyrir stóra fjölskyldu. **Verð 18,9 millj.**



Höfðagrund 14b

milli kl 17:00 og 18:00

Nýlegt parhús á fallegum útsýnisstað á Akranesi. Húsið er 3ja herbergja 93,2 fm að stærð og er hannað með þarfir eldri borgara í huga og er staðsett við hliðina á Höfða sem er elliheimilið á Akranesi, húsið er tengt elliheimilinu með 4 öryggis-hnöppum og hafa eigendur aðgang að allri þjónustu sem er í boði þar. Gólfefni eru parket á stofu, eldhúsi og á báðum herbergjum, flísar á forstofu, þvottahúsi, geymslu og baðherbergi. Garður í góðri rækt og sólpallur með heitum potti, fallegt útsýni til Reykjavíkur. Tilvalið fyrir þá sem vilja setjast að á rólegum stað en samt í nánd við borgina. **Verð 22,9 millj.**

Allar nánari upplýsingar veitir Ólafur Haukur í síma 693 4868 – Verið velkomin!

GÆÐI - ÞJÓNUSTA - REYNSLA - ÞEKING - TRAUST - ÖRYGGI

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Draumahús 530 1800



Föst lág sölupóknun

...meira en þú þarft þegar þú selur fasteign

Draumahús

Söluverð á eign	0 - 100.000.000
Sölupóknun óháð verði eignar	200.723
Ýmis sölupóknunargjöld	0
(t.d. skoðunargjald, umsýslukostnaður ofl.)	
Samtals án vsk	200.723
Vsk (24,5%)	49.177

FAST VERÐ!

249.900

ÞÚ SPARAR:

310.350

Aðrar fasteignasölur, raundæmi:

Söluverð á eign	20.000.000
Sölupóknun (Kynntu þér mismunandi prósentur)	2,15% 430.000
Ýmis sölupóknunargjöld	20.000
(Kr. 0 til 50.000,- mismunandi eftir fasteignasölum)	
Samtals án vsk	450.000
Vsk (24,5%)	110.250

Samtals með vsk

560.250

Draumahús ehf. • Hjalti Pálmason, hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar • Mörkín 4 • 108 Reykjavík sími: 530 1800 • fax: 530 1801 • www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is

OPÍÐ HÚS – Efstasund 16, 104 Reykjavík



Fasteignakaup kynnir 3ja herbergja 63,7 fm risibúð í þrjúhlí við Efstasund. Lýsing eignar: Í íbúðinni eru tvö rúm-góð svefnherbergi, og rúm-góð stofa. Eldhús er með fallegri innréttingu, borðkrók. Badherbergi er flísalagt í hólf og gólf, baðkar og gluggar á baði. Parket er á stofu og báðum berbergjum. Flísar eru á gangi. Stór garður er við húsið. Hér er um að ræða bjarta og skemmtilega íbúð sem töluvert er búið að endurnýja á frábærum stað í borginni.

Nánari upplýsingar
www.fasteignakaup.is

Daniel og Bjarney

sýna eignina í dag milli kl 14 til 15
e-mail: gudmundur@fasteignakaup.is

FASTEIGNAKAUP

Erna Valsdóttir Löggiltur fasteigna- skipta- og fyrirtækjasali.

Heimilisfang:
Efstasund 16, 104 Reykjavík
Stærð eignar: 67,4 fm
Staðsetning í húsi: 02
Byggingarár: 1946
Brunab.mat: 8.517.000
Lóðarmat: 1.985.000
Afhending eignar: Fljótlega
Verð: 15,4 milj.

Ármúla 15 • sími 515 0500 • fax 515 0509 • www.fasteignakaup.is
fasteignakaup@fasteignakaup.is



533 4300
Salómon Jónsson lögg. fasteignasali



564 6655
Vilhjálmur Bjarnason lögg. fasteignasali

Til sölu

Jónsgeisli í Grafarholti



Nýtt 207,5fm raðhús ásamt 22,9fm innbyggðum bíl-skúr, samtals 230,4fm í byggingu á frábærum stað með góðu útsýni í Grafarholti. Húsið afhendist fullbúið að utan með grófjafnaðri lóð og tilbúið undir tréverk að innan. Hiti í gólfum. Húsið er steinað að utan. Verð kr. 44,3 millj. Nánari upplýsingar gefa sölumenn. Einnig er hægt að fá húsið afhent fohelt, eins og það stendur.

ir tréverk að innan. Hiti í gólfum. Húsið er steinað að utan. Verð kr. 44,3 millj. Nánari upplýsingar gefa sölumenn. Einnig er hægt að fá húsið afhent fohelt, eins og það stendur.



LUNDIR
FASTEIGNASALA

SÍMI 533 1616 • FAX 533 1617

SUÐURLANDSBRAUT 10 • 2.HÆÐ • OFAN VIÐ BLÓMASTOFU FRÍDFINNS • 108 REYKJAVÍK

Jóhannes Ásgeirsson hdl., löggiltur fasteignasali

RÉTTARHOLTSVEGUR 77 - RAÐHÚS

OPÍÐ HÚS MILLI KL. 14 OG 16



Aðalinngangur á miðhæð sem skiptist í; flísalagða forstofu m.skápum, hol, eldhús með eldri en nýmálaðri innréttingu og borðkrók, stofa með útgengi í suðurgarð. Á efri hæð eru 3 góð svefnherbergi og flísalagt badherbergi. Í kjallara er vinnuherbergi og þvottahús. Húsið er mikið endurnýjað m.a. nýlega viðgert þak, gler og gluggar, endurnýjaðar skolplagnir, nýlega málað að utan sem innan. GOTT VERÐ.


OPÍÐ Á LUNDI KL. 12-14 UM HELGINA



ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á **vísir** VEF-TV

HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir í stafrænum gæðum á vísir.is



Arnari Jónssyni leikara finnst gott að komast í rólegheitin í sumarbústaðnum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

UPPÁHALDS- STAÐURINN

Gott að vera í Biskups- tungunum

Arnar Jónsson leikari segir að uppáhaldsstaðurinn hans sé í Biskupstungunum. „Við eigum sumarbústað þar og það er engu líkt að komast þangað til þess að slappa af og njóta lífsins. Þetta er alveg yndislegur staður. Húsið er í skjóli fyrir norðanáttinni og þarna er veðursæld og gott að vera,“ segir hann.

Arnar segir að golfvelli séu reyndar líka í miklu uppáhaldi hjá honum. „Þetta tvennt togast á. Annars vegar golfið og hins vegar sumarbústaðurinn. Það eru reyndar víða golfvelli í Biskupstungunum svo þetta getur farið ágætlega saman.“

VISSIR ÞÚ

... að Angkor-Wat er stærsta trúarmannvirki sögunnar en það þekur 162,6 hektara í Kambódíu?

... að stærsta líkneski af Maríu Mey með Jesúbarnið er í Búlgaríu og er 14 metra hátt og stendur á 17 metra háum stalli?

... að áhangendum Múhameðs spámanns fjölga mest allra trúarhópa en 935 milljónir játuðu íslamska trú árið 1990 og í dag er talið að 23 prósent jarðarbúa séu múslimar?

... að mesti fjöldi sem áætlað er að hafi komið saman á trúarhátíð er áætlaður 20 milljónir? Mannfjöldinn kom saman á Hindúhátíðina Kumbh Mela á Indlandi árið 2001.

... að um 3,5 milljón kristna pílagríma heimsækja Hús Maríu meyjar í Loretti á Ítalíu á ári hverju?

... að árlega fara að jafnaði 2 milljónir manna frá 140 löndum á pílagrímsferð til Mekka?

... að hæsta verð sem greitt hefur verið fyrir símanúmer er rúm 21 milljón króna? Símanúmerið er kínverskt og er 8888-8888 en talan átta er happatala í Kína.

... að rússneski geimfarinn Sergei Avdejev var samanlagt í 747 daga 14 tíma og 22 mínútur í geimnum í þremur ferðum í Mír geimstöðinni á árunum 1992 til 1999?

... að Voyager 1 tók mynd af jörðinni úr um 6,5 milljarða kílómetra fjarlægð árið 1990? (Þýðir lítið að brosa framan í þá myndavél.)

... að tekjur ofurfyrirsætunnar Gisele Bündchen voru rúmlega 920 milljónir frá júní 2002 til júní 2003?

... að lengsti rennilás heims var settur niður í miðbæinn í Sneek í Hollandi árið 1989 en rennilásinn var 2.851 metra langur og myndaður með 2.656.900 málmtonnum?

... að Hringadróttinssaga; Hilmir snýr heim, var aðeins níu vikur og fjóra daga að hala inn einum milljarði Bandaríkjadala frá frumsýningu?

Flottar flísar á finu verði
mikið úrval af gólfhlisum

Tilboð á sturtuklefum
Verið velkomin

HÚSHEIMAR

allt heimili

Alla fimmtudaga

JÓLATILBOÐ
Trommusettt..

Pearl Forum
49.900,-

Pearl Export
64.900,-

TONABÚÐIN

Sunnuhlið 12. 603 Akureyri s.462-1415
Skiopholt 21. 105 Reykjavík s.552-4515

tonabudin.is

iSQUEEZ FÓTANUDD

Inspiring Life **osim**

Heilsunudd sem örvar blóðrásina, dregur úr spennu og streitu, styrkir og fegrar fætur.

Með samvirkandi þrýstings- og titringsnuddi skilar **iSqueeze** nuddtæknið besta árangri sem völ er á í tækjanuddi.



35.000 KR.

Fæst aðeins hjá Rúmco



TAKIÐ AF YKKUR SKÓNA!



Örvar viðbragðspunkta orkurása líkamans.



Þriggja punkta nudd samtímis á kálfa, ökkla og iljar.



Samvirkandi þrýstings- og titringsnudd sem skilar hámarksárangri.

RÚMCO

Langholtsvegi 111 • 104 Reykjavík • Sími 568 7900 • www.rumco.is
Opið: Virka daga kl. 11-18 og laugardaga kl. 11-14



Kínverskt myndletur

HVERNIG ER KÍNVERSKA STAFRÓFIÐ OG HVAD ERU MARGIR STAFIR Í ÞVI?

Margir notendur Vísindavefsins hafa áhuga á að fræðast um kínversku og flestir sem senda inn spurningar vilja vita eitthvað um kínverska stafrófið og eru þá að spyrja um kínverskt myndletur.

Stafróf

Stafróf er letur þar sem hvert tákni stendur fyrir eitt hljóð. Á erlendum málum kallast stafróf „alphabet“ og er nafnið dregið af fyrstu tveimur stöfum gríska stafrófsins, alfa og beta. Stafir stafrófsins hafa einir og sér enga sérstaka merkingu. Runan A, B, B, A merkir ekkert sérstakt en sé bókstofunum raðað saman í orð vita margir hvað við er átt, til dæmis sænsku hljómsveitina ABBA, eða þá hana Öbbu-löbbu-lá í kvæði Davíðs Stefánssonar.



KÍNVERSKT LETUR

Myndletur

Hefðbundið ritmál Kínverja er myndletur en einnig er til kínversk stafrófsskrift. Í myndleturinu svarar hvert tákni til tiltekins orðs eða hugtaks og flest kínversk tákni hafa bæði merkingarhluta og framburðarhluta. Þeir lesendur Vísindavefsins sem hafa beðið okkur um að sýna sér kínverska stafrófið verða þess vegna að skilja að það er ekki hægt. Samkvæmt heimildum eru um 50.000 tákni í kínverskum orðabókum. Að birta kínversku tákni væri því eins og við ætluðum okkur að birta í einu svari öll íslensk orð sem til eru. Það væri afar leiðinleg lesning og lesendur hefðu meira gagn af því að fletta einfaldlega upp í orðabókinni sinni.

Kínverskar orðabækur á netinu

Þeir sem vilja kynna sér kínversk tákni geta gert það á auðveldan hátt á netinu með því að nota orðabók á síðunni <http://zhongwen.com/>. Þar er hægt að setja inn ensk orð og sjá hvernig þau líta út á kínversku.

Að lokum má geta þess að til er svokallað pinyin-kerfi til að rita kínversku með latínuletri en það byggist á framburði mandarínkínversku í Peking.

Jón Gunnar Þorsteinsson, bókmenntafræðingur

ER HÆGT AÐ VERA LESBLINDUR Á KÍNVERSKT MYNDLETUR?

Það er hægt að vera lesblindur á kínverskt myndletur. Stundum er öðru þó haldið fram og má líklega kenna því um að árið 1971 birtist í hinu virta vísindatímariti Science grein eftir Rozin, Poritsky og Sotsky undir heitinu „Bandarísk börn, sem eiga við lestrarerfiðleika að glíma, geta auðveldlega lært að lesa ensku sem er rituð með kínverskum táknum“.

Grein byggð á misskilningi

Grein þessi vakti að vonum mikla athygli og ýtti undir þá skoðun að lesblinda væri ekki til í Kína eða væri að minnsta kosti ekki algeng. Nú er orðið ljóst að hér var um misskilning að ræða og seinni rannsóknir hafa staðfest að kínversk börn geta átt í fullt eins miklum erfiðleikum með lestur eins og börn sem læra að lesa stafrófsskrift. Þetta kom til dæmis fram í rækilegri rannsókn sem gerð var árið 1982 þar sem borin var saman lestrargeta fimmtubekkinga í Taívan, Japan og Bandaríkjunum. Sýndi hún sambærilega dreifingu lestrargetunnar í löndunum þremur.


Lestur krefst skilnings á eðli ritmáls

Ekki var mark takandi á niðurstöðunum sem birtust í greininni í Science þar sem þær byggðust á yfirborðslegum skilningi á eðli hins kínverska ritmáls. Í rannsókninni lærðu bandarísku börnin aðeins að tengja tiltölulega fá kínversk tákni við ensk orð. En það er ekki lestur, til þess þarf langtunum dýpri skilning á eðli ritmálsins hvort sem um er að ræða stafrófsskrift eða kínversk rittákni. Flest kínversk rittákni eru gerð úr tveimur hlutum; annar veitir vísbendingu um framburð táknsins en hinn um merkingu þess. Sá sem ætlar sér að verða læs á kínversku verður að læra að ráða í báða þessa hluta en ekkert reyndi á það í fyrrnefndri athugun.

Hljóðkerfisvitundin mikilvæg

Rannsóknir á Vesturlöndum hafa sýnt að svonefnd hljóðkerfisvitund skiptir mestu máli fyrir það hve fljótt börn verða læs á stafrófsskrift. Nýlegar kínverskar rannsóknir benda til þess að hljóðkerfisvitundin sé líka mikilvæg börnum sem eru að læra að lesa kínversku en sé þó hugsanlega ekki eins áhrifaríkur þáttur og hjá börnum sem læra að lesa stafrófsskrift. Hér má þó skjóta því inn að bæði á meginlandi Kína og á Taívan mun nú vera byrjað á að kenna börnum að lesa kínverska stafrófsskrift áður en hafist er handa við að kenna hið hefðbundna ritmál.

Jörgen Pind, prófessor í sálarfræði við HÍ



MEISTARINN

Má bjóða þér
5 milljónir?

Meistarinn er nýr alíslenskur spurningaþáttur sem brátt hefur göngu sína á Stöð 2.

Þetta er bráðskemmtilegur þáttur fyrir alla fjölskylduna þar sem Logi Bergmann Eiðsson leitar að gáfumennum Íslands og fær sigurvegarinn 5 milljónir króna að launum í beinhörðum peningum.

Komdu í gáfnapróf í dag!

Þú svarar einfaldlega 50 spurningum sem prófa þekkingu þína, kærsku og heppni – allt það sem Meistarinn þarf að hafa til að bera. Allir sem náð hafa 20 ára aldri geta tekið þátt. Prófið verður haldið í dag, laugardaginn 12. nóvember, stundvíslega kl. 14:00 á eftirtöldum stöðum:

- Hagaskóla í Reykjavík
- Háskólanum á Akureyri
- Menntaskólanum á Egilsstöðum
- Menntaskólanum á Ísafirði

Komdu og sýndu snilli þína. Hver veit nema þú verðir Meistarinn og fái 5 milljónir!

www.visir.is/meistarinn

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem glímt hefur verið við að undanförmu eru: Hvað eru deilitegundir, hvað þýðir orðið Hvítserkur, hvað er mikill straumur í einni eldingu, hverjar eru hefðir og saga hrekkjavöku, hvernig eru tölvuskrár geymdar og hvað verður um þær þegar þeim er hent, og hvað er kjörþögli? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni www.visindavefur.hi.is

Nýrra aðlögunarleiða leitað

Óeirðirnar í innflytjendahverfum franskra borga hafa fært Frökkum heim sanninn um að „franska aðlögunarleiðin“ hefur beðið skipbrot hvað varðar stærsta innflytjendahóp síðustu áratuga - múslima frá Afríku. Auðunn Arnórsson skoðar hvaða svara leitað í Vestur-Evrópu við „uppreisninni í Evrabíu“.

Síðla fimmtudagsins 27. október létu tveir unglingsdrengir, annar ættaður frá Malí, hinn frá Túnis, lífið er þeir reyndu að fela sig í spennustöð jarðlestarstöðvar í Parísarúthverfinu Cligny-sous-Bois. Sú saga gekk að drengirnir hefðu verið á flótta undan lögreglu og allt fór í bál og brand. Það var sem kveikt hefði verið í púðurtunnu.

Franski forsætisráðherrann Dominique de Villepin sagði ekki orð um ófremdarastandið í úthverfunum fyrr en óeirðabylgjan hafði geislað í fimm sólarhringa. Forsetinn Jacques Chirac tjáði sig ekki fyrr en að ellefu óeirðanóttum liðnum. Það var engu líkara en þeir ætluðu að láta innanríkisráðherrann metnaðarfulla, Nicolas Sarkozy, einn um að taka slaginn. Þar til það rann upp fyrir þeim að sjálfum grundvelli lýðveldisins var hættu búin.

„Öllum þremur virðist vera ljóst, að aðlögun „a la française“, sem hefur frá frönsku byltingunni gert innflytjendur af margvíslegasta uppruna að fullveðja „citoyens“, hefur beðið skipbrot,“ segir í úttekkt þýska fréttatímaritsins Der Spiegel á ástandinu í Frakklandi.

„Franska leiðin“ virkar ekki

Félagslegarklofningslínur franskis þjóðfélags fara nú eftir þjóðernisuppruna og trúarbakgrunni. Þær eru jafnframt markalínur ólíkra

menningarheima sem lifa hlið við hlið, án teljanlegra tengsla sín í milli þótt í sama landinu séu. Opinberlega hafa franskir ráðamenn jafnan fordæmt fjölmenningsarhyggju - þeir trúðu á að innflytjendur lærðu að tileinka sér gildi franska lýðveldisins („frelsi, jafnrétti og bræðralag“) og úr yrði sterkt samfélag jafningja, stoltra borgara „La grande nation“.

Draumurinn um fjölmennings-samfélagið er úti

En sú trú er nú á hröðu undanhaldi andspænis þeirri staðreynd að stærsti innflytjendahópur síðustu áratuga - milljónir manna frá araba- og Afríkulöndum sem flestir eru islamstrúar - aðlagast ekki nema að mjög takmörkuðu leyti.

Við þessar aðstæður verður ein af grunnstöðum sjálfsmyndar franska lýðveldisins - hin stranga aðgreining ríkis og trúar - að innantómri tálsýn. Að vísu er það ekki „heilagt stríð“ sem vakir fyrir óeirðaunglingunum í innflytjendauthverfunum, en íslam er óaðskiljanlegur þáttur sjálfsmyndar þeirra. Íslam eflir samkennd þeirra, ljær verkum þeirra lögmætisblæ og skapar skýra afmörkun gagnvart „hinum“ - kristnum, hvítum Frökkum.

Der Spiegel hefur eftir ónafngreindum lögreglustjóra að í upp-



ÚTHVERFASTRÍÐIÐ Óeirðalögreglumenn beita skjöldum sínum til að skýla sér fyrir reyknun frá brennandi bílum í innflytjendahverfinu Mirail í Toulouse í Suðvestur-Frakklandi á fimmtudagskvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

þotunum felist í raun að úthverfa-innflytjendurnir séu að segja sig úr lögum við afganginn af frönsku samfélagi. Heilu borgarhlutarnir séu orðnir svæði þar sem önnur lög og lögmál gilda, svæði þar sem fulltrúar ríkisvaldsins hafa ekkert að segja; lögreglan er álitin fjandsamlegur innrásaraðili. Í aldarfjórðung hafa frönsk stjórnvöld reynt allar mögulegar leiðir til úrbóta í „vandráðauthverfunum“. Skólar, félagsmiðstöðvar, bókasöfn, lystigarðar. En allt kemur fyrir ekki. Stöðugt brenna sorpgámar og bílar, skemmdarverk daglegt braud.

Of nú virðist þróunin vera að fara algerlega úr böndunum. Frá því í byrjun þessa árs hafa yfir 70.000 tilfelli skemmdarverka, íkveikja og gengjaglaða verið tilkynnt í „vandráðauthverfunum“ í kring um París og aðrar helstu borgir Frakklands svo sem Marseille, Lyon og Strassborgar. Um 30.000 bílar hafa verið eyðilagðir. Og það eru engir ráðherrabílar heldur bílar hinna fátæku, vinnubílar einyrkja, strætisvagnar.

„Kynslöð heilags stríðs“

Svo vildi til að óeirðirnar í úthverfum Parísar brutust út á sama tíma og opinber minningarathafnir fóru fram í Bretlandi um þá sem fórust í jarðlesta-sjálfsmorðssprengjuárásunum í Lundúnum í júlí. Að þeim stóðu ungir synir múslima-innflytjenda, uppaldir í Englandi.

Það var líka tilviljun að á sama tíma var þess minnst í Hollandi að rétt ár var liðið frá morðinu á kvikmyndagerðarmanninum Theo van Gogh, en morðingi hans var ungur háskólanemi, ættaður frá Marokkó en uppallinn í Hollandi.

En þessar tilviljanir hafa táknraent gildi. „Kynslöð heilags stríðs“ er að verki í Evrópu skrifar bandaríska vikuritíð Time af þessu tilefni. „Evrabía“ er þessi „nýja Evrópa“ nefnd vestanhafs - „gamla Evrópa“, mótuð af hinn kristnu arfleifð, er álitin vera að mótaski í æ meiri mæli af hinum íslömsku innflytjendum, af „Arabíu“.

Í Frakklandi búa um fimm og hálf milljón múslima, í Hollandi um ein milljón, að minnsta kosti

ein og hálf milljón í Bretlandi. Í Vestur-Evrópu búa alls á bilinu 13-20 milljónir múslima. Ólgan í innflytjendahverfunum - Birmingham, París, Amsterdam og þannig mætti lengi telja - á sér að vísu í fæstum tilvikum hryðjuverkabakgrunn. Átökin snúast ekki um heilagt stríð, Írak eða Palestínu. En auðvitað vex óttinn við að úr þessum jarðvegi spretti menn sem gangi til liðs við hryðjuverkahópa eins og al-Kaída.

Fjölmenningsdraumurinn úti

„Við sýndum of mikla linkind. Tími tedrykkju er liðinn,“ hefur Spiegel eftir Ritu Verdonk, innflytjendamálaráðherra Hollands. Hún lætur nú senda alla hælisleitendur sem ekki fá hæli úr landi, einnig þá sem fram til þessa höfðu þrátt fyrir það fengið að dvelja í landinu.

Út um alla Evrópu er það runnið upp fyrir flestum að draumurinn um fjölmennings-samfélagið, um að hið frjálslynda umburðarlyndi evrópska nútíma-velferðarríkisins gerði „öllum dýrunum í skóginum kleift að vera vinir“, er úti.



SARKOZY OG CHIRAC Innanríkisráðherrann og forsetinn stinga saman nefjum á fundi í París.

Segir Frakka sjá að sér í innflytjendamálum

Jean-Marie Le Pen, leiðtogi frönsku Þjóðfylkingarinnar, segir að í kjölfar óeirðaöldunnar í innflytjendahverfum landsins hafi skrifstofur flokksins nánast verið kaffærðar í símhringingum og tölvupóstsendingum fólks sem vildu lýsa stuðningi við stefnu flokksins eða óskuðu eftir inngöngu í hann.

Þjóðfylking Le Pens hefur um áratugaskeið haft efst á stefnuskránni að stöðva aðflutning fólks af framandi uppruna, einkum og sér í lagi frá arabalöndum.

Í viðtali við AP-fréttastofuna í vikunni sagði Le Pen óeirðaölduna sem blossaði upp þann 27. október og hefur staðið látaust síðan væri „aðeins byrjunin“ á þjóðfélagsátökum sem orsakaðist af „óheftum aðflutningi fólks frá löndum Þriðja heimsins sem ógnar ekki aðeins Frakklandi heldur allri álfunni“.

Afbrotamenn verði sendir úr landi

Le Pen sagði að fólk af innflytjendauppruna sem fremur glæpi ætti að senda aftur til upprunaland þeirra. Þar sem flest ungmennanna í óaldarflokkinum eru fædd í Frakklandi eru þau franskir ríkisborgarar. Að mati Le Pens ættu hins vegar aðeins þeir að fá franskt vegabréf sem æskja þess og „eru þess verðugir“. „Þeir sem fengið hafa ríkisborgararétt sjálfkrafa, sem líta ekki á sig sem Frakka og segja jafnvel opinberlega að þeir líti á franska ríkið sem óvin sinn ættu ekki að vera meðhöndlaðir sem Frakkar,“ segir hann.

Le Pen segist sannfærður um að óeirðabylgjan hafi opnað augu margra landsmanna sinna fyrir því að hann hafi haft rétt fyrir sér allan tímann, ekki hinir stjórnmálamennirnir sem úthrópuðu hann öfgamann vegna óbilgjarnrar innflytjendastefnu sinnar. Hann sé þess fullviss að stóraukinn stuðningur við stefnu Þjóðfylkingarinnar í þessum efnunum muni skila sér í stórauknu fylgi í næstu kosningum.

Le Pen sagðist nú „staðráðnari en nokkur sinni fyrr“ í því að sækjast eftir forsetaembættinu næst þegar kosid verður í það



JEAN-MARIE LE PEN Leiðtogi frönsku Þjóðfylkingarinnar.

NORDICPHOTOS/AP

árið 2007. Frakkar voru sem þrumu lostnir í síðustu forsetakosningum árið 2002 er Le Pen fékk næstflest atkvæði í fyrri umferð kosninganna og komst þar með áfram í síðari umferðina þar sem kosid var á milli hans og Chiracs. „Færu forsetakosningar fram núna væru sigurlíkur mínar tífaldir,“ tjáði hann AP.

Varað við hefndarárásun

Forsvarsmenn stofnana og samtaka sem hafa það hlutverk að standa vörð um réttindi minnihlutahópa í Frakklandi og Evrópusambandinu lýsa áhyggjum af því að óeirða- og skemmdarverkaaldan sem geislað hefur í innflytjendahverfum franskra borga undanfarið hálfa mánuð muni leiða til „hefndarárás“ á múslima í Frakklandi og grannlöndum þess.

Evrópska eftirlitsmiðstöðin með kynþáttamisrétti og útlendingaandúð, sem hefur aðsetur í Vínarborg, gaf út yfirlýsingu þar sem ráðamenn ríkis og sveitarfélaga í aðildarríkjum Evrópusambandsins eru hvattir til að vinna saman að því að hindra slíkar árársir gegn minnihlutahópum.

Forstöðumaður miðstöðvarinnar, Beate Winkler, sagði á blaðamannafundi í Brussel á fimmtudag að stjórnvöld í Frakklandi og öðrum Evrópulöndum yrðu að sýna „skýra pólitíska forystu“ gegn kynþáttamisrétti.

ENNÞÁ BETRI



IMPREZA

Þegar Impreza-eigendur kaupa nýjan bíl, þá kaupa þeir nýjan Impreza. Þess vegna þarf Subaru Impreza sífellt að bæta sig, verða enn kraftmeiri, vandaðri og skemmtilegri. Nýr Impreza er 22% aflmeiri en áður og beinir heilum 160 hestöflum til allra fjögurra hjóla með einstöku Symmetrical AWD aldrifi Subaru. Hann er einfaldlega frábær.

- 22% aflmeiri - 2.0 lítra - 160 hö.
- Einstakir aksturseiginleikar
- Síteingt aldrif (AWD)
- Kastarar í stuðara
- 16" álfelgur

SEDAN

Verð frá 1.990.000 kr.

Verð frá 2.050.000 kr.

WAGON

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Hrísmýri 2a
800 Selfossi
482-3100

Eyjarlandi 1
530 Hvammstanga
451-2230

Sæmundargötu 3
550 Sauðárkrúki
453-5141

Holtsgötu 52
260 Njarðvík
421-8808

Dalbraut 2b
300 Akranesi
431-1376

Víkurbraut 4
780 Höfn í Hornafirði
478-1990

Búðareyri 33
730 Reyðarfjörður
474-1453

Sindragötu 3
400 Ísafjörður
456-4540

Óseyri 5
603 Akureyri
461-2960



ÁPARENTAÐUR BOLUR OG VERK, BÆÐI EFTIR JÓN SÆMUND

Nonnabúð á Laugavegi er orðin fastur viðkomustaður stórstirna, smástirna og allra þeirra sem vilja ná tangarhaldi á rokkstjórnu Glamúrnum sem umlykur Jón Sæmund Auðarson. Anna Margrét Björnsson fékk sér kakó á vinnustofunni hans og tyllti sér við hliðina á hvítlökkuðum dauðum ketti.

JÓN SÆMUNDUR Í
HLUTVERKI GALDRA-
MANNINS EÐA
ALKEMISTANS



STÍLLINN HANS... JÓNS SÆMUNDAR

MAÐURINN: Listamaður sem ákvað að fara með list sína inn í tískuheiminn. Hann skapaði merkið Dead, hauskúpuna frægu sem skreytir boli, húfur, jakka, hettupeysur og vegg. „En núna er búin að verða fullorðin. Hún er búin að slíta barnsskónum. Ég ætla að fara að stækka við mig og vera með „fínna“ línu. Klæðskerassiðin jakkaföt, gamaldags kjólfatajakka, kjóla fyrir konur og Dead-bola línuna. Svo verður þetta líka gallerí með verkunum mínum og kollega minna. Þetta á að vera virðulegt þar sem viðskiptavinir geta fengið sér sæti og haft það huggulegt. Þeir geta til dæmis

inn í túristabransann? „Tja, það þýðir nú ekki endalaust að bjóða fólkinu sem kemur hingað upp á sömu gömlu lopapeysurnar og lundana. Tvítugur trendírokkari sem kemur til Reykjavíkur vill ekki kaupa víkingabol í extra extra large. Það er nú kominn tími til að viðurkenna að það eru ekki lengur hallærislegir bakpokatúristar sem koma hingað.“

MORGUNNINN: „Jú, ég byrja nú bara á því að opna augun uppi í rúmi. Svo fæ ég mér te með mikilli mjólk og sykri og kornflexskál. Svo klæðum við börnin og förum með þau á leikskólann. Rölti síðan

BANNAÐ? „Það er bannað að vera ekki maður sjálfur, og það er bannað að tala illa um annað fólk.“

Á KVÖLDIN: „Þá kemur maður heim til sín og á dýrmætan tíma með fjölskyldunni. Borðum saman og svo kannski kveikir maður á sjónvarpinu. Er bara með RÚV, Sirkus og Skjá einn. Skil ekki hvað málið er með þessa íslensku raunveruleikapætti. Sá Bachelorinn um daginn. Það var alveg skelfilegt. Við erum með svo ótrúlega skapandi og sniðugt fólk á Íslandi, af hverju í ósköpunum þurfum við að apa eftir þessari vitleysu. Oj barasta.“

ÁHRIFAVALDAR: „Ég er núna undir sterkum áhrifum frá Viktoríutímabilinu og tímabili Játvarðs Englandskonungs. Bæði er ég hrifinn af tísku þessara tímabila, og þessum skrítnu hugðarefnum þeirra eins og að stoppa upp dýr og setja þau í afkáralegar og mannlegar stellingar. Ég hef líka fengið mikinn innblástur frá verkum Guðmundar frá Miðdal, Muggs, Yves Klein og Mauricio Catalano. Inspirerast líka af alkemistum, prússneskum forfeðrum mínum og svo auðvitað rokki og róli, Brian Jones og svona.“

PRÁHYGGJA: „Líf fyrir dauðann.“

ÍKONID: „Útlaginn.“

VEITINGASTAÐURINN. „Það er náttúrulega jórdanski staðurinn The Purple Onion í Hafnarstræti. Hann er alger snilld.“

BÓKIN/TÍMARITID: „Eg var að lesa Alkemistann eftir Paulo Coelho í annað skiptið. Ég las hann undir áhrifum í fyrra skiptið, og í þetta skipti las ég hann edrú. Gaman hvernig myndmálið breytist í huganum eftir því hvernig ástandi maður er í. Ég er mjög hrifinn af verkum hans. Svo var ég að lesa bók um Mugg og er að byrja á

bókinni hans Kristjóns Kormáks Guðjónssonar. En besta tímarit á Íslandi er án efa Lifandi vísindi, þó það sé sennilega ekki marktækt. Ég les það alltaf.“

BARINN: „Það er aðallega Sirkus þessa dagana og stundum 22.“

TÓNLISTIN: „Er að hlusta á mikið af gömlu, hráu rokkabilí, Megas, Delta Blues. Mikið af blús yfirleitt.“

FERÐALÖG: „Síðasta ferðalag sem ég fór í var til Ítalíu. Fór á Tvíæringinn í Feneýjum. En næst á dagskránni er Marókkó. Mig langar mikið þangað.“

BORGIN: „Alltaf gott að koma til New York. Og Dórshöfn í Færeyjum er í miklu uppáhaldi. En draumaborgirnar eru aðallega borgir sem ég hef aldrei komið til, Moskva til dæmis og Helsinki.“

HEIMA: „Það er bara voðalega notalegt heima.“ „Eru hauskúpur uppi um alla vegg? „Nei, nei, engar hauskúpur. Bara þrjár kettir og mikið af myndlist eftir íslenska listamenn. Hef reynt að skapa heimilislega stemningu sem minnir mig á það sem ég ólst upp við. Er mikið annars að dútla í húsinu, er til dæmis að lagfæra baðherbergið, og það hefur tekið ansi langan tíma.“

DÆMIGERT LAUGARDAGSKVÖLD HJÁ JÓNI SÆMUNDI: „Mér finnst þá fínt að bjóða vinum mínum á vinnustofuna og fara þaðan á góða rokkónleika á Grand Rokki ef einhverjir eru. Þaðan liggur leiðin svo á barina, oftast á Sirkus og svo endað á 22.“

ERTU KOMINN MEÐ FLEIRI FRÆGA VIÐSKIPTAVINI? „Já, já, það eru alltaf einhverjir spenntir sem senda mér póst og vilja koma í heimsókn í búðina. Tarantino ætlar að eiga viðkomu í búðinni og ég er sér-

staklega spenntur fyrir að koma honum í Arab Mutant-skyrtuna. Ég ætla annars að minna hann á að við höfum áður hist.“ „Nú, hvar var það?“ „Ég var í leigubílavandræðum í New York. Var með einhvern ömurlegan leigubíl sem vildi ekki fara með mig í rétta átt, og ég var orðinn alltof seinn á stefnumót. Ég lét hann stoppa bílinn og fyrir utan var þessi gaur, sem sagt Tarantino, og spurði hvort ég vildi ekki bara taka leigubílinn hans. Hann spurði mig hvaðan ég væri og ég kallaði til baka að ég væri frá Íslandi. Þá varð hann voða glaður og sagðist þekkja Sigurjón Sighvatsson og aðra Íslendinga í Hollywood. Það væri fyndið ef hann myndi eftir þessu.“

HVAÐ ER SVO FRAMUNDAN? „Ég er orðinn fréttaritari tiskudívunnar Diane Pernet hér á Íslandi þegar ég hef tíma. (Diane Pernet, sem er búsett í París, heimsótti tiskuvíkuna í Reykjavík í sumar). Ég sendi fréttir og myndir úr íslenska tísku- og listaheiminum inn á vefsíðuna hennar. Ég er líka búinn að hanna fyrir hana bol, með mynd sem birtist af henni í nýlegu eintaki Financial Times, og svo er Sirkus-bolurinn mjög vinsæll þarna úti líka. (Þar á hann við forsiðu á tímaritinu Sirkus RVK sem skartaði Diane Pernet, sem hann prentaði á boli). Ég er líka í viðræðum við stóra fatakeðju í Bretlandi og Danmörku um að vera með fatalínur frá mér, þannig að það er ýmislegt að gerast. Arabíska kúrekaskyrturnar mínar, sem ég kalla Arab Mutant, hafa vakið mikla athygli í Frakklandi og á Spáni.“ Ertu ákafur Palestínusinni? „Það er ekkert hægt að forðast það að verða fyrir áhrifum af því sem er að gerast í heiminum. Mér finnst bara sjálfsgott mál að styðja þetta fólk í frelsisbaráttu sinni. Svo er það náttúrulega að finna gott pláss fyrir búðina mína svo hún megi fullorðnast, dafna og blómstra.“



BRIAN JONES ER FYRIRMYND OG ÁHRIFAVALDUR

bent á verk á veggnum og sagt, svona vil ég fá á jakkann minn. Skartgripalínan mín mun einnig verða til sölu þarna - hringar, hálsmen og fleira. „En hvar ætlarðu að koma þér fyrir?“ „Ég er að leita mér að hentugu húsnæði. Svo er ég líka kominn með fötin mín inn í aðrar búðir, er til dæmis með línu í Elvisbúðinni á Vatnsstíg, og hef nýverið gert samning um að selja frímerkjabolina mína í Bútikbúðinni á Bankastrætinu, sem er frábært. Sigurjón Sighvatsson er að gera mjög góða hluti með þessari búð.“ Þú ert sem sagt alveg kom-



VIKTORÍUTÍMABILID OG UPPSTOPPUÐ DÝR

yfir á Tíu dropa og fæ mér te með mikilli mjólk og sykri og sígö, og enda svo á vinnustofunni.“

FATASTÍLLINN: „Síðgoti,“ segir hann og hlær. „Nei, nei, en ég er alltaf að einfalda líf mitt og geng bara í tveimur litum, svörtu og hvítu. Þrjár hlutir sem einkenna Jón Sæmund: „Ætli það sé ekki hauskúpa, svörtu hermannaskórnir mínir frá Vietnam (sýnir mér sundurtætta skó sem eitt sinn hafa verið svartir og eru nú allir út í málningarslettum) og Marlboro-sígarettar.“

ÍSLANDSMÓT 2005



Freyja Sigurðardóttir
Íslandsmeistari 2004



ICE FITNESS



Arnar Grant
Íslandsmeistari 2004

Úrslit Laugardalshöll

Laugardagskvöld 12. nóvember kl 20.15

Miðaverð 1500 kr. 500 fyrir 12 ára og yngri
8 karlar og 8 konur keppa um titilinn
Krafftímeikar frá Gerplu
Yesmine "Las Vegas fitness atriði"
Í Svörtum Fötum syngja og tralla af sinni
alkunnu sníld meðan keppnin stendur yfir
Dönsku meistaranir í fitness keppa sem gestir
Kynnir: Þorsteinn Gunnarsson

www.icefitness.is



**FLOTTIR KROPPAR
MIKILL HRÁÐI**

**FRÁBÆR HLJÓMSVEIT
MÖGNUD STEMNING**



Fitness stórdansleikur með Í Svörtum Fötum á
NASA síðar um kvöldið. Miðinn á Íslandsmótið
gildir sem tveir fyrir einn á ballið.

Andrés Guðmundsson • www.icefitness.is • icefitness@icefitness.is • Gsm 6631111



HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

Stanslaust stuð í fimmtán ár

Útvarpsþátturinn Party Zone heldur upp á fimmtán ára afmæli sitt um þessar mundir. Þátturinn, sem er á dagskrá Rásar 2 á laugardagskvöldum, hóf göngu sína á framhaldsskólastöðinni Útrás í október árið 1990.

Freyr Bjarnason ræddi við Helga Má Bjarnason, annan af umsjónarmönnum Party Zone, um sögu þáttarins.

Party Zone hefur verið útvarpað um 700 sinnum á sex útvarpsstöðvum. Haldin hafa verið yfir fimmtíu Party Zone-kvöld af ýmsum stærðum og gerðum auk þess sem forsvarsmenn þáttarins hafa flutt inn mörg af stærstu nöfnum danstónlistarinnar. Í lok hvers árs sendir þátturinn frá sér árslista með bestu danslögum ársins og þar að auki hafa fjórar safnplötur verið gefnar út á vegum þáttarins.

Danstónlist frá Ibiza

„Við byrjuðum 1990 á Útrás. Ég var búinn að vera að grúska í raf-tónlistinni á þessum tíma og hlusta á Art of Noise, Kraftwerk og Brian Eno. Danstónlistin var að stíga af stað og þá var byrjað að taka upp þáttinn og henda lögunum í loftið á Útrás. Þetta var „bootleg“ þáttur,“ segir hann og hlær. „Bróðir minn átti gervihnattadisk og komst greiðlega í þetta og þannig byrjaði maður að spila þessi lög.“

Helgi Már var álitinn stórskrifinn þegar hann byrjaði með útvarpsþátt sinn er hann stundaði nám við Menntaskólann við Sund. Helgi Már var álitinn stórskrifinn þegar hann byrjaði með útvarpsþátt sinn er hann stundaði nám við Menntaskólann við Sund.



TOMMY WHITE Einn af fjölmörgum plötusnúðum sem hafa spilað í Party Zone í gegnum tíðina er Tommy White.

Kristján Helgi Stefánsson, sem var í FG, byrjaði síðan með þáttinn með honum, sem varð þar með fjögurra tíma langur og þannig hefur hann haldist allar götur síðan með þessum tveimur þáttarstjórnendum.

Um þetta leyti fór þeir Helgi og Kristján að fá plötusnúða í heim-sókn í þáttinn sinn en þeir voru smám saman farnir að spretta upp í framhaldsskólum landsins. Spiluðu þeir í beinni útsendingu og upp frá því fór að myndast sérstök plötusnúðastemning í þættinum, með nöfnum á borð við Grétar og Magga Lego fremst í flokki. Þarna var þátturinn kominn í það form sem hann hefur meira og minna haldist í allar götur síðan.

„Við vorum þarna farnir að gefa miða á skemmtistaði eins og Tunglið og Ingólfskaffi. Svo voru þessi blessuðu „reif“ að byrja á þessum tíma á alls konar stöðum eins og í skemmu og dekkjaverkstöðum. Skemmtistaðirnir voru opnir til þrjú og þá voru „reifin“ oft haldin eftir það,“ segir Helgi.

Toppnum náð með Uxa

Að sögn Helga náði danstónlistarsenan hæstu hæðum hér á landi í kringum 1995 og 1996, þegar útihátíðin Uxi var meðal annars haldin. Síðan fjarðaði hún dálítið út og fór út í jaðarinn. Síðan þá hefur dans-



PARTY ZONE Þeir félagar Helgi Már (til vinstri) og Kristján Helgi hafa verið stjórnendur Party Zone í fimmtán ár.

tónlistin komið og farið í bylgjum og að sögn Helga er hún við jaðarinn í dag.

Helgi leggur áherslu á að Party Zone hafi aldrei snúist um það að græða peninga. „Þá værum við ekki að spila eins og við gerum heldur dottið inn í poppbloðrugírinn. Við höfum alltaf viljað vera að grúska í músikinni númer eitt, tvö og þrjú og halda ákveðnum standard með henni. Annars hefðum við kannski endað á FM eða með þátt á Popptívi.“

Að sögn Helga hefur breytingin á danstónlistinni verið mikil í gegnum árin og hún orðin mun fjölbreyttari. „Núna er allt leyfilegt í danstónlist. Hún hefur þróast gríðarlega og hefur farið út í allar áttir; house, teknó, drum & bass, chill out og progressive klúbbamúsík,“ segir hann.

Það er mikið framundan hjá Party Zone á næstunni. Þátturinn hefur gert samning við Smekkleysu um að gefa út fimmtán ára afmælisplötu á næsta ári, auk þess sem nýir dagskrárliðir skjóta upp kollinum með reglulegu millibili. Til dæmis geta menn núna hlustað á þáttinn í gegnum MSN eða verið áskrifendur í gegnum iTunes.

FIMM MINNISSTÆÐUSTU

PARTY ZONE-KVÖLDIN:

Masters At Work	á Tunglinu ('95)
Útgáfuhátíð	á Tunglinu ('95) (aðsóknarnet sett)
Útgáfuhátíð á Tetris og rave í Nauthólsvík	(Flugmálastjórn) á eftir ('96)
Timo Maas	('01)
Kerri Chandler	á Thomsen ('03)

UPPÁHALDSHLJÓMSVEITIR

PARTY ZONE:

Masters at Work	(USA)
Basement Jaxx	(UK)
Daft Punk	(Frakkland)
Cassius	(Frakkland)
Larry Heard/Mr. Fingers	(USA)
Tiefschwarz	(Þýskaland)
Röyksopp	(Noregur)
St. Germain	(Frakkland)
Jazzanova	(Þýskaland)
Underworld	(UK)
Air	(Frakkland)
Lemon Jelly	(UK)
Gus Gus	(Ísland)
KLF	(UK)
Deee-lite	(USA/Japan/Rússland)
Inner City	(USA)
X-press 2	(UK)
Sabres of Paradise	(UK)
Carl Craig/Paperclip People	(USA)
Björk	(Ísland)
Etienne De Crecy	(Frakkland)
Jori Hulkkonen	(Finnland)

TOPP 15 LISTI

PARTY ZONE:

- 1 NEW ORDER**
BLUE MONDAY
- 2 NU YORICAL SOUL**
THE NERVOUS TRACK
- 3 UNDERWORLD**
REZ/COWGIRL
- 4 STARDUST**
MUSIC SOUNDS BETTER WITH YOU
- 5 JOE SMOOTH**
PROMISED LAND
- 6 THE BUCKETHEADS**
THE BOMB (THESE SOUNDS..)
- 7 TEN CITY**
MY PEACE OF HEAVEN
- 8 PAPERCLIP PEOPLE**
THROW
- 9 LIL LOUIS**
FRENCH KISS
- 10 FUTURE SOUND OF LONDON**
PAPUA NEW GUINEA
- 11 HARDFLOOR**
ACPERIENCE
- 12 HARDSOUL FT. RON CARROLL**
BACK TOGETHER
- 13 CRYSTAL WATERS**
GYPSY WOMAN
- 14 NORMA JEAN BELL**
I'M THE BADDEST BITCH
- 15 69**
DESIRE



KENNIR ÝMISSA GRASA Hér má sjá hluta af feni tengdu þeirri tónlist og viðburðum sem Party Zone hefur komið nálægt í gegnum tíðina.

OPIÐ ALLA HELGINA

Nú eru nýir sleðar komnir í hús og af því tilefni ætlum við að hafa opið alla helgina frá kl. 10-17. Komdu og kynntu þér allt það nýjasta frá POLARIS.

Hlökkum til að sjá þig.
Starfsfólk Storms



Stormur ehf. vill vekja athygli á nauðsyn þess að nota hjálm og brynju. Haga skal akstri eftir eigin getu og aðstæðum, auk þess á akstur og áfengi enga samleið.



Kletthálsi 15, sími 577 1717

JÓLAMARKADURINN ELLISMÚLA

NÝTT KORTATÍMABIL

20-35%
AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM NÝJU
JÓLABÓKUNUM
UM HELGINA!



ÓPIÐ ALLA DAGA FRÁ 11-19

JÓLABÆKUR • HEIMILISTÆKI • HLJÓMTÆKI • LEIKFÖNG • BÚSÁHÖLD • JÓLADISKAR
JÓLATRÉ • JÓLAKÚLUR • JÓLASKRAUT • JÓLAPAPPÍR • JÓLASVEINAR • JÓLAHÚS
JÓLAHANDKLÆÐI • JÓLAKERTI • JÓLASTYTTUR • JÓLAKRANSAR • JÓLAKONFEKT • JÓLAGRENI



Hverjir eru álitnir áhrifamestu íslensku einstaklingarnir undir 35 ára aldrinum? Anna Margrét Björnsson fór á stúfana og komst meðal annars að því hversu konur voru sorglega lítið áberandi á flestum sviðum, og hversu sára-fáir viðskiptamenn og stjórnálmenn komu upp í huga fólks innan þessa aldursramma.



MAGNÚS ÁRMANN

SIGURÐUR BOLLASON

Áhrifamesta unga fólkið á Íslandi

LISTIR

Sigrún Hrólfsdóttir og Gjörningaklúbburinn - „Hún virðist vera komin í allar nefndir á landinu. Hörkuáhrifamikil.“ „Það er jákvætt andrúmsloft í kringum þær sem hefur skilað þeim athygli í útlöndum. Flestir vilja vera memm.“

Ragnar Kjartansson „Ef einhver getur komið myndlist til fjöldsans, þá er hann okkar maður.“

Erlingur Klingenberg og allir hinir sem voru á bak við Klink og Bank „Það sem fór þar fram mun hafa áhrif næstu árin, þó að þetta sé að líða undir lok.“ „Breytti íslensku listasamfélagi sem var orðið gelt og staðnað.“

Gabriela Friðriksdóttir „Gabriela og Daniel Ágúst eru næstu John og Yoko, eða Björk og Barney.“ „Gabriela er sá listamaður sem lengst hefur náð af þessari kynslóð.“

STJÓRN MÁL

Gísli Marteinn „Á einhvern ótrúlegan hátt fékk hann fólk til þess að kjósa Vihjál.“

Dagur B Eggertsson „Hefur dýrmæta reynslu úr borgarpólitíkinni og hefur eitthvað að segja. Hefur hæfileika til að virkja fólk með sér. Springur endanlega út í vor.“ „Yfirburðamaður í gamla R-listanum og einn af fáum ungpólitíkum sem virðist vera í stjórnmálum vegna áhuga á að láta gott af sér leiða en ekki vegna athyglissýki. Eldklár og á köflum hrokafullur eftir því, en það er eitthvað sem hann verður að venja sig af ef hann ætlar sér lengri frama.“

Katrín Jakobsdóttir „Skemmtileg, en því miður ekki nógu áhrifamikil.“ „Hefur hugmyndir, og er því áhrifameiri en aðrir stjórnmálamenn sem hafa þær ekki.“

FJÖLMIÐLAR

Benni karate á X-inu - „Lætur íslenska unglinga vita meira um amerískt neðanjarðarrokk en flestir amerískir tónlistarblaðamenn.“

Ólafur Teitur „Skrifar hvorki vel né á vandaðan hátt en hann er samt sá eini sem þorir að gagnrýna bæði íslenska pólitík og fjölmiðla og hafa náð ótrúlegum lestri á blaði sem er á ensku. Eina alvöru neðanjarðarblaðið.“

Bart Cameron og Paul F. Nikolov hjá Grapevine „Þeir þora að gagnrýna bæði íslenska pólitík og fjölmiðla og hafa náð ótrúlegum lestri á blaði sem er á ensku. Eina alvöru neðanjarðarblaðið.“

Sigríður Dögg Auðunsdóttir „Manneskjan á bakvið tölvupóstamálið fræga.“ „Flettir ofan af stórum málum.“

Mikael Torfason „Ritstýrir þremur blöðum og umræður um siðferði fjölmiðla eru afleiðing af hans gerðum.“ „Sést ekki alltaf fyrir öllum gusuganginum á síðum en það hefðu fáir aðrir þrek til að vera í fremstu víglínu með DV á hverjum degi.“

Blaðið virðast líka loks vera að ná einhverjum álitum eftir að hafa verið fast alltof lengi í heimi smákrímna og drullupunga sem öllum er sama um.“

TÍSKA

Hugrún í Kron „Hún hefur kynnt ungu kynslóðina fyrir erlendum unghönnuðum sem eru að koma að komast á pallinn úti. Fyrirmynd úlpugengisins.“

Silja Magg „Eini sanni íslenski tískuljósmyndarinn. Hefur náð að skapa mjög sérstakan stíl sem er verðugur af erlendum tímaritium.“

Guðjón S. Tryggvason „Hann er á lokaárinu í fatahönnun og er vonarstjarna okkar erlendis. Það er beðið eftir honum í París.“ „Hann er alger snillingur, á eftir að ná mjög langt.“

Egill Gillzenegger „Virðist vera ótrúlega sterk fyrirmynd fyrir ákveðinn hóp ungra karlanna, nánar tiltekið, hnakka.“

Jón Atli klippari „Hann er af einhverjum ástæðum einn helsti trendsetter trendliðsins í Reykjavík.“

Júniform Birta Björnsdóttir og Andrea Magnúsdóttir - „Hafa farið sínar leiðir og náðu að heilla mjög breiðan hóp viðskiptavina, allt frá jaðrinum yfir í mainstreamið. Stíll þeirra er mjög auðþekjanlegur og hefur gotið af sér otal eftirlíkingar.“

BÓKMENNTIR
Andri Snær Magnason „Sérlega hugmyndaáríkur og efnilegur höfundur sem á eftir að vaxa áfram. Er líka skemmtilega óhræddur við að setja fram sniðuga sýn á ýmis mál sem brenna á samtíma okkar.“

Eiríkur Örn Norðdahl „Hefur þegar sett mark sitt á bókmenntirnar með Nýhil. Hefur orkuna og metnaðinn og áráðnina til að hafa enn meiri áhrif.“

Steinar Bragi „Hetja meðal Nýhil hópsins og Kristjón Kormákur setti hann fremst á meðal stjarnanna í Frægasti maður í heimi.“ „Sá ungi rithöfundur sem flestir líta upp til.“

LEIKLIST/KVIKMYNDIR
Gísli Örn Garðarsson „Tókst að fá heilan leikhóp til að meika það í útlöndum, sem er draumur allra í bransanum.“ „Umfram allt óhræddur við að framkvæma hlutina og showkall fram í fingurgóma. Tvær uppsetningar í London á stuttum tíma og almennt lofsamlegir dómur frá eituhörðum enskum leikhúskrítikurum ættu að tryggja Gísla efsta sætið í þessum flokki. Við Íslendingar elskum upphefð að utan.“

Dagur Kári „Hann er eini maðurinn sem er að gera eitthvað af

viti“ „Sannur snillingur og mun ná miklum frama.“

VIÐSKIPTI

Sigurður Bollason og Magnús Ármann „Auðguðustu á Karen Millen sem þeir seldu til Baugs, stórir fjárfestar í Dagsbrún og Baug. Komu óvænt í ljós.“

„Pabbadregurinn hans Bolla í 17 sýndi að hann er eiginn herra þegar hann brillaði með fjárfestingu í Karen Millen. Er nú farinn að synda með helstu viðskiptahákörnum landsins og orðin ríkari en þabbi gamli.“

Andri Sveinsson í Landsbankanum, „Björgólfur treystir honum en treystir fáum. Need I say more?“

Dórður Már Jóhannesson forstjóri Straums fjárfestingabanka. „Hefur verið umsvifamikill á fjármálamarkaði og Straumur hefur margfaldast að verðmætum undir hans stjórn“

TÓNLIST

Barði Jóhannsson „Barði er ótrúlega prófessjónal og með puttana í öllu. Hann hefur náð mjög langt erlendis.“ „Barði er sérstaklega fær um að vinna með öðrum listamönnum, og hefur látið þá ná nýjum víddum.“ „Hann hefur sérstaklega komið á óvart með klassískum tónverkum upp á síðkastið.“ „Barði er fagmaður fram í fingurgóma.“

Einar Bárðarson „Hann er afkastamikill lagahöfundur og umboðsmaður sem hefur sannað sig með td. Nylon og Skítamóral.“ „Hann kemur vel fram og það er tekið mark á honum.“ „Hann er meistari í að koma sínu fólki í fjölmiðla og borga þar með aldrei fyrir auglýsingar.“ „Hann kom hnakka tónlistinni

Mugison „Er búinn að vera Next Big Thing mjög lengi. Bræðir saman úr mörgum stílum sem margir hafa reynt að leika eftir.“ „Kom neðanjarðartónlistinni upp á yfirborðið.“

Sigur Rós „Ólíklegustu áhrifamennirnir en þeir ryðja brautina.“ „Taka við af Björk.“

ÍBRÓTTIR

Eiður Smári Guðjohnsen „Hann er fyrirlíði landsins og Englandsmeistari með Chelsea, hann hefur mikil áhrif á unga og upprennandi knattspyrnumenn sem fyrirmynd.“ „Hvatning til allra upprennandi knattspyrnumanna.“ „Er smart líka og er tískufyrirmynd. Hann á líka nógan pening og getur fjárfest í ýmsu.“

Jón Arnór Stefánsson „Komst á samning hjá Dallas Mavericks í NBA sem var stófrétt. Spilar núna með einu af sterkari liðum Evrópu.“ „Fyrirmynd ungra körfuboltamanna.“

Hermann Hreiðarsson - „Leikmaður úrvalsdeildarliðs Charlton á Englandi og einn sterkasti leikmaður landsliðsins undanfarna ár.“ „Mikil fyrirmynd vegna dugnaðs síns á vellinum.“



DAGUR B. EGGERTSSON BORGARFULLTRÚ



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR ÍSLENSKUFRÆÐINGUR VARAFORMAÐUR VG



RAGNAR KJARTANSSON LISTAMAÐUR



EGILL EINARSSON, GILLZENEGGER.



SIGUR RÓS TÓNLISTARMENN



MIKAEL TORFASON RITSTJÓRI



JÓN ATLI HÁRGREIÐSLUMAÐUR



ANDRI SNÆR MAGNASON RITHÖFUNDUR



EIRÍKUR ÖRN NORÐDAHL, RITHÖFUNDUR/SKÁLD



GÍSLI ÖRN GARDARSSON LEIKARI OG LEIKSTJÓRI



GABRÍELA FRÍÐRIKSDÓTTIR LISTAKONA



SILJA MAGG

BJARNI ARA

Bjarni Ara
svíng



NÝJA PLATAN ER KOMIN ÚT!

Hér leikur Bjarni Ara sér að íslenskum og erlendum dægurperlum við undirleik stórsveitar!

Platan inniheldur m.a. lögín Allur lurkum laminn og Ástar óður en þar nýtur Bjarni aðstoðar Helga Björnssonar söngvara.

KOMIN Í VERSLANIR

góða skemmtun! ▶



„Ef þú vilt mig ekki
fær mig enginn annar.“

Mótframlagið þitt

Viðbótarlífeyrissparnaður hefur fjölmarga kosti. Sá helsti er þó líklega mótframlagið þitt sem þýðir að þú færð greitt fyrir að spara. Komdu þér í samband við mótframlagið þitt strax í dag í 410 4000 eða á landsbanki.is.

 **Landsbankinn**
Banki allra landsmanna

Lífeyrissparnaður Landsbankans

PHILIPS

HÁGÆÐA HÁRVÖRUR



Philips HP4881
Einfaldur og kraftmikill,
1900w JetSet HÁRBLÁSAR:
með 3 hita og hraðstiðingum
og köldu lofti. Dreifihaus fýgir.

TILBOÐ

2.995

FULLT VERÐ 3.995



Philips HP4892
Professional hárbásari með AC
mótor eins og notað er á hárgreidslu-
stofum. Íon tækni sem afrafmagnar
hárið og 6 hita og hraðastiðingar.
Toppurinn frá Philips.

TILBOÐ

4.995

FULLT VERÐ 5.995



TILBOÐ
3.995

FULLT VERÐ 4.995

Philips HP4696
8 tæki í 1. Stéttjárn, krukkujárn, krukkubursti,
krumpujárn og fleira. Allt með vandaðri keramik
húð sem fer vel með hárið. Frábært sett.



Philips HP4648
Hágæða sléttujárn með Keramik húð og ION
tækni sem afrafmagnar hárið. LCD skjár sem
stíla má hita á og hitnar á aðeins 30
sekúndum. Það allra besta sem vö er á.

TILBOÐ

4.995

FULLT VERÐ 5.995

HAGKAUP


Skemmtilegast að versla

Heimilistæki
www.ht.is

SÆTUNI 8 REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBODSMENN
EYRARVEGI 21 SELFÖSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR

GÖTURNAR Í LÍFI MÍNU } Bart Cameron



Bjó í sama hverfi og Paul Auster

Bart Cameron, ritstjóri enska dagblaðsins The Reykjavík Grapevine ólst upp í hinu ameríska miðvestri, nánar tiltekið í Madison, Wisconsin. Þaðan lágu leiðir hans til Oxford í Englandi og svo Brooklyn í New York, þar sem hann fékk öskuna úr World Trade Center inn í íbúðina sína þann örlagaríka dag, 11 september. Anna Margrét Björnsson fékk að heyra um skrautlegar götur í Bandaríkjunum og í vesturhluta Reykjavíkur.

Route 12, Northern Wisconsin.

Við bjuggum á bóndabæ þar sem frau í vatnspípunum á hverri nóttu. Í alvörunni. Þetta var menningarsjokk fyrir mömmu, sem ólst upp í Chicago.

Pershing Road, Waterloo Iowa.

Ég ólst upp í þessari litlu götu í þessari verksmiðjuborg.

Shore Acres Drive, Racine.

Versta húsið í fallegasta hverfinu í verstu borginni í Wisconsin.

Gilman Street, Madison Wisconsin.

Íbúð í háskólanum í Wisconsin. Þetta var mjög fallegur hluti bæjarins með alls kyns búðum sem seldu meðal annars burritos og hasspírur. Núna er búð að henda því öllu og GAP og Starbucks komið í staðinn.

West Broom Street, Madison.

Leigusaliinn safnaði baðkörum og skildi þau eftir úti í garði. Ég bjó í risinu og fyrsta daginn sem við vöknudum þarna uppi var 40 stiga hiti inni. Við uppgötvuðum líka að það var verið að rífa upp götuna okkar og að lestin brunaði fram hjá á hverjum morgni klukkan 07.20. Herbergisfélagi mínum fannst það frábært því þá myndum við aldrei verða of seinir í tíma.

Little Clarendon Street, Oxford, England.

Lítill íbúð sem ég deildi með hinum útlendingunum sem gengu í Oxford-háskólann. Little Clarendon er ótrúlega falleg gata á daginn og á kvöldin þá æla allir busarnir á hana.

4th Street, Mankato, Minnesota.

Bjó beint við hliðina á húsinu þar sem rithöfundurinn Sinclair Lewis bjó þegar hann skrifaði Main Street. Meðleigjandi minn teiknaði nasistakrossinn á loftið, sagði mér að leigusaliinn væri að fara í gegnum ruslið okkar, seldi mér hjólið sitt fyrir tuttugu dollara og hvarf svo.

Paris Street, Boston, Massachusetts.

Eina íbúðin sem ég hafði efni á í háskóla, og hún var í Maverick Gardens svæðinu í Austurhluta Boston. Ég var með mús og rottu í íbúðinni og svo brutust nágrennarnir inn í hana til að stela alls kyns hlutum. Þetta var orðið leiðinlegt vandamál. Þegar ég flutti út bentu vinir mínir mér á það að lögreglusírenurnar og þjófavarnavælið hafi ekki hætt í þá fjóra tíma sem við vorum að flytja draslið mitt út.

ROUTE 12

PERSHING ROAD

SHORE ACRES DRIVE

GILMAN STREET

WEST BROOM STREET

LITTLE CLARENDON STREET

4TH STREET, MANKATO

PARIS STREET

FAIRFIELD AVENUE

PRESIDENT STREET

11TH STREET

GAMLI GARÐUR, HRINGBRAUT

BLÓMVALLAGATA

LAUFÁSVEGUR

HOFSVALLAGATA

Fairfield Avenue, Cambridge, Massachusetts.

Í skugga Harvard-skólans. Davis-torgið var fullt af háskólaprófessorum, lögræðingum og grafískum hönnuðum. Svo sprakk internet-bólan og Rauða kross búðirnar fylltust af Yves Saint Laurent-fötum.

President Street, Brooklyn, New York.

Beint á móti World Trade Centre, við austurána. Það tók mig tvo tíma að komast frá heimili mínu í vinnunna þar sem ég kenndi við Bronx Community College.

Það eina sem ég man eftir ellefta september var rykið sem fyllti íbúðina mína, og að sitja heima hjá mér og hlusta á sjúkrahilana og lögreglubílana bruna fram hjá í það sem virtist vera óendanlegan tíma.

11th Street, Brooklyn, New York.

Sama hverfi og Paul Auster bjó í og í raun sama hverfi og allir rithöfundar flytja til þegar þeir eiga smápening. Ég bjó við Prospect Park, sem er miklu flottari en Central Park.

Gamli Garður, Hringbraut, Reykjavík.

Það var eitthvað mjög sjarmerandi við að búa í kjallaranum á svona stúdentahúsnæði. En stundum þegar ungt fólk var að drekka í Stúdentakjallaranum þá ruglaðist það á glugganum mínum og klóssetti. Þá hvarf sjarminn.

Blómvallagata, Reykjavík.

Ég flutti inn í ótrúlega fallega íbúð á þriðju hæð með útsýni yfir dæmigerðan bakgarð í Vesturbænum. Leigusaliinn minn sagði mér að þetta minnti hana á París. Gamall maður í íbúðinni beint á móti var með bréfastressu í formi Eiffelturmsins, sem hann hafði örugglega keypt sem minjagrip frá borginni.

Laufásvegur, Reykjavík.

Ég var alveg tilbúinn að flytja í burtu frá Íslandi, þegar ég fékk starf hjá Iceland Review. Mér fannst það sniðug hugmynd til að kynna landinu betur. Ég svaf á sófanum hjá öðrum blaðamanni og fékk svo íbúð í sama húsi. Hann sagði að þar væri reimt.

Hofsvallagata, Reykjavík.

Við vinnum á óguðlegum tímum hjá Reykjavík Grapevine. Ég hitti aldrei kærustuna mína og ákvað að það væri skynsamlegast að flytja inn með henni svo að ég myndi einhverntíma sjá hana. Og ég er mjög gláður yfir að vera kominn aftur í Vesturbæinn.

Íslenskir tónar kynna!



Öll bestu lög Siggu Beinteins á glæsilegri tvöfaldri safnplötu!

* Hver trúir mér? * Ég vil snerta hjarta þitt * Brú yfir böðaföllin * Þú * Ég og þú *
* Jörð * Eitt spor * Skýið * Þakklæti * Nætur * Allt eða ekkert * Stór orð *
* Ein * Við eigum samleið * Litill drengur * Ó, jesú bróðir besti * Svölitið skotin *
* Sumar nætur * Ekki segja aldrei * Allt í einu * Ég elska alla *
* Ég gef þér allt mitt líf * Ég veit að þú kemur * Hér á ég heima * Þessi augu *
* Nei eða já * Ég lifi í soninni * Eitt lag enn * Litli kall * Vertu ekki að plata mig *

Nældu þér í eintak í næstu verslun!

Íslenskir tónar

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu sennilega fengið Fréttablaðið í morgun.

En til vonar og vara skaltu nú klippa út þetta símanúmer, ramma inn og hengja upp á vegg (t.d. hjá bréfalúgunni), þú getur þá hringt í það ef Fréttablaðið kemur einhvern tímann ekki.

NÚMERIÐ SEM ÉG
ÆTLA AÐ HRINGJA
Í EF FRÉTTABLAÐIÐ
KEMUR EKKI: **550 5000**

FRÉTTABLAÐIÐ

JÓLABLAÐIÐ 2005

Nú styttest í jólin og Fréttablaðið verður með veglegt jólablað 29. nóvember.

Efni blaðsins verður fjölbreytt og af ýmsum toga. Vönduð gjafaumfjöllun. Fagmenn jafnt sem leikmenn gefa góðar uppskriftir að jólamat og ljúffengum aðventuréttum. Þjóðkunnir einstaklingar rifja upp eftirminnileg jól og segja frá hefðum sinnar fjölskyldu.

Í stuttu máli verður blaðið skemmtilegt, liflegt og eiginlegt!

107.000 EINTÖK MEÐ FRÉTTABLAÐINU

Upplýsingar veita

Hinrik Fjeldsted • Sími 550 5837 • GSM 662 5829 • hinrik@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

— stærsti fjölmállinn

Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Prautinn er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

6	7	5	9	4	2	1	8	3
2	4	1	3	6	8	5	7	9
3	8	9	7	1	5	4	2	6
8	1	4	5	7	3	9	6	2
9	5	3	1	2	6	8	4	7
7	2	6	8	9	4	3	5	1
1	3	2	4	8	7	6	9	5
4	9	7	6	5	1	2	3	8
5	6	8	2	3	9	7	1	4

	4			9		1		
	8		3					4
6				5	8	9		
5	8		3					
			9		2			
				6		1		9
		3	5	1				2
4					6		8	
	6		2				5	

STUÐ MILLI STRÍÐA: Sonurinn Samy

JÓHANNA SVEINSDÓTTIR ER ENGIN OFURMAMMA



Peir eru ekki margir sem vita það en ég er á vissan hátt uppalandi og móðir. Fyrir utan það að eiga kærasta, en sagt er að fyrsta barn hverrar konu sé maðurinn hennar, þá á ég líka barn. Svona velunnarabarn, sem gerir mig þá að góðvildarmóður. Ég á velunnarason sem heitir Samy. Hann er

10 ára gamall og býr í landi sem heitir Alsír. Ég er kannski ekki góð „móðir“ þar sem ég veit voðalega lítið um hans hagi, hvernig hann eyðir deginum hver er uppáhaldsleikurinn hans og hvað honum finnst gott að borða. Ég fæ stundum myndir af Samy og fæ að vita að hann sé góður í að teikna. Ég gæti kannski afsakað það með því að segja að ég sé hvorki tengd honum líffræðilega né lagalega. Taugin sem tengir mig og soninn Samy er eingöngu fjárhagsleg. Mér varð hugsað til hans um daginn þegar ég hélt mitt mánaðarlega letikvöld. Ég hafði keypt mér eina pítsu og kók með. Leigði mér vídeóspólu, keypti ís, smá

nammi og popp. Svo lá ég útflöt í sófanum með augun á skjánum og tróð í mig kræsingum, Og þá varð mér hugsað til Samy. Ég hafði eytt jafn miklum peningum fyrir þetta eina kvöld og ég eyði í soninn Samy á einum mánuði. Og hann nýtur peninganna mun lengur en ég. Hann er þannig, sonurinn Samy, nýttinn ungur drengur, annað en móðir hans. Ég hló með sjálfri mér yfir vitleysunni í mér og það rann upp fyrir mér að ég er fjarforeldri í fjarsambandi við fjarlægt barn.

Ég er hljóður uppalandi sem borgar góðgerðar meðlag í hverjum mánuði. Ég er engin ofur-mamma en ég vil vel. ■

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Overli




■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Pú og pa

Eftir SÖB



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



Harry Potter

er kominn í Office 1



Verð 2.995,-

Harry Potter

Með hverri keyptri Harry Potter bók um helgina fylgir Harry Potter ritfangapakki.

Birt með fyrirvara um myndbrenni og prentvillur.

Töfratilboð
í Office 1



FYLGIR!

Afgreiðslutímar verslana!

Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19,
laugardaga 11-18,
sunnudaga 13-18
Office 1 Skeifunni 17
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 11-16,
sunnudaga 13-17
Office 1 Akureyri, Egilsstöðum
Og Isafirði.
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-16

Office **1** Superstore

**Kl. 16.00**

*Kvikmyndasafn Íslands sýnir frönsku kvikmyndina **Themroc** frá árinu 1973 í leikstjórn **Claude Faraldo**. Myndin er sú síðasta af þremur sem **Fríðrik Þór Fríðriksson** velur til sýninga.*

menning

menning@frettabladid.is

Japanska te húsið lifnar við

Guðrún Nielsen myndlistarkona hélt um síðustu helgi sýningu á japanskri teathöfn á sýningu sinni í Galleríi Sævars Karls í Bankastræti. Athöfnin var tekin upp á myndband og verður sýnd óklípt í dag í galleríinu.

Á sýningunni hefur Guðrún sett upp japanskt te hús og búddagard inni í sýningarsalnum. Þótt te hús sé í einu og öllu gert í samræmi við japanskar hefðir gegnir það engu að síður ekki eiginlegu hlutverki sínu hér á landi „þar sem siðir og venjur er ógerlegt að taka að láni. Þetta verður því aðeins afdræp í afmörkuðu rými“, segir Guðrún.

Þegar teathöfnin var framkvæmd um síðustu helgi breyttist hlutverk te húsins skyndilega, „tilvist þess fékk tilgang stutta stund. Þeir sem sáu um sýninguna voru allt í einu á heimavelli jafnt í athöfn sem rými, þá fannst mér tilganginum náð.“

Guðrún fékk Sigrúnu Sveinsdóttur sem búið hefur í Japan og japanskar konur, þær Yukie Moriyama, Rosa Moriyama og Mariko Hashimoto, til þess



að aðstoða og framkvæma teathöfnina. Græna teið komu þær með sér og margvíslega aðra hluti sem ómissandi eru. Þar þar að nefna pottinn sem heldur vatninu heitu, keramikskálar og fagurlega unna hluti úr bambus.

Sýningu Guðrúnar lýkur á fimmtudaginn í næstu viku.

> Ekki missa af ...

... tónleikum djasstríóisins **B3** í Múlanum, Þjóðleikhúskjallaranum, annað kvöld þar sem minnst verður **Jimmy Smith**, helstu hetju allra Hammond-djassorganista.

... tónleikum **Tríós Reykjavíkur** í Hafnarborg á morgun. Gestur tríóisins verður **Joseph Ognibene** hornleikari.

... sýningu **Bjargar Eiríksdóttur** í sýningarsal Galleríis Svartfugls og Hvítspóa, Brekkugötu 3a á Akureyri. Sýningunni lýkur um helgina.



THE TALLIS SCHOLARS Þessi enski úrvalskór kemur hingað til lands í janúar og heldur tvenna tónleika.

Hinn hreini tónn

„Fyrir okkur er þetta eins og fyrir píanóleikara að fá að spila fjórhent með Ashkenazy eða fyrir fótbolta-leikara að fá allt í einu tækifæri til að spila með Manchester United,“ segir Árni Heimir Ingólfsson tónlistarfræðingur. „Þetta er topplið. Það gerist ekki betra.“

Hann er að tala um breska kórinn The Tallis Scholars, sem sérhæfir sig í að syngja tónlist fyrri tíma. Þessi einstæði kór er væntanlegur er hingað til lands í janúar. Það er Árni Heimir og kammerkórinn Carmina sem standa fyrir komu The Tallis Scholars.

Kórinn syngur á tvennum tónleikum í Langholtskirkju 7. og 8. janúar næstkomandi, en miðasalan hefst núna á þriðjudaginn.

Árni Heimir kynntist bæði stjórnanda kórsins og nokkrum af söngvurunum sumarið 2001 þegar hann sótti námskeið hjá þeim úti í Englandi.

„Þeir halda námskeið á hverju

sumri. Fólk kemur þangað alls staðar að úr heiminum til þess að læra um gamla tónlist og hvernig á að flytja þangað.“

Árni fór síðan aftur þangað út síðasta sumar og þá höfðu ensku söngvararnir frétt af því að hann hefði stofnað sambærilegan kór hérna heima, nefnilega kammerkórinn Carmina.

„Þau voru spennt fyrir því sem við vorum að gera og það þróaðist þannig að þau koma til landsins. Um leið verður þetta eins og meistaranámskeið fyrir okkur líka í Carminu.“

Stjórnandi The Tallis Scholars er Peter Phillips. Kórinn hefur gefið út fjöldann allan af diskum með gamalli tónlist af ýmsu tagi og þykir einn sá allra fremsti á sínu sviði í heiminum.

„Þau hafa náð ótrúlega góðum árangri í að samhæfa sönginn sinn, að ná þessum samhljómi sem allir kórar eru alltaf að reyna að ná, að syngja hreint.“

Glímt við sali Listasafns

Þrettán ungir listamenn eiga verk á sýningunni Ný íslensk myndlist II, sem opnuð verður í Listasafni Íslands í dag.

„Við tókum fljótlega þann pól í hæðina að fá listamennina til þess að fjalla um rýmið hérna inni í Listasafninu,“ segir Harpa Þórsdóttir listfræðingur, einn þriggja sýningarstjóra sýningarinnar Ný íslensk myndlist II sem opnuð verður í Listasafni Íslands í dag.

Sýningarstjórar með Hörpu eru þær Eva Heisler, amerískur listfræðingur sem hefur búið hér á landi í nokkur ár, og Kristín G. Guðnadóttir listfræðingur, sem er forstöðumaður Listasafns ASÍ.

„Sum verkin eru búin til inn í safnið, beinlínis hönnuð hér inni, en hin verkin hafa flest lítið sést áður en okkur fannst þau falla vel að sýningunni og hugmyndinni að baki henni.“

Listasafnið vill með þessari sýningu, alveg eins og með fyrri sýningunni Íslensk myndlist I, beina sjónum manna að þeirri nýsköpun sem átt hefur sér stað í íslenskri myndlist undanfarið. Öll verkin á sýningunni eiga það sameiginlegt að fást við rýmið á einn eða annan hátt.

„Pælingar um rými og rýmistengd listaverk eru mjög stór þáttur í myndlistinni í dag,“ segir Harpa. „Þessi verk fjalla líka um áhorfendurna og tengsl listaverks og áhorfandans, hvernig hann getur verið virkur aðili í listsköpuninni.“

Afar misjafnt er hvernig listamennirnir tóku áskorun sýningarstjórnanna. Hulda Stefánsdóttir fór til dæmis þá leið að gera innsetningu með málverkum og ljósmyndum í anddyri Listasafnsins.

„Það var heilmikil áskorun að takast á við þetta rými sem er arkitektúr stáls og glers, dálftið kalt allt saman, svo ég ákvað að hafa þetta milt og rómantískt.“



DARRÍ LORENZEN OG ELÍN HANSDÓTTIR Þau þurftu að notast við kranabil með kórfa til þess að koma fyrir lýsingu fyrir utan safnið.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Í sumar var Hulda með sýningu í Ásmundarsal þar sem hún var að skoða hvíta litinn, sem er ákveðið litleysi.

„Ég held áfram þessum litapælingum, en nú fer ég yfir í roðann. Mér fannst það passa vel inn í þetta rými. Þetta eru allt saman rauðar myndir, húð og skuggar, bæði listsögulegar skírskotanir og persónulegar.“

Þau Elín Hansdóttir og Darrí Lorenzen fengu sal 4 að stórum hluta til umráða, en sá salur er á efri hæð hússins og snýr út að Tjörninni.

„Þessi salur er allur bogadreginn og mjög snúinn, þannig að það komu ákveðin vandræði upp í hvert skipti sem við vorum að hugsa hvernig við ættum að gera þetta,“ segir Elín.

„Á endanum ákváðum við að gera salinn sjálfan að verk-

inu sem við sýnum. Við bætum í sjálfu sér engu við hann, en teygjum hann og togum. Í raun og veru endurbýggjum við hluta salarins og sköpum þannig nýtt rými þarna inni, og um leið erum við að spila svoltið með þær minningar sem fólk hefur úr þessu húsi, og líka umhverfið fyrir utan, Tjörnina og allt það,“ segir Elín og minnir á að í eina tíð var þetta musterí listarinnar íshús og síðar var þarna skemmti-staðurinn Glaubar til húsa.

Aðrir listamenn sem eiga verk á sýningunni eru Hafdíð Helgadóttir, Hekla Dögg Jónsdóttir, Hlynur Helgason, Inga Þórey Jóhannsdóttir, Katrín Sigurðardóttir, Kristinn Hrafnsson, Ragnar Helgi Ólafsson, Sara Björnsdóttir, Unnar Örn Jónsson Auðarson og Þóra Sigurðardóttir.



HLYNUR HELGASON Hlynur er einn þrettán myndlistarmanna sem eiga verk á sýningunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

HNAPPUR SEM GETUR BJARGAÐ LÍFI ÞÍNU OG ÞINNA NÁNUSTU



1

Ýttu á hnappinn sem þú getur bæði haft um háls eða á hendi. Boð berast á stjórnstöð Securitas og um leið nauðsynlegar upplýsingar um þig.



2

Talsambandi er komið á milli þín og stjórnstöðvar. Öryggisvörður með lykil að húsnæði þínu kemur á staðinn.



3

Sjúkrabíll og/eða lækni er sendur á vettvang ef þörf krefur og haft er samband við aðstandendur.

Einstaklingar á öllum aldri gætu þurft á bráðri aðstoð að halda. Securitas aðstoðar þennan hóp með því að bjóða upp á öryggishnapp. Hnappurinn kemur að góðum notum ef viðkomandi þarfnast hjálpar samstundis vegna slyss, veikinda eða annarra áfalla.

Hafðu samband í síma **580 7000** og fáðu frekari upplýsingar hjá öryggisráðgjöfum okkar.



www.securitas.is

Leikhúpurinn Á senunni í samstarfi við SPRON

Kabarett

í Íslensku óperunni

EKKI MISSA AF KABARETT!

18. nóv. kl. 20 (aukasýning)
25. nóv. kl. 20 (aukasýning)
26. nóv. kl. 20 ALLRA ALLRA SÍÐASTA AUKASÝNING

Miðar í síma 511 4200 og á www.kabarett.is

THE TURN OF THE SCREW
EFTIR
BENJAMIN BRITTEN

Tökinnert

12. nóv. kl. 20 - 6. sýning - ÖRFÁ SÆTI LAUS
ATH! Allra síðasta sýning

„Spennulaðið viðfangsefnið gerir sig bráðvel fyrir augu og eyru.“
MORGUNBLAÐIÐ

50% afsláttur af miðaverði

PARIS PRO TOTO - Dansverkið VON & ARÓRA BÓREALIS - Brot úr nýju verki á gömlum merg Laugardaginn 19. nóv - kl. 20 - Sunnudaginn 20. nóv - kl. 17

Áðeins þessar tvær sýningar

www.operas.is opera@operas.is Sími: 511 4200
 Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400



SELLÓLAUSTTRÍÓ MEÐ HORNI Þau Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari, Joseph Ognibene hornleikari og Peter Maté píanóleikari skipa Trío Reykjavíkur á tónleikum í Hafnarborg annað kvöld.

BORGARLEIKHÚSIÐ

Stóra svið Nýja svið/Litla svið

Salka Valka		Lífsins tré	
Í kvöld kl. 20	Fi 17/11 kl. 20	Fö 18/11 kl. 20	Lau 19/11 kl. 20
Fi 24/11 kl. 20	Fö 25/11 kl. 20	Fö 25/11 kl. 20	Lau 26/11 kl. 20
Su 4/12 kl. 20	Su 11/12 kl. 20	Lau 3/12 kl. 20	

Woyzeck		Alveg brilljant skilnaður	
Fö 18/11 kl. 20	Lau 19/11 kl. 20	Su 13/11 kl. 20 UPPSELT	
Lau 26/11 kl. 21	Su 27/11 kl. 21	Su 20/11 kl. 20 UPPSELT	
Mi 30/11 kl. 20 UPPS	Fi 1/12 kl. 20	Su 27/11 kl. 20 UPPSELT	
Fö 2/12 kl. 20	Fi 8/12 kl. 20	Má 28/11 kl. 20 UPPSELT	
		SU 4/12 kl. 20 AUKAS. Síðustu sýningar!	

Kalli á þakinu		Manntafl	
Su 13/11 kl. 14 UPPS	Su 20/11 kl. 14	Í kvöld kl. 20	Fi 17/11 kl. 20
Lau 26/11 kl. 14	Su 27/11 kl. 14	Fi 24/11 kl. 20	
Su 4/12 kl. 14	Su 11/12 kl. 14		

Id - HAUST

Wonderland, Critic's Choice? og Pocket Ocean
 Su 13/11 kl. 20 Su 20/11 kl. 20
 Mi 23/11 kl. 20

Áðeins þessar sýningar!

GJAFAKORT
 GEFÐU EFTIRMINNILEGA UPPLIFUN
 GJAFAKORT Í BORGARLEIKHÚSIÐ GILDA ENDALAUST

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

Þjóðleikhúsið - leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

HALLDÓR Í HOLLYWOOD
 Í kvöld lau. 12/11 örfá sæti laus, fim. 17/11, fös. 18/11 nokkur sæti laus, lau. 19/11 örfá sæti laus. Áðeins sýnt í nóvember.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
 Sun. 13/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 20/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 27/11 kl. 14:00 nokkur sæti laus.

EDITH PIAF
 Sun. 13/11 uppselt, sun. 20/11 uppselt, sun. 27/11 uppselt, sun 4/12 uppselt - 90. sýning. Allra síðasta sýning.

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00

BRIM
 Í kvöld lau. 12/11 nokkur sæti laus, sun. 13/11 örfá sæti laus, fim. 17/11 örfá sæti laus, sun. 20/11 örfá sæti laus, mið 23/11, mið. 30/11. Áðeins sýnt í nóvember.

SMÍÐAVEKSTÆÐIÐ KL. 20.00

FRELSI
 Í kvöld lau. 12/11, mið. 16/11 uppselt, fim. 17/11 uppselt, mið. 23/11 uppselt, fim 24/11 örfá sæti laus. Áðeins sýnt í nóvember.

SAMKOMUHÚSIÐ Á AKUREYRI

EDITH PIAF Á NORÐURLANDI - söngdagskrá
 Í dag lau. 12/11 kl. 16:00 uppselt.

LEIKHÚSKJALLARINN
 Í kvöld lau. 12/11 kl. 22:00 Hugleikur - Þetta mánaðarlega.
 Sun. 13/11 kl. 21:30 Sunnudagsjass. Djassklúbburinn Múlinn: **B3**. Tónlist orgelleikarans Jimmy Smith.
 Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði Leikhúskjallarans í s. 585 1295. Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIDASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
 AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-PRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
 MIDASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

Rifjar upp gamlar minningar

Trío Reykjavíkur hefur fengið Joseph Ognibene hornleikara til liðs við sig á tónleikum sínum í Hafnarborg á morgun. Hann tekur sæti Gunnars Kvarans sellóleikara og spilar sem gestur tríósins með þeim Guðnýju Guðmundsdóttur fiðluleikara og Peter Maté píanóleikara.

„Ég er að spila Beethoven-sónötu sem ég hef ekki leikið síðan ég var sextán ára,“ segir Joseph, sem hlakkar til að rifja upp gömul kynni af þessari þekktu horn-sónötu Beethovens.

„Beethoven spilaði þetta verk sjálfur á sínum tíma með manni sem hét Giovanni Punto. Hann var hornvirtúós á sínum tíma, líklega fyrsti hornvirtúós sögunnar. Þetta var mjög merkilegur maður. Það þekktu hann allir í Vínarborg og allir vildu spila með honum, en hann hét í raun og veru allt annað á tékknesku. Hann var flóttamaður frá Bæheimi og mjög umdeildur. Í heimalandinu voru þeir svo reiðir út í hann að það var send skipun um að handtaka hann, eða í það minnsta að slá úr honum tennurnar.“

Þessa sónötu leikur Joseph með Peter Maté píanóleikara, en hann leikur einnig tríó eftir Brahms með þeim Guðnýju og Peter.

„Ég hef spilað Brahms-tríó-ið áður með Guðnýju og svo hef ég líka spilað það með Peter, en við þrjú höfum aldrei leikið það saman fyrr en núna.“

Joseph Ognibene er frá Bandaríkjunum en hefur búið hér á landi í nærri aldarfjórðung.

„Ég kom hingað 23 ára gamall til að spila með Sinfóníunni. Núna er ég 48 ára gamall svo ég hef verið hér meira en fimmtíu prósent ævinnar.“

Hann segist engan veginn sjá eftir því að hafa flutt hingað á sínum tíma, enda hafi hann haft nóg að gera í tónlistinni, leikið með Sinfóníuhljómveitinni, starfað sem kennari og komið fram sem einleikari við ýmis tækifæri.

„Ég hef komið fram sem einleikari með Sinfóníunni, en ekki gert svo mikið af því að leika einleik með píanóleikara. Þess vegna líka hefur þetta Beethoven-tríó orðið útundan. En þetta er mjög skemmtilegt tríó og reynir á öll tónsvið hljóðfærisins.“

Á tónleikumunum flytja þau Guðný og Peter einnig Vorsónötu Beethovens fyrir fiðlu og píanó. Tónleikarnir hefjast klukkan 20 annað kvöld.

ÉG ER MÍN EIGIN KONA

Aukásýning 16. nóvember!

Höfum bætt við aukásýningu miðvikudaginn 16. nóv. kl. 20. Uppselt á allar aðrar sýningar í nóvember. Sala miða á sýningar í desember á midi.is og í lðnó s. 562 9700.

Ósottar pantanir seldar viku f. sýningu.

Landsbankinn er stoltur bakhjarl sýningarinnar.

Leikfélag Mosfellssveitar

Fjórir einþáttungar

eftir Lárus H. Jónsson og Pétur Ragnar Pétursson í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ

2. sýning Sunnud. 13.nóv. kl. 20:00
 3. sýning Föstud. 18.nóv. kl. 20:00
 4. sýning Föstud. 18.nóv. kl. 22:00
 5. sýning Sunnud. 20.nóv. kl. 20:00

Sýndir eru einþáttungarnir *Húð og hitt* og *Það er frítt að tala í GSM hjá guði* eftir Pétur R. Pétursson og *Það verður að stoppa þennan mann* og *Einn dagur í einu* eftir Lárus H. Jónsson.

Sýningin er ekki við hæfi áhorfenda yngri en 16 ára.

Miðasala í síma 5 66 77 88
 Miðaverð kr. 1000,-
www.leikmos.is

FRUMSÝNING 12. NÓVEMBER

Nína og Geiri
 söngbók
 Björgvins Halldórssonar
 Leikstjórn: Gunnar Helgason

11. nóv. VIP frumsýning
 12. nóv. Frumsýning
 Uppsæturhúsið hestamanna
 18. nóv. Uppselt svæði
 19. nóv. Uppselt svæði
 25. nóv. Uppselt svæði
 26. nóv. Uppselt svæði
 2. des. Uppselt svæði
 3. des. Uppselt svæði
 9. des. Uppselt svæði
 10. des. Uppselt svæði
 16. des. Örfá á svæði 1
 17. des. Örfá á svæði 1

5331100 Netfang: midasala@broadway.is
 Öpreiddir miðar seldir háttummannuði fyrir viðburð.

Le Sing

Syngjandi þjónar
 Ein vinsælasta leikásýning landsins.
 Alla laugardaga

Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg

BROADWAY
 Sími: 533-1100

HIMNARÍKI

Geðklofin gamanleikur eftir Ána Ibsen

Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

Hinsein óperetta
Sýnt í lðnó

Gestur Síðasta mállíðin

Næstu sýningar:
 fös. 11.nóv. kl.20:00 í Bláhallinni á Akranesi
 lau. 12.nóv. kl.17:00 í lðnó
 lau. 19.nóv. kl.17:00 í lðnó
 lau. 26.nóv. kl.17:00 í lðnó
 lau. 3.des. kl.17:00 í lðnó

Miðasala í lðnó í síma 562-9700,
 idno@xnet.is og á www.midi.is

„Drepfyndið.“
 Bergþóra Jónsdóttir - mbl



> **Afskaplega hugguleg** stígvél úr nautshúð og með glitrandi steinum úr versluninni GK.

Útlit



SMEKKURINN: KOLBRÁ BRAGADÓTTIR MYNDLISTARKONA OPNAR SÝNINGU Í GALLERÍ FOLD Í DAG

Stíllinn í anda íslensks veðurfars

Spáir þú mikið í tiskuna? Ekki mikið, fylgist með henni með öðru auganu.
Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum? Eins og íslensku veðurfari, alger hentistefna í gangi.
Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki: Ég á engan uppáhaldsfatahönnuð og er sérlega slæm merkjamanneskja. Þó eru einstaka barmmerki sem mér finnst sérlega sniðug og á það til að smella þeim á mig við tækifæri.
Flottustu litirnir: Svart er í miklu uppáhaldi sem og allir jarðlitir en einnig er ég sjúk í gyllt, silfrað og ýmsa skæra liti. Kannski segi ég bara allir litir, það er jú ljótt að skilja út undan.
Hverju ertu veikust fyrir? Þessa dagana er það allt sem er kvenlegt; kjólar, kápur, skór og skinn.
Hvaða flik keyptir þú þér síðast? Ég keypti drappaðan og laxableikan kjól í Rokki og

rósum. Einstaklega fallegur og kvenlegur.
Hvað finnst þér flottast í tiskunni núna? Mér finnst flott hvað tiskan er kvenleg í dag, það höfðar sterkt til mín.
Hvað ætlar þú að kaupa fyrir veturinn? Það sem ég fell fyrir. Ég get engan veginn ákveðið það fyrir en á því augnabliki sem ég sé hlutinn. Ég fer aldrei að versla með það í huga að kaupa eitthvað ákveðið.
Uppáhaldsverslun: Hiklaust Kolaportíð, illa lyktandi dýrgripur sem gaman er að gramsa í.
Hvað eyðir þú miklum peningum í fót á mánuði? Stundum engu og stundum of miklu.
Hvaða flikur gætir þú ekki verið án? Skinnins sem ég erfði eftir Láru frænku mína. Það heldur mér heitri þegar kalt er í veðri og fær mig til að finnst ég vera alger prinsessa.
Uppáhaldsflik: Svart/hvíti kjóllinn minn er í

miklu uppáhaldi þessa dagana, enn og aftur flik sem undirskar prinsessuna í mér og svo á ég skemmtilegar minningar tengdar honum.
Hvert myndir þú fara í verslunarferð? Ég myndi fara til Chicago til Jóhönnu ofurprinsessu og saman myndum við prinsessast um borgina í leit að dýrlegum kjólum, kýla vömbina af góðum mat og drekka mjóð af stút.
Ljótasta flik sem þú hefur keypt þér? Ég hef gerst sek um margt stórslysið í þeim efnum en ætli ég segi ekki hvítu strigaskórnir með þykku botnunum. Hef það mér til varnar að ég notaði þá bara einu sinni, eftir það horfði ég á þá í forundran í einhvern tíma þar til ég loksins henti þeim.



MÓÐUR VIKUNNAR

> MARTA SMARTA FER YFIR MÁLIN

200% lyktarskyn

Ég verð að viðurkenna að ég er pínulítið týnd í „secondhand“ tilverunni. Mér finnst týpurnar sem sækja í slíkan klæðnað yfirleitt yfirmáta smart og ég væri meira en til í að vera í þeim hópi. Þetta er bara einhvern veginn ekki ég. Fyrir það fyrsta er ég frekar mikil pempía þegar kemur að fötum. Ég vil hafa þau „spikk og span“, alls ekki götött og alls ekki snjád (nema um gallabuxur sé að ræða). Ég á það til að eyða óralöngum tíma í að handþvo fót, strauja og dúlla við þau. Í raun hugsa ég um fötin eins og ungbarn, hlúi að þeim, tala við þau og klappa þeim. Það hefur reyndar komið fyrir að fötin mín hafi „óvart“ labbað sjálf í þvottavélina á allt of háan hita. Hef grun um að „þvottabjörninn“ hafi þar verið á ferð en viðkomandi vill alls ekki kannast við það. Ég er því búin að koma upp nýrri reglu sem hljóðar upp á að setja ekkert í óhreininautausgrindina nema það þoli suðu. Enda er voða leiðinlegt að missa stjórn á skapi sínu út af fötum, mér finnst bara svo voðalega vænt um þau.

Það er sérstókt lykt af gömlum fötum, allavega þeim sem hafa verið í eigu ókunnugra sem búa í öðrum löndum, jafnvel öðrum heimsálfum, og ég þoli hana illa. Finnst eitthvað ósjarmerandi við gamla svitalykt af einhverjum sem ég ekki þekki. Það gildir allt annað um fót ömmu minnar eða Sirríar ömmusystur minnar. Þau lykta vel enda er sérstök fjölskyldulykt af þeim. Lyktarskynið er líka óvenju öflugt, held ég hafi fengið fyrir allan peninginn og meira til. Því miður er ekki hægt að segja það sama um heyrnina. Hún virðist minnka með hverjum deginum.

Ég las það í blaði að fólk laðaðist að hinu kyninu vegna lyktarinnar. Ég held það sé eitthvað til í þessu og held að það megi auðveldlega heimfæra þessa speki upp á fót.

Nú er bara spurning hvort ég finni nýjar þvottaáðferðir til að eyða óæskilegri gömlufatalykt. Hef heyrt að það sé gott að nota sjampó við handþvottinn og að uppþvottalögur geti komið að góðum notum. Nú er bara að prófa sig áfram, enda fátt aulalegra en að gefast upp þegar leikurinn stendur sem hæst.



BLÚNDUR eru ákaflega áberandi í vetrartískunni. Ekki er verra að hafa þær bæði innanklæða.

VERTU EINS OG SANDY í Grease í palliðtubuxum frá júniform.

ALLADÍNIBUXUR sem fallett er að girða ofan í stígvél eða vera í penum hælaskóm við. Þær eru frá júniform.

ÖMMULEG taska úr Friis og Co.

LAKKSKÓR eru komnir aftur í tísku. Friis og Co.

LOÐKANTURINN gerir þessi stígvél óendanlega smart. Þau fást í Friis og Co.

SVART TRÉSKART gerir mikið fyrir heildarmyndina. Það fæst í GK á Laugavegi.

ÞAÐ ER FÁTT EINS GOTT og að eiga stóra tösku sem hægt er að koma nánast allri búslóðinni í. Friis og Co.

Sætur svartur veruleiki

Svarti liturinn er sigurvegari haustsins. Það er alveg sama hvert er litið, það er allt svart. Það er þó alls ekki í neikvæðri merkingu því svarti liturinn er bæði glæsilegur og klæðilegur. Miuccia Prada, Stella McCartney og Louis Vuitton gera svarta litnum góð skil. Virtustu tískuhönnuðirnir segja að málið sé að blanda saman ólíkum efnum, gegnsæju með þekjandi, glansandi með möttu og ekki sé verra ef svörtu efnin séu mynstruð. Fallett er að poppa svarta litinn upp með skemmtilegum smáatriðum og það þarf ekki að vera svo kostnaðarsamt. Verslunin Friis & Co selur ógrynni af fallegum skóm, stígvélum og tösukum sem krydda heildarmyndina og gera þetta svarta mun svalara. Verslunin Vera Moda lætur sitt ekki eftir liggja en þar er hægt að fá niðurmjóar gallabuxur á afar góðu verði. Sökkabuxur geta gert kraftaverk og ekki er verra ef þær eru mynstraðar. Það passar sérlega vel með hnébuxnatískunni.

Svartir tréskartgripir gera heilmikið fyrir heildarmyndina og þá er málið að hafa frekar meira en minna. Galdurinn við að vera sémilegur til fara fer nefnilega sjaldnast eftir fjárútlátum heldur hvernig fólk stillir saman strengi og raðar fatnaði saman. Það er ekki allt fengið með fjárútlátum þó það sé frestandi að gleyma sér stundum. martamaria@frettabladid.is

PEIR SEM STUNDA SAMKVÆMISLÍFIÐ verða að eiga sparilegar tösukur. Friis og Co.

ÆVINTÝRALEG SLÁ sem framkallar höfðinglegt yfirbragð. Fötin eru frá GK.

Er hárið farið að grána og þynnast? Þá er Grecian 2000 hárfroðan lausnin!



Þú þværð hárið, þurrkar, berð froðuna í, greiðir og hárið nær sínum eðlilega lit á ný, þykknar og fær frískari blæ.

Ath! - leiðbeiningar á íslensku fylgja

Grecian 2000 hárfroðan fæst hjá:

- Árbæjar Apótek
- Lyfjaval Apótek, Mjódd
- Skiphólts Apótek
- Hárflikk, Miklubr. /Lönguhtíð
- Hársnyrtistofan Hár, Hjallahr.13, Hafnarf.
- Rakarast. Ágústur og Garðars, Suðurlandsbr.10
- Rakarast. Gríms, Grímsbæ
- Rakarast Klapparstíg
- Rakarast. Ragnars, Akureyri
- Torfi Geirmunds, Hverfisg. 117

Hagkaupsverslanir:

Akureyri, matvara - Kringlunni, matvara - Skeifunni, snyrtivara - Smáralind, snyrtivara - Spönginni, snyrtivara

Árni Scheving sif. - Heildverslun sími 897 7030

Leyndarmálið að hafa gott sjálfsöruggi

Leiknonan unga Kirsten Dunst er komin langa leið í Hollywood eftir að hún vakti fyrst athygli í myndinni Interview with a Vampire. Hún hefur sannað það að hún getur bæði leikið í litlum óháðum myndum eins og Virgin Suicides og stórum smellum eins og Spiderman.

Leikurinn er þó ekki það eina sem stúlkunni er til lista lagt heldur er hún einkar láginn við að velja sér fót. Þó svo að hún hafi mjög líklega stílista lítur hún út fyrir að hafa hönd í bagga



FLATBOTNA Hér er hún í einum af hennar mörgu kjólum í stíl þriðja áratugarins og að sjálfsögðu í flatbotna skóm við.

því stíllinn er alltaf sá sami og virðist vera afar persónulegur. Einnig er hún mjög töff til fara þegar hún sprangar um götur New York-borgar á frídögum sínum. Þá er hún yfirleitt frekar kæruleysislega klædd en tekst alltaf að vera töff. Upphaldsskórnir hennar eru Converse-strigaskór og hún viðurkennir að hún sé nokkuð veik fyrir búðarferðum.

„Ég elska tísku og elska að kaupa fót. Það kemur mér í gott skap,“ sagði hún í nýlegu viðtali við vef tímarit eitt. „Stíln-

um hennar er best lýst sem góðri blöndu af fötum frá dýrum hönnuðum og fötum sem hún virðist hafa fundið á flóamarkaði eða í búðum sem selja notaðar vörur. Hún notar mikið gamla kjóla sem eru oft í stíl þriðja áratugarins og við þá gengur hún í fallegum skóm og jafnvel flatbotna skóm – ólíkt öðrum tískudrottningum í Hollywood.

„Helsta leyndarmálið til þess að líta vel út er að trúá á sjálfan sig. Að hafa gott sjálfsöruggi og reyna að trúá á ákvarðanir sínar og hugsanir, þá er auðvelt að líta vel út,“ segir hún.

ÓSKARINN Kirsten Dunst var ein sú flottasta á Óskarsverðlaunaafhendingunni í ár. Hún var í Chanel hátískukjól og með stutt ljóst hár.



GAMALDAGS Kirsten elskar gamla stílinn og er oft í kjólum sem virðast vera beint af gömlum flóamarkaði. Hér er hún á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum.



SIXTÍS Árið 2004 var Kirsten með dásamlega sæta stutta klippingu í anda sjöunda áratugarins. Hér er hún með þykkum eyeliner sem fullkomnar stílinn.



RÓSAILMUR Silkimjúkt freyðibað með dásamlegum rósaílmi sem fyllir baðherbergið.

Silkimjúkt freyðibað

Eitt það nýjasta sem snyrtivöru-fyrirtækið L'occitane hefur sett á markað er dásamleg freyðiböð sem gæla við líkamann. Ef það er eitthvað sem veturinn kallar á þá er það heitt og gott freyðibað. Kveikið á kertum allt í kringum baðkarið og slökkið ljósin. Veturinn tryggir að dimmt er úti í flestum tilvikum og baðferðin verður enn rómantískari. Gott er að setja svo eitthvað rólegt á fóninn og úr verður dásamleg stund.

Freyðiböðin frá L'occitane eru til með tveimur ilmum, annars vegar með rósaílmi og hins vegar með vanilluilm.


Freyðiböðin eru silkimjúk og yndislegt er að slappa af og finna vöruna mýkja upp húðina á meðan daufur ilmurinn fyllir vitin.

Vert er að minnast á að framleiðendur L'occitane-varanna fara eftir nokkrum mikil-

VANILLA Fallegt gullitað freyðibað sem glitrar í baðkarinu þínu.

vægum atriðum við framleiðslu þeirra sem ættu að skipta viðskiptavinum máli.

Meðal annars taka þeir skýrt fram að barnaþrælkum tíðkist ekki í verksmíðjum þeirra og þeir notist ekki við rannsóknir á dýrum. Umbúðirnar eru umhverfisvænar sem og innihald þeirra. Einnig er lögð áhersla á að þjóna blindum einstaklingum með því að hafa blindraletur á ýmsum umbúðunum. ■



PÓSTURINN
allur pakkinn

Hver á heima hér?

Það eru vinsamleg tilmæli okkar hjá Póstinum að bréfalúgur og póstkassar séu merkt skýrt og greinilega með fullu nafni allra sem búa í húsinu.

Lélegar eða alls engar merkingar geta orðið til þess að endursenda verði póst, sendanda og viðtakanda til verulegra óþæginda. Aðstoð þín og tillitssemi auðveldar okkur að koma póstinum til þín hratt og örugglega.

Með fyrirfram þökk.

www.postur.is

Heim til hjálpar samtökum 78

Ingi Þór Jónsson, sendiherra Alheimsleika samkynhneigðra í Evrópu sem verða haldnir í Kanada á næsta ári, er staddur hér á landi á vegum Samtakanna 78.

„Þeir buðu mér að kynna þau verkefni sem ég er að gera erlendis varðandi íþróttir og minnihlutahópa í heiminum,“ segir Ingi Þór,

sem er búsettur í Manchester. Forsvarsmönnum ÍSÍ hefur einnig verið boðið á fundinn ásamt meðal annars Guðlaugi Þór Þórðarsyni alþingismanni.

Ingi Þór játar að það sé brjáláð að gera sem sendiherra Alheims-samtakanna. „Ég var líka nýlega valinn forseti heimssamtakanna

Proud Out Olympians, sem berjast fyrir hómófóbiu í sporti um allan heim, svo samkynhneigðir hafi til dæmis sama rétt og aðrir í sambandi við styrkveitingar.“

Ingi segist vera feginn að vera kominn til Íslands, en hann hefur verið búsettur erlendis í átján ár. „Ég frestaði meira að segja Parísarferð til að koma hingað. Þetta er miklu, miklu merkilegra verkefni og meira spennandi.“

Hrafnhildur Gunnarsdóttir, formaður Samtakanna 78, segir það mjög gott að fá Inga til landsins. „Ég var himinlifandi þegar ég las þessa grein í Fréttablaðinu í sumar um hann. Þess vegna ákvað ég að biðja hann um að koma. Hann er í stöðu sem er að vekja athygli á þessum málum og okkur þótti tilvalið að fá hann heim. Við ætlum okkur næstu tvö árin að breyta þessu seinasta vígi hommafóbiunnar,“ segir Hrafnhildur. Á hún þar við það andrúmsloft sem virðist vera ríkjandi innan íþróttahreyfingarinnar gagnvart samkynhneigðum og sérstaklega bá hommum.

Hrafnhildur segir að það sé ekki á stefnuskránni að stofna íþróttafélag samkynhneigðra. „Við viljum fá að vera með hinum, eins og þetta á að vera. Við erum bara hluti af landslaginu,“ segir hún.



INGI ÞÓR JÓNSSON Ingi Þór er háttsettur fulltrúi innan íþróttahreyfingar samkynhneigðra.



RJÓMINN Nýtt tónlistarvefritar er að finna á slóðinni www.rjominn.is. Þarna er að finna daglega plötudóma, tónleikaumfjallanir og annað í sambandi við tónlist.

Rjóminn er það feitasta

Nýtt vefrit fór í loftið þann 19. október síðastliðinn á slóðinni www.rjominn.is og er um að ræða íslenskt tónlistarvefrit þar sem ungt fólk fjallar um hinar og þessar plötur, tónleika og fleira. „Við höfðum verið að ræða þetta okkar á milli og áttuðum okkur á því að þetta vantaði alveg og það kom okkur í rauninni á óvart að svona íslenskur tónlistarvefur væri í rauninni ekki til,“ segir Stígur Helgason, einn af tólf aðstandendum vefsins.


Nafnið Rjóminn vísar til þess feitasta, þess sem flýtur ofan á og þess allra besta en allir tíu aðstandendur vefsins eiga það sameiginlegt

að hafa brennandi áhuga á tónlist. „Markmiðið með þessu verkefni er að búa til einhvern vettvang á netinu fyrir tónlistarumfjöllun á íslensku. Síðan er alls ekkert einungis ætluð fyrir fagfólk heldur bara almennt fyrir Íslendinga sem vilja kynna sér ýmiss konar tónlist.“

Að sögn Stígs er engin sérstök tónlistarstefna sem tekin verður fyrir en óhjákvæmilega miðast tónlistarumfjöllunin eitt-hvað út frá því á hvað pennarnir hlusta. „Við erum svo í samstarfi við verslanir og útgáfufyrirtæki eins og Skífuna, 12 Tóna og Smekkleysu og fáum frá þeim efni sem við fjöllum um.“ -bg

RACING STRIPES

Ein fyndnasta mynd ársins er komin í verslanir á DVD með íslensku og ensku tali.



Frábær mynd með ógleymanlegum persónum fyrir alla fjölskylduna. Fullur diskur af aukaefni.

TRYGGÐU ÞÉR EINTAK STRAX Í DAG!

SAMMYNDIR

FRÉTTIR AF FÓLKI

Cameron Diaz hefur lýst því yfir að bestu verðlaunin sem hún hafi fengið séu þau sem hún fékk fyrir að vinna ropkeppni. Leikkonan tók þátt í ropkeppni í sjónvarpinu. „Ég vann einu sinni Nickelodeon-ropkeppni í litlum sjónvarpsþætti. Ég glepti heila dósi af Diet Coke áður en ég fór á svið og svo bara „rooop“. Ég held að þetta séu bestu verðlaunin sem ég hef nokkurn tíma unnið,“ sagði leikkonan stolt.

Christina Aguilera er að plana brúðkaupid sitt og Jason Bateman sem haldið verður í næsta mánuði. Söngkonan segir að einungis nánir vinir og fjölskylda verði viðstödd athöfnina og að brúðkaupið verði alls ekki of viðamikil. „Þetta verður svona ekta helgarbrúðkaup. Hvert kvöld verður með þema og ég held þetta verði töfrum þrungid allt saman,“ sagði Christina ánægð.

Emma Bunton segist vera orðin of gömul til að klæðast minípilsu. „Ég ætla aldrei að klæðast minípilsu aftur. Ég hata tímaritin þar sem maður sér myndir af einhverjum að stíga út úr bíl og þeir hafa dregið hring utan um smá appelsínuhúð sem sést á myndinni. Ég yrði miður mín ef þetta kæmi fyrir mig,“ sagði hún. „Ég ætla því að halda mig við gallabuxur núna. Barnakryddið er liðin tíð. Ég er orðin of gömul fyrir þessa litlu búninga og mér liður ekki vel í þeim lengur.“

Pink segist myndu vilja tálðraga **Kelly Osbourne**. Söngkonan, sem er trúlofuð mótörhjólátöfaranum Carey Hart, segist vera þínu skotin í dóttur Ozzy Osbourne. „Ég held að Kelly sé gagnkynhneigð en hún er samt afar kynþokkafull. Ég væri til í að borða hana upp til agna,“ sagði Pink.

NÚ ER
ÞAÐ ÓDÝRT!

ÓDÝRAR, ÓSAMSETTAR INNRETTINGAR

eldhús • bað • fataskápar • þvottahús

15% AFSLÁTTUR



Horizon/3000

VERÐ FRÁ KR.

~~299.400~~

254.490

AF HORIZON/3000 – LÁRÉTT OG LÉTT

Ný hönnun frá HTH sem einkennist af fallegum ávölum gripköntum á skápum og skúffum. Innréttingarnar eru klæddar hvíttri slitsterkri filmu og hönnunin undirstrikar fegurðina í einföldu samspili hvítra eininga og viðaráferðar. Nú er einstakt tækifæri að eignast þessa glæsilegu innréttingu með 15% AFSLÆTTI.

**Aðeins 15 innréttingar í boði.
Fyrstur kemur – fyrstur fær!**

Lítu inn í HTH Smáralind og sjáðu úrvalið af fallegum innréttingum sem þú getur auðveldlega sett saman.



Dekor Hvid Bog/0600

VERÐ FRÁ KR.

91.080



Dekor Kastanie/0800

VERÐ FRÁ KR.

186.100



**FRÍSTANDANDI
FATASKÁPAR**
Settu það saman línan okkar hefur einnig að geyma frístandandi fataskápa í mörgum breiddum sem auðvelt er að setja saman á margvíslegan hátt. Þannig finnur þú ávallt það sem hentar þér.

Model 0600

VERÐ KR.

18.811



Smekklegt og hvítt.

VERÐ FRÁ KR.

189.900



VERÐ FRÁ KR.

156.020



VERÐ KR.

68.736



VERÐ KR.

59.330

BJÓÐUM FRÁBÆRT ÚRVAL AF VÖNDUÐUM INNRETTINGUM Í ELDHÚSIÐ OG BAÐHERBERGIÐ ÁSAMT FATASKÁPUM Í SVEFNHERBERGI OG GEYMSLUR.

Enginn (eða mjög stuttur) afhendingarfrestur er á innréttingunum svo þú getur bara tekið þær með þér heim.



Átta gerðir af skápahurðum á lager.

ATH!! Teikniforritið finnur þú á heimasíðu okkar: www.gds-hth.dk

Baðinnrétting

36.696

Á myndinni er eftirfarandi innifalið í verðinu:
Skápar, borðplötur með vaski, spegill, og handföng. Verð á handklæðahengi, blöndunartækjum og ljósum er ekki innifalið. Öll verð eru með vsk.

Settu það saman og notaðu afganginn í AEG eldhústækin!

AEG heimilstæki á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI þegar keypt er HTH innrétting.



SETTU ÞAÐ SAMAN



ORMSSON

ORMSSON • SMÁRALIND

Opið virka daga frá 11-19, laugardaga frá 11-18 og sunnudaga frá 13-18. Sími 530 2900

FRÉTT VIKUNNAR - ÖRN ÁRNASON ÓTTAST VEÐURFARSBREYTINGAR Í HEIMINUM

Eitthvað dularfullt í gangi

„Það sem ég var að furða mig mest á í vikunni var þessar veðurfarsbreytingar,“ segir Örn Árnason leikari spurður um frétt vikunnar.

„Það er oft gaman að glugga í Öldina okkar og sjá eitthvað um mannskaða-veður eða snjókomu um miðjan júlí en ég man ekki eftir svona fellibyljum og fleiri hundruðum þúsunda að missa heimilin sín. Þetta er að mínu mati óhyggjandi sönnun þess að það er eitthvað að gerast í umhverfi okkar,“ segir Örn. „Við verðum að fara að gera eitthvað nema það sé orðið of seint. Kannski verðum við bara að hanga í lestinni eins og þegar maðurinn fann upp vopnið. Þá þurftu hinir að verja sig

og koma með einhver viðbrögð. Ég held að það sé eitthvað dularfullt í gangi,“ segir hann.

Örn sér þó jákvæðar hliðar á þessum veðurfarsbreytingum. „Ég vona að þær séu gæfuríkar fyrir Íslendinga, alla vega meðan ég hangi á jörðinni. Ég sé fyrir mér að pallurinn minn komi að góðum notum og ég get farið og sett sólhús-gögnin út í febrúar,“ segir hann og hlær.

Hvað varðar fleiri fréttir segist Örn vera hræddur við hryðjuverkamenn. „Það stendur verri ógn af þeim heldur en veðurfarinu. Þeir vekja hjá manni kenndir sem eru óþægilegar og maður staldrar aðeins við áður en maður ákveður að ferðast um heiminn.“

ÖRN ÁRNASON Örn óttast veðurfarsbreytingar í heiminum en vonar að þær verði gæfuríkar fyrir Íslendinga.

**Fatastíllinn breyttur**

Nicole Richie virðist vera hætt að vera glamúrdúkka sem klæðist eingöngu bleiku eða gullituðu eins og fyrrverandi vinkona hennar Paris Hilton. Hún er að skipta um stíl og svo virðist sem hún sé jafnvel að verða fullorðin. Þó svo að hún sé



orðin heldur grónn miðað við hvernig hún var þá er fatastíllinn að breytast til hins betra. Hún mætti í TRL þáttinn á MTV afar smekklega klædd. Í svörtu vesti, töff buxum við og með

glansandi lakk-hárspöng í hárinu sem var mjög svo í anda sjöunda áratugarins sem er svo vinsæll um þessar mundir. Eitt er víst og það er að ef haldin yrði keppni á milli hennar og Paris Hilton um glæsilegasta stíllinn þá myndi Richie mala hótelerfingjann rækilega.

QUENTIN TARANTINO


Virtist þreyttur eftir flugferðina en hrökk strax í girinn og reytti af sér brandarana á blaðamannafundinum.

**Tarantino er búinn að vera 10 ár á leiðinni**

Bandarísku kvikmyndaleikstjórnarnir Quentin Tarantino og Eli Roth komu til Íslands í gær af því tilefni að í kvöld verður nýjasta hryllingsmynd þess síðarnefnda, Hostel, heimsfrumsýnd í Reykjavík. Leikstjórnarnir sátu fyrir svörum á blaðamannafundi í gær ásamt tveimur aðalleikurum myndarinnar, Eyþóri Guð-

jónssyni og Derek Richardson. Roth og Tarantino voru í banaustuði og Tarantino reytti af sér brandara hægri og vinstri og upplýsti það að Eli hefði sagt sér að á Íslandi ynnu ofurfyrirsætur á McDonald's.

Eli er sannkallaður Íslandsvinur og er að koma hingað í fjórða skipti. Hann kom hingað



ÍSLEIFUR ÞÓRHALLSSON, QUENTIN TARANTINO OG ELI ROTH Voru í hörkustuði á blaðamannafundi í gær.

fyrst þegar hann var nítján ára gamall og var í sveit í nokkrar vikur á Ingólfshvoli í nágrenni Selfoss. Þar fékk hann hugmyndina að hryllingsmyndinni Cabin Fever sem hann sló óvænt í gegn með árið 2002. Eli segir að hann hafi einnig gert Hostel undir sterkum íslenskum áhrifum og hann hafi því látið eina aðalpersónuna vera Íslending. Eli kynntist Eyþóri, sem leikur íslenska stuðboltann Óla, þegar hann kom hingað að kynna Cabin Fever. Það fór vel á með þeim og hann fékk Eyþór til að leika Óla. „Við unnum persónuna í sameiningu en gerðum hann enn klikkaðari en Eyþór sjálfur er,“ segir Eli, sem hælir Eyþóri í hástert og segir það alltaf ánægjulegt þegar besti maðurinn sem hægt sé að hugsa sér í tiltekið hlutverk sé einnig skemmtilegur og verði vinur manns.



Tarantino heillaðist af Cabin Fever og hann hefur verið Eli innan handar síðan og segist afskaplega ánægður með að vera kominn með honum til Íslands. „Ég veit ýmislegt um Ísland en mest af því hef ég frá Hebu Þórisdóttur sem vann með mér við gerð Kill Bill. Ætli mig hafi ekki langað að koma hingað í svona tíu ár,“ segir Tarantino og rifjar svo upp Íslandstengingu sem hann laumaði inn í Kill Bill. „Heba gaf mér einhvern tíma flösku af Svarta dauða, þessum gamla góða með haukúpinni og hattinum. Þegar Michael Madsen kom í heimsókn til mín til að ræða persónu hans í Kill Bill bauð ég honum staup.“ Eftir að flaskan hafði gengið á milli þeirra dágóða stund stakk Madsen upp á því að persóna hans drykki íslenskan snafs í myndinni og það varð úr. „Ég lét hann líka segja það við Daryl Hannah að hann vildi fá milljón dollara fyrir Hattori Hanzo-sverðið sitt vegna þess að það mætti kaupa helling af íslenskum snafs fyrir þá upphæð. Þetta var svo klippt út úr myndinni.“

Tarantino sagðist aðspurður ekki leggja mikið upp úr því að framleiða bímyndir. „Ég nenni sjaldan að framleiða. Ef ég er að gera myndir á annað borð vil ég leikstýra þeim. En af og til koma vinir mínir til mín með frábærar hugmyndir sem ég verð spennur fyrir og þá er sjálfsagt mál að leggja fólki lið. Þá kem ég líka í þetta af fullum krafti. Mér finnst Hostel frábær mynd. Ég get að vísu ekki sagt það en hún er besta myndin sem ég hef séð á þessu ári.“ Tarantino bætir því svo við að hann sé orðinn tvísaga í þessu máli þar sem hann hafi marglýst því yfir í fjölmiðlum að Sin City sé besta mynd ársins. „Ég get auðvitað ekki sagt þetta þar sem ég teng-

ist báðum þessum myndum en þetta er satt.“

Hostel er önnur kvikmynd Elis og sem fyrr heldur hann sig við hryllinginn þó hann skilji ekkert í því hvaðan óhugnanlegar hugmyndir hans séu sprottnar. „Ég átti góða æsku og foreldrar mínir eru frábærir. Ég varð ekki fyrir neinum áföllum. Ég held að ef ég hefði alist upp við ofbeldi og hrylling væri ég örugglega að gera rómantískar gamanmyndir. En þar sem ég ólst upp í öryggi bandarísku úthverfis dettur mér endalaust einhver viðbjóður í hug. Ég veit ekki hvaðan þetta kemur og hvers vegna þetta gerjast í kollinum á mér en ég held að eina leiðin til að losna við þetta sé að menga líf annarra og trufla svefn fólks með því að gera hryllingsmyndir.“

thorarin@frettbladid.is



Eldsteikt er ekta!

Helgar SPRENGJA



Whopper máltíð á **499-**

Gildir 12.-13. nóvember



Smáralind • ESSO Ártúnshöfða • ESSO Fossvogi
Bílalúga á Ártúnshöfða og í Fossvogi



HUGSABU STÓRT **SMÁRA BÍÓ** Sími 564 0000

blaðið FM 957

Þetta var hið fullkomna fri þangað til þau fundu fjársjóðinn!
Sjódheitt spennumynd með ofurtóffaranum Paul Walker og hinni stórglæsilegu Jessicu Alba.

INTO THE BLUE
Sýnd kl. 3, 5.40, 8 og 10.20 Sýnd í Lúxus kl. 3, 5.40, 8 og 10.20 B.i. 14 ára

In Her Shoes
Sýnd kl. 3, 5.30 og 8

Z
Sýnd kl. 2, 5, 8 og 10.45 B.i. 12 ára

Africa United
Sýnd kl. 6

Transporter 2
Sýnd kl. 2 og 4 með íslensku tali. Sýnd kl. 10.40 B.i. 16 ára

DC Dolby SDDS Son System Digital Surround THX BÍÓ.IS – allt á einum stað

REGNBOGINN Sími 551 9000

blaðið FM 957

Þetta var hið fullkomna fri þangað til þau fundu fjársjóðinn!
Sjódheitt spennumynd með ofurtóffaranum Paul Walker og hinni stórglæsilegu Jessicu Alba.

INTO THE BLUE
Sýnd kl. 3, 5.40, 8 og 10.20 B.i. 14 ára Sýnd kl. 10.30 B.i. 16 ára

In Her Shoes
Sýnd kl. 3, 5.30 og 8

3 BÍÓ Á ADEINS 400 KR.

OKTÓBERBÍÓFEST
www.icelandfilmfestival.is 26. október -14. nóvember

Murderball • Sýnd kl. 2	Angela Shelton • Sýnd kl. 6
Enskt tal	Enskt tal
Rock School • Sýnd kl. 2	Site Specific • Sýnd kl. 6
Enskt tal	Enskt tal
Me You and Everyone I Know • Sýnd kl. 4	Kung Fu • Sýnd kl. 8
Enskt tal	Enskur texti
On a Clear Day • Sýnd kl. 4	Crónicas • Sýnd kl. 10.30
Enskt tal	Spænskt tal / enskur texti
Drawing Restraint 9 • Sýnd kl. 8	The Aristocrats • Sýnd kl. 10
Enskur texti	Enskt tal

bara lúxus **LAUGARÁS BÍÓ** Sími 553 2075

Þeir voru leiddir í gildru...
NO ÞARF EINHVER AÐ GJALDA!

TOPP MYNDIR Á ÍSLANDI Í TVÍER VIKUR

FOUR BROTHERS
Sýnd kl. 3, 5:30, 8 og 10:20

Z
Sýnd kl. 12:30, 3, 5:30, 8 og 10:20

DOOM
Sýnd kl. 5:30 og 8

THE DESCENT
Sýnd kl. 10

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS - ADEINS 400KRI!
ATH: SÝNINGAR MEIKTAR MÍÐ NAUÐU

FRÉTTIR AF FÓLKI

Systir leikarans Toms Cruise hefur hætt störfum sem fjölmiðla-fulltrúi hans. Aðeins tuttugu mánuðir eru liðnir síðan hún tók við starfinu af fulltrúa bróður síns til fjölda ára, Pat Kingsley. Í stað hennar hefur Cruise ráðið náunga hjá fyrirtæki sem hefur stjórnað á borð við John Travolta, Sylvester

Stallone og Beckham-hjónin á sínum snærum. Systir Cruise, sem heitir Lee Ann DeVette, mun núna einbeita sér að góðgerðarstarfi Cruise.

Leikkonan Kate Hudson hefur höfðað mál gegn fimm dagblöðum og tímaritum sem birtu myndir af henni þar sem því var haldið fram að hún þjást af átröskun. Hudson er æfareið yfir fréttunum og myndunum sem fylgdu með og segir að hún hafi alls ekki átt við átröskun að stríða.



Kántristjarnan Kenny Chesney segist ekkert vera sorgbitinn yfir endalokum hjónabands hans og leikkonunnar Renee Zellweger, sem stóð yfir í aðeins fjóra mánuði. Hann segir að þessi reynska hafi kennt sér hvernig hann eigi að verða ástfanginn. „Það hefði verið slæmt ef við hefðum ekki hist. Hún er yndisleg. Ég vil ekki vorkenna sjálfum mér. Ég er bara mjög heppinn og þakklátur,“ sagði hann.



Shar Jackson, fyrrum kærasta Kevins Federline, eignamans Britney Spears, segir að Federline þurfi ekki að borga henni meðlag vegna barnanna þeirra tveggja. Þess í stað vill hún að hann eyði meiri tíma með börnunum. „Ég er mjög sjálfstæð kona. Ef ég vildi meðlag væri það auðvelt mál. Það eina sem ég vil frá Kevin er að hann eyði tíma með börnunum,“ sagði Jackson. Hún sagðist þó aldrei getað fyrirgefið honum fyrir að yfirgefa sig meðan hún gekk með annað barn þeirra.

Leikarinn Robert Downey Jr. hefur líkt baráttu sinni við áfengið og fíkniefna-djöfulinn við mús sem er að drukkna í fiskabúri. Downey hefur verið allsgáður í eitt ár eftir að hafa barist við vímuefnamisnotkun í fjölmörg ár og þurft að dýsa tvisvar sinnum í steininum.



Af harmkvælamanninum Ivan

KVIKMYNDIR

[UMFJÖLLUN]

„Einu sinni var maður í Ús-landi. Hann hét Job. Hann var maður ráðvandar og réttlátur, guðhræddur og grandvar.“ Svona hefst Jobsbók í Biblíunni en hún er eitt magnaðasta ritverk hinnar heilögu bókar og lýsir ótrúlegri þrautagöngu Jobs þegar djöfullinn reynir að fá hann til að formæla Guði.

Það er vissulega hægt að horfa á kvikmyndina Epli Adams og leiða hjá sér þessa vísun í Biblíuna en til þess að skilja myndina til fullnustu verðum við að opna Gamla testamentið og fletta upp á Jobsbók. Leikstjóranum og handritshöfundinum Anders Thomas Jensen hefur tekist að skapa mjög skemmtilegar persónur sem byggðar eru á þessari fornu helgisögn um þjáningu mannsins. Kvikmyndatökan og tónlistin með eindæmum skemmtileg en þessi tvö atriði eru í stíl við söguþráðinn, allt notað sem hefur virkað í gegnum aldirnar. How Deep is Your Love? kemur við sögu á einstaklega skemmtilegan hátt og vísar í trúarlegt umhverfi myndarinnar. Leikurinn er nánast óaðfinnalegur og leikstjórninn í traustum höndum.

Epli Adams er leikur að góðsögnunum. Meira að segja Guð birtist í stormviðrinu líkt og í sögunni um Job. Nýnasistinn Adam (ekki halda að nafnið sé einhver tilviljun) kemur á prestsetrið þar sem hinn góðhjártaði séra Ivan ræður ríkjum. Hann er ekki alveg að ná þessari ótakmörkuðu góðmennsku sem klerkurinn býr yfir í ljósi þess að hann var misnotaður í æsku, konan hans framdi sjálfsmorð, strákurinn



OKTÓBERBÍÓFEST

Adams / EBLER

Leikstjóri: Anders Thomas Jensen
Aðalhlutverk: Mads Mikkelsen, Thomas Villum Jensen og Nicolas Bro
Niðurstaða: Adams / Ebler á heima í almennum sýningum með íslenskum texta því hún sameinar allt sem þarf að þróa góða mynd: frábæran leik, meinfyndið handrit og sögu sem við þekkjum öll.

hans er lamaður og sjálfur er hann með krabbamein í heila. Hann er Job holdi klæddur í nútímanum og Adam djöfullinn sem freistar hans en bjargar einnig þegar honum verður ljóst hvað hann hefur gert.

Það er hálfgerð synd að mynd í þessum gæðum skuli vera sýnd án texta en vonandi verður þar brag-arbót á því hún á fyllilega heima í almennum sýningum fyrir alla. Anders Thomas Jensen notfærir sér þær goðsagnir sem hann þekkir og býr til meinfyndna mynd um Job og ótrúlegar raunir hans.

„Þú verður að taka fyrsta skrefið svo ég geti gefið þér 4.076.880 kr.“*

Mótframlagið þitt

Viðbótarlífeyrissparnaður hefur fjölmarga kosti. Sá helsti er þó líklega mótframlagið þitt sem þýðir að þú færð greitt fyrir að spara. Komdu þér í samband við mótframlagið þitt strax í dag í 410 4000 eða á landsbanki.is.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Lífeyrissparnaður Landsbankans

*Mótframlag fyrir skatt við 60 ára aldur, m.v. 30 ára einstakling með 250.000 kr. í mánaðarlaun. Lokainneign fyrir skatta 12.230.639 kr.

HÁDEGISBÍÓ - 400 KR. MÍDAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI **3 BÍÓ** - 400 KR. MÍDAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 3 UM HELGINA Í HÁSKÓLABÍÓ

ÁLFABAKKI	KEFLAVÍK	KRINGLAN
ELIZABETH TOWN KL. 5.30-8-10.30 ELIZABETH TOWN VIP KL. 8-10.30 LITLI KJÚLLINN KL. 2-4-6 LITLI KJÚLLINN VIP ísl. tal KL. 2-4-6 CHICKEN LITTLE enskt tal KL. 2-4-6-8-10.30 TIM BURTON'S CORPSE BRIDE KL. 2-4-6-8-10.30 KISS KISS BANG BANG KL. 10.30 FLIGHTPLAN KL. 8.15 WALLACE & GROMIT ísl. tal KL. 2-3-30 WALLACE & GROMIT enskt tal KL. 4 THE 40 YEAR OLD VIRGIN KL. 6 VALIANT ísl. tal KL. 1.50	LITLI KJÚLLINN ísl. tal KL. 2-4-6 DOOM KL. 8-10 WALLACE & GROMIT ísl. tal KL. 2-4 PERFECT CATCH KL. 6-8 THE HISTORY OF VIOLENCE KL. 10 AKUREYRI LITLI KJÚLLINN ísl. tal KL. 2-4-6 TWO FOR THE MONEY KL. 8-10 WALLACE & GROMIT ísl. tal KL. 2-4 FLIGHTPLAN KL. 10 VALIANT ísl. tal KL. 6	CHICKEN LITTLE enskt tal KL. 6-8-10.10 LITLI KJÚLLINN ísl. tal KL. 12-1-2-4-6 TWO FOR THE MONEY KL. 8-10.30 KISS KISS BANG BANG KL. 6-8.15-10.30 WALLACE & GROMIT ísl. tal KL. 12-4 VALIANT ísl. tal KL. 2 SKY HIGH KL. 4

ALFABAKKI | 587 8900 KRINGLAN | 588 0800 AKUREYRI | 461 4666 KEFLAVÍK | 431 1170



SIGUR RÓS Hljómsveitin Sigur Rós hefur ekki undan því að koma fram í frægum erlendum sjónvarpsþáttum.

Sigur Rós hjá O'Brien

Hljómsveitin Sigur Rós mun koma fram í skemmtiþætti Conans O'Brien á bandarísku sjónvarpsstöðinni NBC þann 8. febrúar næst komandi.



CONAN O'BRIEN O'Brien er einn þekktasti spallþáttastjórnandi heims.

uppi um að Conan muni taka við af kvöldþætti Jays Leno á NBC árið 2009 en þáttur Conans, sem er sýndur á eftir Leno, hefur notið mikilla vinsælda undanfarin ár.

Fyrsta smáskífan af plötunni Takk, Hoppípolla, kemur út í Bretlandi þann 28. nóvember. Á B-hlið skífunnar er lagið Blóðnasir, auk tíu mínútna hljóðversupptöku af Hafssól, sem var samið fyrir tíu árum en hefur tekið miklum breytingum síðan þá.

Sigur Rós kom fram í þætti Jools Holland í breska ríkissjónvarpinu, BBC, í gærkvöldi þar sem sveitin söng Hoppípolla og Blóðnasir. Einnig komu fram í þættinum John Cale, fyrrum meðlimur Velvet Underground, Santana og Sheryl Crow.

Moss er gáfuð og frábær stúlka

Leikarinn og hjartaknúsarinn Johnny Depp stendur fast við bakið á fyrrverandi kærustu sinni, ofurfyrirsetunni Kate Moss. Hann segir að komið hafi verið illa fram við hana eftir að myndir birtust af henni sniffandi kókain.

„Kate á að fá að lifa lífinu eins og hún vill. Umfjöllunin um hana var mjög óréttlát. Hún var dregin í svaðið. Hún er ekki að fara í framboð og hún ætlar ekki að verða næsti Messías,“ sagði Depp. „Hún er ekki að reyna að vera fullkomin heldur er hún bara venjuleg manneskja. Enginn er fullkominn. Við erum öll gölluð á einhvern hátt,“ sagði hann og bætti við: „Hún er enginn vitlæsingur. Hún er mjög gáfuð og frábær stúlka og mér þykir mjög vænt um hana.“

Depp og Moss voru saman í fjögur ár, þar til upp úr slitnaði árið 1998. ■



JOHNNY DEPP Hjartaknúsarinn stendur fast við bakið á fyrrverandi kærustu sinni.

Þriðja sérvitra eplið

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Þessi stelpa er búin að vera í tilvistarkreppu í lengri tíma. Hefur ekki náð að koma út plötu núna í sex ár. Ástæðurnar eru nokkrar, þar á meðal nokkurra ára ósætti milli hennar og útgefandans. Maður hefur svo sem alltaf fengið á tilfinninguna að hún Fiona Apple sé ekki alveg sú auðveldasta að vinna með. Virkar mjög ákveðin og pirruð stúlka. Og þannig er tónlist hennar líka.

Fiona er án efa sér á báti. Djúp rödd hennar er nægilega mikið séreinkenni til þess að kljúfa hópa í áltí. Sem lagasmiður er hún líka mjög sérstök. Á þessari þriðju plötu sinni er hún mjög djössuð, kys frekar hljómaganga sem rugla mann stundum í ríminu og forðast grípandi laglínur eins og heitan eldinn. Eitt lagið, Please Please Please, fjallar meira að segja um það hversu tilgangslaust það sé að semja popplög sem búið sé að semja milljón sinnum hvort eð er.

Þetta veldur því að tónlist hennar krefst meiri athygli af hlustendum hennar og þolinmæði þannig að lögin nái að sökkva inn. Stundum minna lög hennar mig á tónlist Frank Zappa, sem ég hef alltaf átt erfitt með að skilja. Held að það sé alveg bókað mál að stelpa sé undir miklum áhrifum frá honum. Helsti



FIONA APPLE: EXTRAORDINARY MACHINE

Niðurstaða:

Fiona Apple rýfur sex ára útgáfubögn með metnaðarfullri og vandaðri plötu. Stundum erfið áhlustunar og þetta epli er bókað ekki ætlað öllum.

galli hennar er líklegast að lögin eiga það til að vera heldur einsleit. Þau eiga líka bókað eftir að skipta fólki í tvo hópa. Í annan fara þeir sem líkar við þetta og hinum þeir sem finnst þetta hundleiðinlegt.

Textar Fionu eru svo jafn mikilvægir og restin. Hún er líka afbragðs textahöfundur. Þungir þankar um lífið, ástina og tilveruna.

Þessi plata lak á netið fyrir löngu, og það var orðrómur á kreiki um að platan þætti of ósóluleg fyrir útgáfu. Hún er það alveg á köflum og vissulega svoltið erfið. En hæfileikar Fionu skína í gegn.

Nú er það þara spurning hvort ykkur finnst hún skemmtileg eða ekki. Mér finnst hún bara svona lala.

Birgir Örn Steinsson

3 BÍÓ - 400 KR. **HÁDEGISBÍÓ - 400 KR.**

Sýnd kl. 3 með íslensku tali Sýnd kl. 3 Sýnd kl. 12 með íslensku tali Sýnd kl. 12 með íslensku tali

3 BÍÓ 400 KR. MÍDAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 3 UM HELGAR Í HÁSKÓLABÍÓ, LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA.

HÁDEGISBÍÓ 400 KR. MÍDAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 12 UM HELGAR Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI, LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA.



Ivar mun gefa kost á sér

Knattspyrnumaðurinn Ivar Ingimarsson staðfesti í fréttum Stöðvar 2 í gær að hann hygðist gefa kost á sér í íslenska landsliðið á nýjan leik nú þegar Ásgeir Sigurvinsson og Logi Ólafsson eru horfnir á braut. Eru þetta mikil gleðitíðindi fyrir landsliðið, enda Ivar talinn einn af bestu varnarmönnum í ensku 1. deildinni.

sport
sport@frettabladid.is

ÍSLENSKAR HANDBOLTAKONUR: Hafa það náðugt þessa dagana

Tveggja mánaða frí hjá stelpunum

Íslenskar handboltakonur munu væntanlega ekki sligast undan álagi á næstunni enda eru þær farnar í tveggja mánaða frí frá DHL-deildinni en elstu menn muna vart annað eins hlé í deildakeppni á Íslandi. Stærsta ástæðan fyrir hléinu er þátttaka kvennalandsliðsins í undankeppni EM sem fram fer á Ítalíu í lok mánaðarins.

Síðasti leikur Íslands í mótinu er reyndar 27. nóvember og því vekur það athygli af hverju næsti leikur í DHL-deild kvenna sé ekki fyrr en 7. janúar.

„Það hefði verið mögulegt að spila eina eða tvær umferðir í

desember en eftir að hafa farið yfir málið með mótanefndinni og þjálfurum þá var ákveðið að gera það ekki,” sagði Róbert Geir Gíslason, starfsmaður mótanefndar HSÍ, við Fréttablaðið í gær en af hverju þessi langa hvíld?

„Að taka mánaðarhlé, spila tvær umferðir og fara svo aftur í mánaðarhlé var ekki eitthvað sem þjálfararnir voru hrifnir af.”

Margir hafa furðað sig á þessari löngu

hvíld og þeir sem gagnrýna hana hvað mest hafa látið að því liggja að það sé bölvuð leti í stelpunum og þjálfurum sem sé ástæðan fyrir þessa veglega jólafríi ef svo má segja. Róbert segir aftur á móti að „þjálfraðilegar“ ástæður liggja að baki ákvörðuninni en hvað þýðir það eiginlega?

„Það er mjög erfitt að fá liðin upp á tærnar aftur. Þú ert að halda liði þínu léttu í mánuð með æfingum og spilar tvo leiki og svo þarftu að halda því aftur léttu um jólin til að spila í janúar. Með þessu móti er hægt að vera í grunnæfingum fram í desember og svo kemur liðið bara sterkara til leiks í janúar,” sagði Róbert sem hefur engar áhyggjur af því að þessi langa hvíld komi niður á stemningunni fyrir mótinu.



> Champions farinn frá KR

Körfuknattleiksdeild KR og Bandaríkjamadurinn Ashley Champion hafa komist að samkomulagi um að leikmaðurinn fari frá félaginu. Champion hefur átt við slæm meiðsli í ökkla að stríða og fyrirhugað var að hann yrði frá keppni í nokkrar vikur. KR-ingar máttu ekki við því og var ákveðið að leysa hann af með nýjum erlendum leikmanni. Í fréttatilkynningu frá KR kemur fram að brotthvarf Champions sé í mesta bróðerni beggja aðila og leit að eftirmanni hans sé þegar hafin.



TIGER WOODS Woods hefur leikið ágætlega í Shanghai en þarf þó að taka sig á ef hann ætlar að vinna mótið.

HSBC-golfmótið í Shanghai:

Breskir kylfingar í sérflokki

GOLF Nick Dougherty og David Howell, sem báðir koma frá Englandi, eru efstir og jafnir á HSBC meistaramótinu í Shanghai en þeir hafa leikið á tólf höggum undir pari vallarins. Tiger Woods, sem er tekjuhæsti íþróttamaður heims, er í öðru sæti á tíu höggum undir pari.

Dougherty var að vonum ánægður með stöðuna í mótinu en sagði þó ekki hægt að fagna neinu ennþá. „Ég hef komst í gegnum hringina tvo án þess að spila braut á yfir pari og ég er virkilega ánægður með það. Ég er hins vegar meðvitaður um að það eru frábærir kylfingar í þessum hópi sem vel geta náð okkur, ef við höldum ekki okkar striki.“ -mh

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER

9 10 11 12 13 14 15

Laugardagur

LEIKIR

- 16.15 Fram og Þór mætast í DHL-deild karla í handbolta í Safamýrinni.
- 17.00 Afturelding og Víkingur/Fjölnir eigast við í DHL-deild karla í handbolta í Mosfellsbænum.

SJÓNVARP

- 08.30 Bandaríska mótaröðin í golfi á Sýn.
- 08.55 Ítölsku mörkin á Sýn.
- 09.20 Ensku mörkin á Sýn.
- 09.50 Spænsku mörkin á Sýn.
- 10.15 X-Games 2005 á Sýn.
- 11.10 A1 kappaksturinn á Sýn.
- 12.35 NBA körfuboltinn á Sýn.
- 14.25 Austfjarðatröllið á RÚV.
- 15.10 Prekmeistarinn á RÚV.
- 15.45 Handboltakvöld á RÚV.
- 16.05 Íslandsmótið í handbolta á RÚV.
- 16.35 Vínáttulandsleikur í knattspyrnu á Sýn. Leikur Englands og Argentínu.

Hótar að draga lið ÍR úr keppni í Íslandsmótinu

Hólmgeir Einarsson, stjórnarmaður í handknattleiksdeild ÍR, er ekki sáttur við vinnubrögð mótanefndar HSÍ sem hafnaði beiðni hans um seinkun á leik. Hólmgeir hótar róttækum aðgerðum.

HANDBOLTI Í gær gaf mótanefnd HSÍ það út að hún myndi ekki verða við beiðni ÍR um að seinka leik félagsins gegn ÍBV þann 17. desember næstkomandi. Fjórir leikmenn ÍR verða í prófi í háskólanum á sama tíma og leikurinn fer fram og því sóttir ÍR um að leiknum yrði seinkað um einn dag eða til sunnudagsins 18. desember. Stjórn ÍR hafði enn fremur rætt málið við forystumenn ÍBV og þeir höfðu samþykkt að spila leikinn 18. desember. Mótanefndin tók sér þrjár vikur í að svara erindi ÍR-inga og Hólmgeir Einarsson, sem haldið hefur uppi handboltalífínu í Breiðholti til fjölda ára, var foxillur þegar hann heyrði af ákvörðun nefndarinnar.

„Þetta er alveg ótrúlegt. Ég á ekki til orð. Það er ekki hægt að vinna með þessum mönnum. Ef þessum dómi verður ekki hnekktt þá mun ég leggja það fyrir handknattleiksdeild ÍR að við drögum liðið úr keppni í Íslandsmótinu,” sagði Hólmgeir mjög reiður en honum finnst niðurstaða nefndarinnar óskiljanleg.

Hann furðar sig ekki bara á niðurstöðunni heldur líka vinnubrögðunum en eins og áður segir fékk hann ekki svar við beiðninni fyrr en þrem vikum eftir að hann lagði inn sitt erindi. Ástæður höfnunarinnar eru Hólmgeiri einnig hulin ráðgáta enda sér hann ekkert því til fyrirstöðu að seinka leiknum.

„Þetta er síðasti leikurinn fram í febrúar og ekkert sem mælir gegn því að seinka þessum leik um einn dag enda skarast hann ekki við neinn annan leik eða annað. Hópurinn okkar er ekki mjög stór og við megum ekki við því að vera án þessara leikmanna í leiknum og mér finnst það ansi hart ef ekki er hægt að hafa skilning fyrir námi drengjanna,” sagði Hólmgeir þungur á brún en hann skilur ekki af hverju þetta þarf að vera svona erfitt mál. „Það eru allar forsendur fyrir hendi og meira að segja hitt liðið er til í að seinka leiknum.” Það er margt í þessu máli sem



EKKI KÁTUR Í DAG Hólmgeir Einarsson, handboltakvöldur hjá ÍR, er hundfúll út í mótanefnd HSÍ sem vill ekki seinka leik með ÍR og Hólmgeir mun leggja það til að ÍR dragi lið sitt úr keppni fari svo að dómnum verði ekki hnekk.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hólmgeir furðar sig á og sérstaklega í ljósi þess að mótanefndin hefur beðið ÍR um að seinka leikjum með litlum fyrirvara.

„Þeir báðu mig um að færa leik gegn Selfossi til um daginn vegna þess að þeir áttu ekki til dómara og ég sagði það vera sjálfsagt mál. Í gegnum árin hef ég verið beðinn um að færa til leiki af margvíslegum ástæðum og það hefur aldrei verið vandamál af okkar hálfu. Ég er búinn að standa í þessum bransa lengi og þetta er í fyrsta skipti sem ég

bið um að einhverju verði breytt hjá okkar og þá eru móttökurnar svona,” sagði Hólmgeir sem þarf kannski ekki að grípa til róttækra aðgerða að því er Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, segir.

„Við ætlum að reyna að skoða þetta mál því við höldum að sama stada sé kominn upp hjá öðrum liðum sem eiga að leika á svipuðum tíma. Ef vandamálið er víða hljóta menn að taka málið upp aftur,” sagði Einar.

henry@frettabladid.is



GUÐJÓN ÞÓRÐARSON Búinn að stýra Notts County aftur á beinu brautina.

Guðjón Þórðarson:

Sjálfsstraustið komið aftur

FÓTBOLTI Guðjón Þórðarson, knattspyrnustjóri Notts County, segir að leikmenn sínr séu búnir að endurheimta sjálfsstraustið eftir tvo góða sigra á útivelli í röð.

„Við lékum mjög vel gegn Bristol og eftir góða útleiki er kominn tími til þess að sýna heimamönnum hvað við getum,” sagði Guðjón í spjalli við heimasíðu Notts County en strákarnir hans mæta Cheltenham. „Ég sé að sjálfsstraustið er að koma aftur og við mætum fullir sjálfsstrausts til leiks. Vikan hefur gengið vel og mannskapurinn hefur brugðist vel við á æfingavellinum.” -hbg




BIRGIR LEIFUR Er ekki að spila nógu vel á Spáni.

Birgir Leifur Hafþórsson:

Parf að herða róðurinn

GOLF Skagamaðurinn Birgir Leifur Hafþórsson lék annan hringinn á lokastigi úrtökumótisins fyrir evrópsku mótaröðina á 75 höggum í gær eða þrem yfir pari. Leikið er á Spáni. Birgir Leifur er því samtals á fimm höggum yfir pari og jafn öðrum í 84. sæti.

Skorið er niður á mótinu í 75 kylfinga eftir fjóra daga og því er ljóst að Birgir Leifur má herða róðurinn ætli hann sér að komast áfram í mótinu. Takist honum að verða á meðal á 75 efstu mun hann spila tvo hringi í viðbót og 30 efstu að þeim hringjum loknum munu fá þátttökurétt á evrópsku mótaröðinni. -hbg



Diego Maradona neitar þjálfarastarfi hjá Argentínu:

EKKI tilbúinn til að þjálf

FÓTBOLTI Argentínska knattspyrnugóðsögnin Diego Armando Maradona hefur neitað að taka að sér starf sem þjálfari hjá argentínska knattspyrnusambandinu en forráðamenn sambandsins höfðu vonast til þess að Maradona myndi þiggja starf sem einn af þjálfurum argentínska landsliðs-

ins. „Mér finnst ekki vera rétt af mér að taka þetta starf að mér að svo stöddu. En ég er þakklátur fyrir það að krafta minna sé óskað hjá landsliðinu því það hefur veitt mér meiri ánægju en nokkuð annað. Vonandi verð ég tilbúinn til þess að starfa með landsliðinu í framtíðinni og ef ég tek að mér starf sem þjálfari þá vil ég get gert það vel,” sagði Maradona við fjölmiðla í gær. -mh

DIEGO MARADONA Hefur að undanfögnu starfað sem þáttastjórnandi Argentínu.

Síðasta helgjin!

TOSHIBA



- PSM40E-08D03NED
TOSHIBA SATELLITE M40-238
- Intel® Centrino™ mobile tækni
 - Intel® Pentium® M 740 1.73 GHz (Dothan)
 - 512MB DDR minni (Mest 2048MB)
 - 60GB S.M.A.R.T. drif
 - 15.4" Breiðtjaldsskjár (1280 x 800 upplausn)
 - ATI X600 64MB DDR skjástýring
 - Super DVD Multi brennari - Dual Layer
 - 10/100 Ethernet og V.90 mótdal
 - VGA skjátengi, Sjónvarpsútgangur
 - i.LINK® (IEEE 1394) Firewire, 3x USB 2.0
 - Media Bay kortalesari
 - Harman Kardon víðöma hátalarar
 - 360 x 270 x 25 mm, 2.78 kg
 - Lithium-ion, Allt að 3.7 klst. (Mobile Mark™)
 - Intel® PRO/Wireless 2200 b/g 54Mbps
 - Windows XP Home
 - 2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

Nýtt kortatímabil
Fyrsta greiðsla 1. janúar

15,4"
WIDE SCREEN

Intel Centrino
 Ný útgáfa af Centrino örgjörvanum sem afkastar allt að 22% meira

15.4 Breiðtjaldsskjár
 Sjáðu alla myndina í góðri upplausn en hámarks-upplausn er 1280 x 800 punktar.

FireWire (DV ready)
 Gerir stafræna myndvinnslu að veruleika. Nú er leikur einn að færa myndskleið af stafrænni tökuvel og klippa í tölvunni.

S.M.A.R.T
 Verndar gögnin þín. Með þessari tækni eru gögnin þín öruggari. Lætur þig vita af yfirvofandi bilun harða disksins.

harman/kardon
Harman Kardon hátalarar
 Toshiba hefur notast við Harman Kardon hátalara í sínum fartölvum í gegnum tíðina. Betri hljóm færð þú varla.

***4.154.**

Frábær í leikina!

4.154* Tölvukauplán 48 mán.
11.999** Vaxtalaust 12 mán.
143.988 Staðgreitt

Kaupauki

með Toshiba Satellite M40-238 og Medion Sonoma

Panasonic
 MiniDv videóvél NVGS17B

DV tengi og USB2
 Miklir tengimöguleikar við PC og Apple vélar.

800x aðdráttur
 Með 800x digital og 24x optical aðdrætti nærðu öllum þeim smáatriðum sem þú vilt.

2.5" Litaskjár
 Hágeða LCD litaskjár sem þú snýrð eftir hentugleika. Allar stillingar koma á skjáinn.

FYLGIR* **35.988**



Flottasta tilboð í heimi

MEDION SONOMA

- MEDION C7 SONOMA**
- Intel® Centrino™ mobile tækni
 - Pentium® M 1.73 GHz örgjörvi (740)
 - 15.4" WXGA skjár (1280x800)
 - Nvidia GeForce Go 6200 skjástýring
 - Sjónvarpskort og fjarstýring
 - 1 GB DDR2 minni
 - 80 GB diskur
 - Super DVDRW +/- skrifari "DUAL LAYER"
 - Hátalarar með bassaboxi
 - 54Mbit þráðlaust netkort
 - TV-Out, DVI, Firewire, S/PDIF, Bluetooth
 - MediaBay kortalesari
 - Lithium-ion rafhlaða
 - Þyngd 3 kg

***4.154.**

Fyrsta greiðsla 1. janúar

15,4"
WIDE SCREEN

Öflugt skjákort
 Öll nýjasta tækni s.s. Direct X 9.0, PureVideo™, PCI-Express, CineFX 3.0, UltraShadow II o.fl. tryggir þér bestu spílun í nýjustu leikjunum

Sjónvarpskort og fjarstýring
 Gerir þér kleift að horfa á sjónvarp beint úr tölvunni, taka upp efni til geymslu eða að setja á DVD.

Ný Intel tækni - Sonoma
 Hraðari gagnabratir, meiri stöðugleiki ásamt mun öflugri skjástýringu.

Útskiptanleg skjástýring
 Nú er hægt að skipta um skjástýringu í fartölvunni. Hentar vel fyrir þá sem gera kröfur um hraða og vilja uppfæra fartölvuna þegar nýjar skjástýringar koma á markaðinn.

DV Ready
 Gerir stafræna myndvinnslu að veruleika. Nú er leikur einn að færa myndskleið af stafrænni tökuvel og klippa til.

Frábær í leikina!

BT

4.537* Tölvukauplán 48 mán.
9.999** Vaxtalaust 16 mán.
159.984 Staðgreitt

Panasonic
 MiniDv videóvél NVGS17B

FYLGIR* **35.988**



DAVID BECKHAM Segir tímann eftir rauða spjaldið sem hann fékk á HM '98 hafa verið þann erfiðasta í sínu lífi.

David Beckham:

Erfiðasti tími lífs míns

FÓTBOLTI David Beckham, fyrirliði enska landsliðsins í knattspyrnu, segir tímann sem hann upplifði eftir að hafa fengið rauða spjaldið í leik gegn Argentínu á HM 1998 hafa verið þann versta á sínum ferli. Beckham braut þá kæruleysislega á Diego Simeone og einum fleiri náðu Argentínumenn að tryggja sér sigur gegn Engendingum. Beckham var kennt um tapið og var baulað á hann í Englandi næsta árið á eftir.

„Þetta var án efa minn verstí tími sem fótboltamaður og tók mjög á mig og fjölskyldu mína. En fjórum áður síðar tók ég víta-spyrnumna fyrir England sem sló Argentínu út í HM 2002. Það er sú minning sem ég reyni að hafa ofan á þegar ég leik gegn Argentínu,“ sagði Beckham við enska fjölmiðla fyrir vináttuleikinn í dag.

Leikurinn í dag er sá fimmtugasti sem Beckham er fyrirliði Englands en fimm ár eru síðan hann setti fyrst á sig fyrirliðabandið. „Þetta er minn stærsti heiður og það er ótrúlegt að ég hafi fengið að upplifa það í fimmtíu skipti,“ segir Beckham.

Enskir veðbankar slá á léttu strengi fyrir leikinn gegn Argentínu í dag:

Ekki mikil trú á Crouch

FÓTBOLTI Veðbankar í Englandi eru ekki miklir aðdáendur framherjans hávaxna í enska landsliðinu, Peter Crouch, og bjóða nú upp á möguleika þar sem hægt er að veðja á það hvort hann skori sitt fyrsta mark fyrir landsliðið, áður en hann nær að skora fyrir Liverpool, en Crouch hefur verið einkar seinheppinn upp við mark andstæðingana það sem er leiktíð og á hann eftir að skora mark fyrir lið sitt.

Veðbankarnir telja líklegast að Wayne Rooney og Michael Owen verði á skotskónum í leiknum gegn Argentínumönnum í dag en eru einnig vongóðir um að David Beckham, fyrirliði liðsins, muni ná fram sínu besta en hann hefur verið í fínu formi fyrir Real Madrid að undanfögnu.

Wayne Bridge, vinstri bakvörður Chelsea, mun að öllum líkindum verða í liði Englands í dag þar sem Ashley Cole er meiddur. Bridge, sem á ekki fast sæti í sterku liði Chelsea, vonast til þess að geta tryggt sér sæti í enska hópnum fyrir HM. „Þó að ég sé ekki alltaf í liðinu hjá Chelsea þá tel ég mig nógu góðan til þess að vera í leikmannahópi enska landsliðsins,“ sagði Bridge eftir æfingu.

Englendingar búast við erfiðum leik í dag en lið Argentínumanna þykir sigurstranglegt á HM í Þýskalandi á næsta ári, líkt og enska liðið. Spennandi verður að sjá hverjir verða miðverðir í enska liðinu þar sem fimm sterkir miðverðir berjast um sæti í liðinu, þeir John Terry, Rio Ferdinand, Sol Campbell, Ledley King og Jamie Carragher. Líklegast þykir að Rio Ferdinand byrji leikinn við hlið Johns Terry en Sven Göran Eriksson, þjálfari enska liðsins, segist ekki ennþá vera búinn að gera upp við sig hvaða leikmenn



MÖGULEIKAR VEÐBANKA SKY:

Peter Crouch:

3/1 líkur á því að Crouch nái að skora fyrir England áður en hann skorar fyrir Liverpool.

John Terry:

8/1 líkur á því að Terry fá gult spjald fyrir að brjóta á Hernan Crespo.

Argentína:

66/1 líkur að leikmaður skori með hendinni.

David Beckham:

3/1 líkur á því að Beckham fái gult spjald. 8/1 á því að hann skori úr aukaspyrnu, og 10/1 að hann skori sigurmarkið í leiknum.

England:

7/4 líkur á því að leikmaður liðsins verði rekinn af velli.

Sol Campbell:

50/1 að Campbell skori mark sem dæmt verður af.

PETER CROUCH Englendingar hafa ekki mikla trú á markaskorunarhæfileikum Crouch en telja þó líklegra að hann skori fyrir England áður en hann skorar fyrir Liverpool.

eru hans fyrstu kostir í miðvarðastöðunum.

„Ég get valið á milli margra leikmanna sem eru í heimsklassa. Það er augljóslega erfitt, en þetta er jákvæður vandi fyrir mig og liðið sem ég stjórna,“ sagði Eriksson sem hefur sjaldan verið undir eins mikilli pressu. - mh



HINN NÝI WEMBLEY Mun líta glæsilega út þegar hann verður loksins tilbúinn.

Framkvæmdir á Wembley:

Ekki klár fyrir úrslitin 2006

FÓTBOLTI Framkvæmdum á Wembley-leikvanginum í London verður líklega ekki lokið fyrir úrslitaleik ensku bikarkeppinnar á næsta ári, eins og stefnt var að þegar framkvæmdirnar hófust. Að sögn Micheal Cunnah, umsjónarmanns endurbótanna á Wembley, er ekki enn búið að útiloka þann möguleika á að halda úrslitaleikinn á hinum nýja leikvangi, en að það sé ólíklegt.

„Það er ekki hægt að fullyrða neitt en það er margt sem bendir til þess að við náum þessu ekki. Ef veturinn verður tiltölulega vondur með miklum kulda er engin leið til að ná þessu á tíma,“ sagði Cunnah og stefnt var að þegar framkvæmdirnar hófust. Að sögn Micheal Cunnah, umsjónarmanns endurbótanna á Wembley, er ekki enn búið að útiloka þann möguleika á að halda úrslitaleikinn á hinum nýja leikvangi, en að það sé ólíklegt.

Steve Courson:

Tré felldi fræg-an sterabolta

NFL Fyrrum Super Bowl-meistarinn, Steve Courson, lést á voveiflegan hátt í vikunni þegar tré sem hann var að saga niður féll á hann og varð honum að bana.

